



Árs- og sjálfbærnisráýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2022

Árs- og sjálfbæriskýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2022

Petta er Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Lykilupplýsingar um starfsemi sjóðsins 2022



Fjöldi sjóðfélaga

183 þúsund

Fjöldi launagreiðenda **9** þúsund



Lífeyrисиðgjöld

42,3 milljarðar

Í sameign **39,6** milljarðar

Í séreign **2,7** milljarðar




Nafnávöxtun séreignarsparnaðar 2022

Ævileið I **-7,9%**

Ævileið II **-5,1%**

Ævileið III **1,3%**

Verðbréfaeið **-3,6%**



Dreifing eigna sameignardeildar

Ísland **58%**

Evrópa án Íslands **11%**

Norður-Ameríka **25%**

Aðrir heimshlutar **5%**




57 starfsmenn

Konur 61% / Karlar 39%

8 stjórnarmenn

Félag atvinnurekenda,
Samtök atvinnulífsins
og VR skipa stjórn



Afgreidd lán

36,5 milljarðar

Lánveitingar á árinu **1.329**

Meðalfjárhæð lána **27,4** milljónir




Sameignardeild 2022

raunávöxtun **-11,9%**

5 ára árleg raunávöxtun: **4,9%**

10 ára árleg raunávöxtun : **5,3%**



Yfir **6.000** eignir

í **178** löndum



26,3 milljarðar í lífeyri
til **22** þúsund sjóðfélaga

Eftirlaun **19,3** milljarðar

Örorkulífeyrir **4,6** milljarðar

Maka- & barnalífeyrir **1,3** milljarðar

Séreign **1,1** milljarðar



Samskipti og þjónusta

Símtöl: **21.798**


Heimsóknir: **5.501**

Heimsóknir á sjóðfélagavef: **97.942**

Innlit á vef LV: **185.350**



Eignasamsetning sameignardeildar



Eignasöfn

1.173 milljarðar

Sameign: **1.146** milljarðar


Séreign: **27** milljarðar

Afkoma eignasafna

-41 milljarðar á árinu



Starfsemi LV í fáum dráttum



Starfsstöð Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er í Reykjavík en þjónustan aðgengileg víðar í gegnum öfluga stafræna þjónustu og þjónustuver. Sjóðurinn móttekur iðgjöld, veitir upplýsingar og ráðgjöf, ávaxtar eignir og greiðir lífeyri.

Stóra myndin

Starfsemin varðar afkomuöryggi sjóðfélaga og fjölskyldu hans. Réttindi í lífeyrissjóði eru hluti af ráðningarkjörum starfsfólks. Framlag launagreiðenda til lágmarksframlags er 11,5% en launafólks 4% og til viðbótar er framlag launagreiðenda í séreign allt að 2% á móti allt að 4% framlagi launafólks.

Frá iðgjaldi að lífeyri

Iðgjaldið er ávaxtað á fjármálamörkuðum. Þar fá fyrirtæki fjármögnun til að vaxa og dafna og ráða til sín starfsfólk. Starfsfólk getur þá nýtt launin sín til að afla sér og fjölskyldu sinni matar, húsnæðis og annars sem daglegt líf kallar á. Þau umsvif skapa ríkinu tekjur með sköttum sem fjármagna velferðarkerfið og innviðaupbyggingu samfélagsins.

Aðrar fjárfestingar eru oft á tíðum skuldabréf ríkis og sveitafélaga sem fá þannig fé til fjárfestinga.

Iðgjaldið vex með ávöxtun til lengri tíma og er greitt út í ævilöngum lífeyri. Ævilangur lífeyrir þýðir að sjóðfélaginn þarf aldrei að óttast að tæma sparnaðinn þó hann lifi langa ævi.

Áfallavernd

Við fráfall fer hluti réttinda sjóðfélagans til maka hans og barna. Þau fá greiddan lífeyri og mest rennur til þeirra sem eiga ung börn. Makalífeyrir er greiddur í að lágmarki fimm ár og einnig þar til yngsta barn verður 23 ára, auk barnalífeyris til 20 ára aldurs yngsta barns.

Sjóðfélagi sem missir heilsuna, og getur ekki unnið fyrir sér og sínum vegna sjúkdóms eða slyss og missir tekjur vegna þess, hefur rétt til örorkulífeyris að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Greiðslur eru háðar því sem greitt hefur verið til sjóðsins, hversu

mikið starfsorka er skert og síðast en ekki síst hvort viðkomandi hefur öðlast rétt til framreiknings en þá reiknast örorkulífeyrir eins og sjóðfélagi hafi greitt af sömu launum til 65 ára aldurs. Eftir það tekur við hefðbundinn ævilangur lífeyrir.

Sjóðfélagalán

Sjóðfélagar geta fengið lán til fasteignakaupa hjá sjóðnum. Þegar sjóðurinn lánar út fjármuni sem greiddir hafa verið til sjóðsins, til að standa undir eftirlaunum sjóðfélaga, eru vaxtakjörin miðuð við sambærilega fjárfestingarkosti.

Ævilangur lífeyrir

Ævilangur lífeyrir er hluti launatekna eftir starfslok. Þeim sem vilja auka sparnað sinn býðst góður kostur í valfrjálsum séreignarsparnaði. Sá sem sparar að minnsta kosti 2% launa í séreign fær 2% mótframlag frá launagreiðanda. Þannig tvöfaldast sparnaðurinn um leið og hann hefst. Sparnaðurinn nýtur einnig ákveðins skattahagræðis og má jafnframt nýta til að greiða niður fasteignalán með enn meira skattalegu hagræði og vegna kaupa á fyrstu íbúð.

Til fyrirmyndar

LV hefur áhrif sem stór fjárfestir og sendir þeim skýr skilaboð sem stjórna fyrirtækjum sem fjárfest er í um að sjóðurinn ætlist til góðra stjórnarháttanna og góðra áhrifa á félagslega og umhverfislega þætti. Sjóðurinn beitir sér í samtölum við stjórnendur fyrirtækja og ráðstafar atkvæðum sínum á hluthafafundum með gagnsæjum hætti. Sjóðurinn vill vera fyrirmynd og leiðandi í góðum stjórnarháttum sem hafa góð áhrif á samfélagið til framtíðar.

Á döfinni á liðnu ári

Hér er stiklað á stóru um nokkra atburði og þróun sem varðar starfsemi LV á árinu 2022, bæði í ytra umhverfi og innri starfsemi.

Fjárfestingarumhverfi

Miklar sviptingar urðu í efnahagsþróun og á fjármálamörkuðum á nýliðnu ári, hér á landi og erlendis. Alþjóðlegur hagvöxtur gaf eftir á seinni hluta ársins 2022 eftir sterka viðspyrnu í kjölfar heimsfaraldursins, og efnahagshorfur til næstu ára fóru versnandi.

Sviptingar á fjármálamörkuðum

Versnandi efnahagshorfur, mikil verðbólga og hækkandi fjármagnskostnaður hafði neikvæð áhrif á fjármálamarkaði. Hlutabréf lækkuðu í Bandaríkjunum, Evrópu og nýmarkaðsríkjum og sömuleiðis lækkuðu skuldabréf í verði samhliða hækkandi vaxtastigi.

Ísland fór ekki varhluta af lakari horfum og lækkuðu hlutabréf og skuldabréf í verði á síðasta ári líkt og víða um heim. Á innlendum skuldabréfamarkaði hefur skapast nokkur óvissa í kjölfar tilkynningar Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um hugsanleg slit á ÍL-sjóði. Framvinda þess máls er enn um margt óljós en til skemmri tíma hefur áhættan aukist.

Aukin verðbólga og vaxtahækkanir

Verðbólga fór hratt hækkandi eftir litla verðbólgu og lága vexti á alþjóðavísu undanfarin áratug og hefur verðbólga ekki verið meiri í fjóra áratugi í helstu viðskiptalöndum Íslands. Til að mæta síversnandi verðbólguhorfum og spennu á vinnumörkuðum hækkandi vaxtastig mikið á skömmum tíma í helstu iðnríkjum heimsins.

Stríðið í Úkraínu

Innrás Rússa í Úkraínu hafði viðtæk áhrif, til dæmis skapaðist umrót á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum og aðfangakeðjur víða um heim urðu fyrir frekari skakka-föllum með tilheyrandi framboðshnykkjum.

Þróun í starfseminni

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu sameignardeildar

Tryggingafræðileg staða sameignardeildar var -5,6% í árslok 2022 samanborið við 3,5% árið áður. Breytingarnar skýrast einkum af lækkandi eignaverði á flestum verðbréfamörkuðum, aukinni verðbólgu þar sem skuldbindingar sameignardeildar eru að fullu verðtryggðar, réttindabreytingum í tengslum við hækkandi lífaldur sjóðfélaga, hækkun áunninna réttinda og aukin makalífeyrisréttindi. Sjá nánar, m.a. á yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar og í skýringu 16 í ársreikningi og í kafla II um lífeyrisafurðir í ársskýrslunni.

Samþykktabreytingar – Aðlögun sameignardeildar að hækkandi lífaldri og þróun lífeyrisréttinda

Um nýliðin áramót tóku gildi umfangsmiklar breytingar á samþykktum LV. Veigamikill þáttur þeirra lítur að því að laga réttindakerfi sameignardeildar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga og nýjum viðmiðum við mat á lífaldri. Þá voru gerðar ákveðnar breytingar sem auka sveigjanleika við starfslok og styrkja makalífeyri og framreikningsrétt vegna örorku, auk nokkurra smærri breytinga. Sjá m.a. umfjöllun í kafla II um lífeyrisafurðir og í kynningargögnum fyrir ársfund LV 2022 á [vef](#) sjóðsins.

Einfaldari og skilvirkari afgreiðsla með þróun á stafrænum lausnum

Áfram var fjárfest í kerfisinnviðum sjóðsins með það að markmiði að einfalda og bæta notendaviðmót og bæta afgreiðslu. Mikill ávinningur náðist þegar greiðslumat var komið á vefinn þar sem umsækjendur geta nú að mestu afgreitt bæði greiðslumat og lánsúmsókn hvenær og hvar sem er. Þá minnkaði notkun pappírs umtalsvert og er lánsúmsóknarferlið nú að mestu pappírslaut fyrir utan skuldabréfið sjálft. Allar úmsóknir séreignarsparnaðar eru nú einnig aðgengilegar og afgreiddar gegnum sjóðfélagavef. Stafræn vegferð sjóðsins er í takt við þær væntingar sem sjóðfélagar og fyrirtæki gera til okkar um hraðari, einfaldari og hagkvæmari afgreiðslu erinda.

LV fékk viðurkenningu fyrir sjálfbærnisráðgjöf 2021

Í sumar sem leið fékk LV viðurkenningu Festu, Stjórnvísí og Viðskiptaráðs Íslands fyrir sjálfbærnisráðgjöf. Í umsögn dómnefndar kom m.a. fram að skýrslan sé gott dæmi um upplýsingagjöf sjálfbærniþátta eins og best verður á kosið. Þar sé farið yfir markmið, árangur og aðgerðir sjóðsins. Upplýsingarnar séu mælanlegar, samanburðarhæfar og viðeigandi fyrir starfsemi sjóðsins. Framsetning er skiljanleg og aðalatriði dregin fram á einlægan máta. LV heldur áfram á þessari braut og leggur nú aukna áherslu á að samþætta sjálfbærniupplýsingagjöf við aðra umfjöllun í ársskýrslu sjóðsins, byggt á viðmiðum „Integrated Reporting“.

Lífeyrisgreiðslur náðu tveimur milljörðum króna á mánuði í september

Í september 2022 höfðu mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur hækkað um 3,2 milljarða frá áramótum miðað við sama tímabil árinu áður eða sem nemur 24,5%. Hækkunin skýrist meðal annars af 10% aukningu áunninna réttinda og lífeyrisgreiðslna í nóvember 2021. Þá eru lífeyrisgreiðslur verðtryggðar miðað við vísitölu neysliverðs og hækkuðu því í takt við verðbólgu.

Aukin þjónusta með breytingu á fyrirkomulagi varðandi trúnaðarlækna

Gerður var samningur við þrjá trúnaðarlækna með aðstöðu á tveimur starfsstöðvum sem sjóðfélagar geta valið um vegna mats um úmsókn örorkulífeyris.

Laga- og regluumhverfi

Breyting á lögum um lífeyrissjóði, 15,5% lágmarksiðgjald lögfest, ákvæði um tilgreinda séreign o.fl.

Í janúar 2023 tóku gildi breytingar á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997, sbr. lög nr. 55/2022, um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyris-sjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.). Meðal breytinga má nefna:

- Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð hækkar úr 12% í 15,5%.
- Sjóðfélögum býðst að ráðstafa allt að 3,5% af launum til tilgreindrar séreignar með þrengri útborgunarheimildir en hefðbundinn séreignarsparnaður. Var þegar heimilt skv. samþykktum LV.
- Séreign af lágmarksiðgjaldi verður ekki lengur undanþegin skerðingu lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun eða þátttöku í dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða og fleira.
- Sjóðfélaga verður heimilt að ráðstafa tilgreindri séreign skattfrjálst til kaupa á fyrstu fasteign að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Nánari upplýsingar um fyrirhugaða lagabreytingu á [vef](#) Alþingis.

Lögfesting frumvarps um auknar heimildir í fjárfestingum í erlendri mynt frestast

Í október 2022 var lagt fyrir [Alþingi](#) í annað sinn stjórnarfrumvarp til breytinga á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 sem varðar gjaldmiðlaáhættu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Þar eru tillögur um að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendri mynt. Í sama frumvarpi er mælt fyrir um að lífeyrissjóði beri að veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi, skipulag og stefnu sjóðsins, auk þess sem bein heimild er veitt til að birta reglubundin yfirlit yfir iðgjöld, lífeyrisréttindi og rekstur á aðgangsstýrðu vefsvæði.

Frumvarp til laga um lögfestingu reglugerðar ESB sem á að stuðla að sjálfbærum fjárfestingum

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um lögfestingu tveggja ESB-reglugerða sem varða sjálfbærni og starfsumhverfi lífeyrissjóða. Lögfestingin mun hafa umtalsverð bein og óbein áhrif á starfsumhverfi LV.

Annars vegar reglugerð um flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy) sem skilgreinir hvað telst sjálfbær atvinnustarfsemi. Markmiðið er að auka gagnsæi í upplýsingagjöf stofnanafjárfesta (t.d. banka, verðbréfasjóða og lífeyrissjóða) og sporna gegn grænþvotti. Reglugerðin tengist einnig öðrum reglum sem varða upplýsingagjöf, áhættustýringu og stýringu eigna með tilliti til sjálfbærni. Hins vegar reglugerð um samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði, þar með talda lífeyrissjóði og fjármálaráðgjafa, um upplýsingar til endafjárfesta (eiginlegra eigenda) um meðferð sjálfbærniáhættu í eignasófnum. Hún varðar bæði upplýsingagjöf stofnanafjárfesta sem stýra eignum og ráðgjafa.

Lykiltölur í rekstri

Yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir í starfseminni, sjá nánar í skýrslunni og ársreikningi.

Fjárhæðir í milljónum króna	2022	2021	2020	2019	2018
Starfsemi LV					
Stöðugildi	54,2	51,1	49,7	46,8	43,4
Starfsmannavelta	12,3%	2,0%	0,0%	2,0%	4,5%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum					
án fjárfestingargjalda	0,13%	0,12%	0,13%	0,14%	0,15%
með fjárfestingargjöldum	0,44%	0,44%	0,43%	0,47%	0,43%
Nokkrar stærðir sameignardeildar					
Hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum	64,0%	61,5%	53,6%	46,8%	44,5%
Tryggingafræðileg staða	-5,6%	3,5%	10,6%	8,4%	5,3%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	36.512	35.854	35.697	36.503	36.788
Fjöldi á lífeyrir	22.115	21.044	19.813	18.452	17.083
Hlutfall greiðslna úr sameignardeild af heild	95,8%	95,9%	94,7%	95,9%	96,3%
Hlutfall greiðslna úr séreignardeildum af heild	4,2%	4,1%	5,3%	4,1%	3,7%
Iðgjaldagreiðslur og fleira					
Til sameignardeildar	39.156	35.750	33.978	34.379	31.699
Til séreignardeilda	2.654	2.324	2.100	2.030	1.643
Iðgjaldagreiðslur samtals	41.810	38.074	36.078	36.409	33.342
Útgreiðslur					
Úr sameignardeild	25.248	21.965	17.912	16.039	14.315
Úr séreignardeildum	1.096	944	1.002	684	548
Lífeyrisgreiðslur samtals	26.344	22.909	18.914	16.723	14.863

	2022	2021	2020	2019	2018
Stærð eignasafna í m.kr.					
Sameignardeild	1.146.105	1.174.593	991.541	849.610	698.641
Séreignardeild	27.005	26.538	21.688	18.060	14.101
- Séreign – Ævileið I	3.366	2.860	1.865	1.096	456
- Séreign – Ævileið II	2.731	2.325	1.566	938	400
- Séreign – Ævileið III	1.779	1.567	1.389	1.037	759
- Séreign – Verðbréfaeið	19.129	19.786	16.868	14.989	12.486
Eignir samtals	1.173.110	1.201.131	1.013.229	867.670	712.742
Eignasamsetning sameignardeildar					
Hlutabréf	56,3%	60,7%	55,0%	53,6%	48,9%
Skuldabréf	43,7%	39,3%	45,0%	46,4%	51,1%
Skráðar eignir ¹	85,4%	88,4%	91,4%	91,6%	91,6%
Hlutfall eigna í íslenskum krónum	56,4%	55,4%	56,9%	60,4%	65,1%
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	43,6%	44,6%	43,1%	39,6%	34,9%
Hrein raunávöxtun sameignardeildar					
Á árinu	-11,9%	11,5%	10,8%	15,6%	1,0%
Meðaltal sl. 5 ár	4,9%	8,8%	6,2%	6,1%	4,8%
Meðaltal sl. 10 ár	5,3%	7,6%	6,7%	6,0%	4,6%
Hrein nafnávöxtun sameignardeildar					
Á árinu	-3,6%	16,9%	14,7%	18,7%	4,3%
Meðaltal sl. 5 ár	9,9%	12,3%	9,0%	8,6%	6,9%
Meðaltal sl. 10 ár	8,9%	10,8%	9,9%	9,1%	8,2%


¹ Reiknað miðað við 3. mgr. 36. gr. b. í lögum nr. 129/1997.

	2022	2021	2020	2019	2018
Hrein nafnávöxtun, Ævileið I²					
Á árinu	-7,8%	18,6%	13,9%	13,3%	3,2%
Meðaltal sl. 5 ár	7,2%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Ævileið II²					
Á árinu	-4,9%	11,5%	11,1%	11,9%	4,2%
Meðaltal sl. 5 ár	6,2%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Ævileið III²					
Á árinu	1,0%	1,8%	5,9%	5,4%	4,0%
Meðaltal sl. 5 ár	3,5%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Verðbréfaleið					
Á árinu	-3,6%	16,9%	14,7%	18,7%	4,3%
Meðaltal sl. 5 ár	9,9%	12,3%	9,0%	8,6%	6,9%
Meðaltal sl. 10 ár	8,9%	10,8%	9,9%	9,1%	8,2%

Nánari upplýsingar í viðkomandi köflum árs- og sjálfbærnisráðgjafar og ársreikningi, m.a. í yfirliti yfir kennitölur í ársreikningi.

² Vakin er athygli á því að ávöxtunartölur endurspeglar gengisbreytingar eignasafns á tímabilinu. Ávöxtunartölur í ársreikningi kunna að vera lítillaga frábrugðnar vegna tilmæla FME um útreikning ávöxtunar.





I. Um starfsemina

Ávörp formanns og framkvæmdastjóra, viðskiptalíkan,
haghafar og mikilvægisgreining

Ávarp formanns stjórnar

Eðli málsins samkvæmt er kjarninn í starfsemi lífeyrissjóða fólgin í því að búa sig undir framtíðina. Að sinna verkefnum dagsins og morgundagsins en horfa jafnframt áratugi inn í framtíðina til að rækja skyldur sínar við sjóðfélaga og verja hagsmuni þeirra ævina á enda. Mikilvægur liður í nauðsynlegri fyrirhyggju LV birtist í breyttum samþykktum sjóðsins sem tóku gildi í upphafi árs 2023 og eru í samræmi við nýjustu spár um lífs- og dánarlíkur þjóðarinnar. Markmiðið er að staða sjóðsins í nútíð svari til skuldbindinga hans í framtíð. Samþykktabreytingar sjóðsins eru í takt við það grunnstef að hver kynslóð leggi fyrir fjármuni til ávöxtunar og eftirlauna þegar þar að kemur. Samhliða breytingunum hækkaði sjóðurinn lífeyri í annað skiptið á rúmu ári vegna góðrar ávöxtunar fyrri ára sem var einstaklega ánægjulegt.

Allt bendir til þess að ævi sjóðfélaga og þjóðarinnar almennt haldi áfram að lengjast sem betur fer og því er vel að framlag til lífeyrissparnaðar aukist samhliða. Um áramótin tóku gildi breytingar á lögum um lífeyrissjóði sem kveða á um að allir launþegar greiði 15,5% heildarlauna til að tryggja sér og sínum afkomuvernd vegna veikinda eða slysa og ævilangs lífeyris. Aukningin er enn ein stöðin undir sjálfbærni kerfisins til framtíðar jafnvel þó ævi komandi kynslóða lengist umtalsvert.

Hvernig sem á það er lítið stendur íslenska lífeyrissjóðakerfið vel í alþjóðlegum samanburði, reyndar svo mjög að það hefur í tvö ár í röð náð fyrsta sæti á samanburðarlista lífeyriskerfa í 43 ríkjum í öllum heimsálfum samkvæmt heimsvísitölu Mercer-CFA Institute. Grunnurinn er góður og sjálfbærni kerfisins góð á meðan við höldum áfram að búa okkur undir framtíðina með markvissum hætti.

Uppgjör ÍL-sjóðs

Mikilvægt hagsmunamál sem stjórn LV hefur á sinni könnu nú um stundir varðar óvænt útspil fjármála- og efnahagsráðherra á haustdögum 2022 um úrvinnslu og uppgjör eigna og skulda ÍL-sjóðs, áður Íbúðalánasjóðs. Ráðherra viðraði þá hugmynd að slíta sjóðnum og að skuldabréf sjóðsins yrðu gerð upp án tillits til samningsbundinna greiðslna skuldabréfa til langrar framtíðar sem ÍL-sjóður hefur gefið út, bréfa sem lífeyrissjóðir eiga að stærstum hluta.

Við spyrjum að leikslokum en réttarleg staða lífeyrissjóða er sterk gagnvart atlögu af þessu tagi. Þannig eru LOGOS lögmannsþjónusta og fyrrverandi forseti Mannréttindadómstóls Evrópu sammála um að lífeyrissjóðir hafi stjórnarskrárvarinn rétt til að krefjast þess að ríkið standi að öllu leyti við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðunum.

Við spyrnum við fótum enda miklir hagsmunir í húfi og við höfum tvímælalaust góðan málstað að verja.

Innviðafjárfestingar

Landssamtök lífeyrissjóða og innviðaráðuneytið efndu í byrjun febrúar 2023 til málþings um innviðafjárfestingar. Yfirskriftin var *Fjármögnun framfara í þágu þjóðar* og áhugi fyrir málefniinu reyndist mikill.

Ég er ekki í vafa um að verkefni og áskoranir varðandi innviðafjárfestingar verða ofarlega á baugi í umræðum og ákvörðunum forystusveita lífeyrissjóða næstu ár og áratugi. Mörg brýn og risavaxin verkefni ríkis, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila á mörgum sviðum eru þegar komin á biðlista fjármögnunar og framkvæmda. Það á bæði við um nýfjárfestingar og viðhald eldri fjárfestinga sem gætu gefið góða ávöxtun. Viðfangsefnið er í hnotskurn að útfæra samvinnuverkefni hins opinbera og einka-geirans/lífeyrissjóðanna í þágu almennings.

Hvalfjarðargöngin eru dæmi um afar vel heppnaða innviðafjárfestingu þar sem einka-fyrirtæki samdi um að annast undirbúning, framkvæmdir og rekstur samgöngumann-virkis í 20 ár gegn veggjaldi og skila því síðan skuldlausu til ríkisins. Lífeyrissjóðir geta með stolti horft til síns þáttar við fjármögnunina.

Í góðu formi á eftirlaunaaldri

Sjóðurinn stóð á þeim tímamótum þann 1. febrúar 2023 að eiga 67 ára afmæli. Eins og fjölmargir sem ná 67 ára aldri þá er sjóðurinn í sérstaklega góðu formi og sennilega sjaldan verið kraftmeiri í að vinna að nýsköpun og þróun í þjónustu við sjóðfélaga og ábyrgum fjárfestingum. Það er eftirtektarvert hvað starfsmannahópurinn gengur í þéttum takti með umhyggju, ábyrgð og árangur fyrir sjóðfélaga að leiðarljósi.

Ég vil fyrir hönd stjórnar óska sjóðfélögum velfarnaðar og þakka þeim og starfsfólki sjóðsins fyrir samskipti og samstarf á árinu 2022.

Jón Ólafur Halldórsson,
formaður stjórnar



Ávarp framkvæmdastjóra

Vitrir menn benda á að erfitt sé að spá, sérstaklega um framtíðina! Við leyfðum okkur að vona og trúna því að þegar veirufaraldri linnu færðust hlutir í „eðlilegra horf“ í starfsemi og umhverfi lífeyrissjóða. Það gekk aldeilis ekki eftir því snemma árs 2022 réðust Rússar með hervaldi á Úkraínu. Óvænt styrjaldarástand leiddi beint eða óbeint til þess að starfsumhverfi okkar varð jafnvel á ýmsan hátt enn lengra frá því að teljast eðlilegt ástand en það var á COVID-skeiðinu. Við urðum að taka því sem að höndum bar.

Sviptingar á fjármálamörkuðum

Verðbólga jókst verulega á Íslandi og víðast hvar í kringum okkur og hafði umtalsverð áhrif á afkomu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Markaðir hlutabréfa og skuldabréfa héraðs og erlendis hafa verið erfiðir, meðal annars vegna hækkandi vaxta. Verð á flestum fjármálamörkuðum fór lækkandi. Afleiðingarnar birtast í tölum um að verðmæti eignasafns sjóðsins hafi lækkað um 3,6% og að tryggingafræðileg staða hafi verið neikvæð um 5,6% í lok árs 2022.

Fyrir langtímafjárfesti á borð við lífeyrissjóð er sem fyrr mun marktækara að líta til ávöxtunar eigna til lengri tíma en eins árs. Þannig nam raunávöxtun eigna sameignardeildar LV að jafnaði 4,9% undanfarin fimm ár og 5,3% undanfarin tíu ár.

Breytingar á réttindum sameignardeildar

Í starfseminni ber annars hæst að í byrjun árs 2023 tóku gildi margvíslegar breytingar á samþykktum sjóðsins sem fjármála- og efnahagsráðherra staðfesti fyrir áramót. Kjarni breytinganna er sá að lífeyrisgreiðslur aukast og áunnin lífeyrisréttindi sömu leiðis. Þarna voru tekin stór skref sem sést best á því að lífeyrisgreiðslur sjóðsins jukust að raunvirði um 35% frá byrjun árs 2021 til loka árs 2022.

Áframhaldandi þróun í starfsemi sjóðsins

Sjóðurinn nýtur þess að hafa á sínum snærum öflugt starfsfólk með mikla þekkingu og reynslu á sínum sviðum. Aukið var við þann mannauð á árinu með því að fjölga stöðugildum í eignastýringu, áhættustýringu, fræðslumálum og kynningarmálum. Sama á við um þá hlið starfseminnar er snýr að ábyrgum fjárfestingum og miklu ESB-regluverki sem er í pípunum og innleitt verður hér á landi á allra næstu misserum.

Allt ber þetta að sama brunni, markmiðið er að auka þjónustu við sjóðfélaga og styrkja ímynd sjóðsins enn frekar í samfélaginu.

Stöðugt er unnið að því að þróa stafræna starfsemi til að gera öll samskipti við sjóðfélaga eins skilvirk og skjót og kostur er, hvort heldur varðar umsóknir um eftirlaun, lífeyri, lánsúmsóknir eða greiðslumat. Núna í janúar 2023 var tekið í gagnið svokallað CRM-kerfi, sem er stjórnun viðskiptatengsla og heldur utan um öll samskipti og samband við fyrrverandi, núverandi og verðandi viðskiptavinum og sjóðfélaga.

Afgreidd voru liðlega 1.300 sjóðfélagalán á árinu, að upphæð liðlega 20 milljarðar króna. Aðeins einu sinni áður hefur sjóðurinn lánað meira í sögu sinni. Alls eru nú útistandandi um 6.300 lán að upphæð um 109 milljarðar króna.

Þá vil ég nefna að lífeyrissjóðurinn fékk á árinu vottun á jafnlaunakerfi sínu samkvæmt jafnlaunastaðli iST85:2012. Áður hafði sjóðurinn fengið jafnlaunavottun VR, fyrstur lífeyrissjóða. Það gerðist árið 2014.

Síðast en ekki síst er við hæfi að rifja upp hér á þessum vettvangi að sjóðurinn hlaut í júní viðurkenningu Viðskiptaráðs Íslands, Stjórnvísí og Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, fyrir sjálfbærnisráðgjöf ársins. Umsögn dómnefndar er skýr og bæði örvandi og hvetjandi leiðarvísir um upplýsingamiðlun í framhaldinu:

Sjálfbærnisráðgjöf Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er gott dæmi um upplýsingagjöf sjálfbærniþátta eins og best verður á kosið.

Í skýrslunni er farið yfir markmið, árangur og aðgerðir sjóðsins.

Upplýsingarnar eru mælanlegar, samanburðarhæfar og viðeigandi fyrir starfsemi sjóðsins. Framsetning er skiljanleg og aðalatriði dregin fram á einlægan máta. Lífeyrissjóðir hafa gríðarleg áhrif í íslensku atvinnulífi, og því mikilvægt að aðrir lífeyrissjóðir taki sér upplýsingagjöf Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til fyrirmyndar.

Ég þakka sjóðfélögum og starfsfólki fyrir samskipti og samstarf á árinu 2022.

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri



Hvernig skapar LV virði – Viðskiptalíkan

Grundvöllur starfsemi: LV starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykktum sjóðsins.

Aðild að LV: Sjóðurinn er opin öllum þeim sem starfskjör byggja á kjarasamningi VR, félagsmönnum annarra félaga verslunarmanna og sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ekki byggja ráðningarbundin starfskjör sín á kjarasamningi annarra.

Grunnþættir í viðskiptalíkani: Viðskiptalíkan sjóðsins byggir á því meginhlutverki hans, samkvæmt framangreindum lögum og samþykktum sjóðsins, að

- taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga sem mynda grundvöll réttinda,
- ávaxta eignir sjóðsins í sameignar- og séreignardeildum,
- greiða út ævilangan lífeyri vegna aldurs, áfallalífeyri í formi örorkulífeyris til sjóðfélaga og barna þeirra, sem og maka- og barnalífeyri vegna fráfalls sjóðfélaga,
- greiða út séreignarlífeyri vegna aldurs, örorku eða fráfalls.

Þá eru sjóðfélögum veitt sjóðfélagalán í formi fasteignaveðlana í samræmi við lána-reglur á hverjum tíma.

Samfélagsleg áhrif og fjölþættir framleiðsluþættir LV: Meginhlutverk LV er að greiða sjóðfélögum lífeyri á grundvelli iðgjalda sem greidd eru til sjóðsins. Í því skyni rekur sjóðurinn þrjár deildir fyrir réttindi: sameignardeild, séreignardeild fyrir almenna séreign og séreignardeild fyrir tilgreinda séreign.

Á árinu voru um 22 þúsund sjóðfélagar á lífeyri og fer þeim fjölgandi ár frá ári. Lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum eru í mörgum tilvikum veigamikill grundvöllur framfærslu sjóðfélaga eftir starfslok og mikilvæg afkomuvernd fyrir eftirlifandi maka og börn þegar sjóðfélagi fellur frá. Sjóðurinn stýrir einnig fjórum eignasöfnum fyrir sameign

og séreign. Verðmæti eignasafna nam 1.173 milljörðum króna í lok árs 2022. Af því leiðir að rekstur sjóðsins hefur áhrif á fjölda hagaðila og marga þætti samfélagsins.

Til að lýsa samverkandi þáttum í starfsemi skipulagsheilda hafa verið skilgreindar lykilaðlindir eða fjölþættir framleiðsluþættir (e. multi capitals) í rekstri LV sem stuðla að verðmætasköpun.

Árið 2020 voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun greind með tilliti til starfsemi sjóðsins og hafa áherslumarkmið LV nú verið tengd við heimsmarkmiðin. Þá var í upphafi árs 2022 gerð könnun meðal sjóðfélaga, starfsfólks og stjórnarmanna á viðhorfi til sjálfbærni í starfsemi LV í tengslum við starfsemi sjóðsins.

Niðurstöður greiningar eru nýttar til að tengja saman áherslur í rekstri LV og inntak heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Sett eru stefnumótandi markmið með tilliti til heimsmarkmiðanna þar sem litið er til allra þátta sjálfbærni; efnahagslegrar hagsældar, samfélagslegrar velsældar og ábyrgrar nýtingar náttúruauðlinda.

Markmiðið er að tengja reksturinn og áhersluatriði í heimsmarkmiðunum saman með mælanlegum hætti.

Viðskiptalíkan LV byggir á fyrirmyndum í leiðbeiningum „[Integrated Reporting Framework](#)“.

Viðskiptalíkan

Myndin sýnir auðlindir (framleiðsluþætti) sem starfsemi LV byggir á og virðisauka sem hún skapar. Ferlið er hringrás framleiðsluþátta, starfsemi og virðisauka.



Auðlindir

Fjármagn

Iðgjöld og séreignarsparnaður sjóðfélaga er notaður í fjárfestingar til ávöxtunar sem standa undir lífeyrisgreiðslum og áfallavernd sjóðfélaga.

Mannauður

Hjá sjóðnum starfar sérhæft starfsfólk með viðtæka þekkingu og reynslu. Verkefni sjóðsins eru aðallega þjónusta við sjóðfélaga, fjárfestingarstarfsemi og rekstur upplýsingakerfa.

Samfélag

Sjóðurinn starfar í þágu sjóðfélaga sinna. Með það að markmiði að starfa í sátt við samfélagið viðhefur sjóðurinn öguð og vönduð vinnubrögð, veitir sjóðfélögum áreiðanlegar upplýsingar og starfar samkvæmt lögum og reglum sem um hann gilda.

Náttúra og umhverfi

Megináhrif á náttúru og umhverfi eru fólgin í fjárfestingarstarfseminni. Hún byggir m.a. á fjárfestingum sem hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á náttúru og umhverfi.


Öfnislegar eignir

Á grundvelli starfsleyfis LV og áratuga starfsemi hefur byggst upp þekking og fyrirtækjamenning sem styður við þróun þjónustu og starfshátta, öguð vinnubrögð og frumkvæðishugsun. Öfnislegar eignir felast m.a. í jákvæðri ímynd, upplýsingakerfum sjóðsins, mannauði, þekkingu á starfsemi hans og viðskiptasamböndum.

Efnislegar eignir

Núverandi eignasöfn, skrifstofuhúsnæði, skrifstofubúnaður og upplýsingakerfi.

Starfsemi LV



Eftirlit

FME, innri og ytri endurskoðun, tryggingastærðfræðingur, endurskoðunarnefnd, áhættustýring, starfsfólk, stjórn LV

Regluverk

Lög, reglugerðir, reglur FME, kjarasamningar, samþykktir LV, aðrar reglur

Virðisauki

Fjármagn

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga til framfærslu. Áhrif á hagvöxt og velsæld í forni fjármögnunar og fjárfestingar, einkum í innlendu hagkerfi.

Mannauður

Þekking, reynsla og fagmennska. Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Vinnuumhverfi sem styður við starfsþróun og vellíðan í starfi.

Samfélag

Aukið vægi greiðslna lífeyris í samfélaginu gagnvart greiðslum frá ríki og sveitarfélögum. Áhrif á hagvöxt og velsæld með langtímafjárfestingum í innlendu hagkerfi. Jákvæð áhrif á stjórnarhætti fyrirtækja.

Náttúra og umhverfi

Sjóðurinn getur haft jákvæð áhrif á umhverfislega og félagslega þætti. Mæling á umhverfisþáttum sem varða rekstur sjóðsins. Aukin áhersla á greiningu umhverfisþátta og félagslegra þátta við mat á fjárfestingarkostum og eignasafni. Uppbyggilegt aðhald gagnvart innlendum félögum sem sjóðurinn er hluthafi í.

Öfnislegar eignir

Þekking. Þjónustugæði. Öryggi í þjónustu. Traust. Skilvirk upplýsingakerfi og ferlar. Viðskiptasambönd.

Efnislegar eignir

Eignasöfn og upplýsingakerfi sem styðja við rekstur sjóðsins.

Áherslur

Efla lífsgæði og grunnþarfir

- » Efla jafna stöðu kynja og jöfn tækifæri
- » Styðja við heilsu og öryggi starfsfólks
- » Efla þekkingu og færni starfsfólks
- » Leggja áherslu á aðgengi upplýsinga fyrir sjóðfélaga
- » Innleiða stefnu og aðferðafræði fyrir greiningu á UFS þáttum í fjárfestingaferli og umsýslu eignasafna

Góð atvinna og nýsköpun

- » Fylgjast með þróun sem leiðir af breyttri samfélagsgerð
- » Efla nýsköpun í vöruúrvali / þjónustuleiðum sjóðfélaga
- » Auka áherslu á eignir sem styðja við nýsköpun, aukna sjálfbærni og ábyrgari virðiskeðju

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og loftlagsmál

- » Styðja við sjálfbærni við kaup á aðföngum
- » Áhersla á að draga úr gróðurhúsalofttegundum tengdum rekstri
- » Auka áherslu eignasafna á sjálfbæra nýtingu auðlinda, vistkerfa og stöðguleika í loftslagsmálum

Samvinna

- » Efla samstarf við haghafa um sjálfbæra þróun
- » Efla samstarf um ábyrgar fjárfestingar og samþættingu UFS greininga í fjárfestingaferli

Stuðningur við heimsmarkmið

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



10 AUKIN JÖFNUR



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLÆGSLA



13 AÐGERÐIRÍ LOFTLAGSMÁLUM



17 SAMVINNA UM MARKMIÐ



Haghafar og mikilvægisgreining


Haghafagreining auðveldar sjóðnum að vinna að og gæta hagsmuna sjóðfélaga og annarra mikilvægra haghafa.

Haghafar hafa verið skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi og geta haft áhrif á starfsemi skipulagsheilda.

Parfir, kröfur og áhrifavald haghafa getur haft áhrif á starfsemi LV og mótun ýmissa stefna og reglna. Þar má nefna samþykktir, fjárfestingarstefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, áhættustefnu, siða- og samskiptareglur, stefnu varðandi upplýsingamiðlun, mannauðsstefnu og starfskjarastefnu. Á myndinni til hliðar má sjá haghafagreiningu sjóðsins.

Aðrir ytri haghafar: Til þessa hóps teljast ýmsir sem geta orðið fyrir áhrifum af starfsemi LV eða haft áhrif á starfsemina þótt þeir tengist starfseminni ekki beint í því samhengi sem hér um ræðir. Þessi upptalning er ekki tæmandi:

- » Mögulegir framtíðarsjóðfélagar
- » Tryggingastærðfræðingur
- » Innri og ytri endurskoðendur
- » Stéttarfélag
- » Vinnuveitendur
- » Fjármálafyrirtæki og aðrir þjónustuaðilar á fjármálamarkaði
- » Útgefendur fjármálagerna (t.d. ríki, sveitarfélög og fyrirtæki)
- » Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir (t.d. Seðlabanki Íslands – Fjármálaeftirlitið)
- » Landssamtök lífeyrissjóða
- » Ríkið, innheimta skatta og ríkisrekstur
- » Sveitarfélög
- » Tryggingastofnun
- » Fjölmíðlar
- » Aðrir sem gæta umhverfishagsmuna og félagslegra hagsmuna




Samskipti við haghafa

Virðisaukinn sem verður til í starfsemi LV byggir að hluta til á þekkingu starfsfólks sjóðsins á haghöfum og væntingum þeirra til sjóðsins. Væntingum haghafa er nauðsynlegt að mæta með virkum og vel skilgreindum samskiptum.

Á árinu 2022 var áhersla lögð á að greina þarfir sjóðfélaga og hvernig þeim væri betur mætt. Skoðaðar voru væntingar til upplýsingagjafar og samskipta við sjóðinn.

Í febrúar 2022 var framkvæmd mikilvægisgreining meðal sjóðfélaga, starfsfólks og stjórnar til að kanna viðhorf til áhrifa sjálfbærrar þróunar á efnahags-, umhverfis- og félagslega þætti. Svarendur forgangsroðuðu áherslum sjóðsins eftir mikilvægi jákvæðra áhrifa á sjálfbæra þróun.

Haghafar eru sammála um að leggja beri mesta áherslu á góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, persónuvernd og öryggi gagna, mannréttindi og réttindi starfsfólks og jafnrétti.



Aukreitis aflar sjóðurinn upplýsinga um þarfir og viðhorf sjóðfélaga og launagreiðenda með margvíslegum hætti í þeim tilgangi að bæta þjónustu sjóðsins.

Ársfundir sjóðsins er vettvangur ítarlegrar upplýsingamiðlunar um afkomu liðins árs. Sjóðurinn nýtir einnig samfélagsmiðla og sendir sjóðfélögum tvisvar á ári yfirlit yfir réttindi og greidd iðgjöld.




II. Lífeyrisafurðir

Stóra myndin, tölur og gröf, sjálfbær lífeyrir, samþykktabreytingar og tryggingafræðileg staða

Réttindadeildir LV eru þrjár, sameignardeild og tvær séreignardeildir.

- » Sameignardeild, A-deild, er langstærsta réttindadeildin. Í árslok 2022 voru sjóðfélagar 182.768 og námu eignir 1.146 milljörðum króna. Meginafurð sameignardeildar er ævilangur lífeyrir en svonefndur áfallalífeyrir felur einnig í sér mikilvæg tryggingaréttindi í formi örorku-, maka- og barnalífeyris.
- » Séreignardeildirnar eru tvær, B-deild fyrir almenna séreign og C-deild fyrir tilgreinda séreign. Eignir sjóðfélaga í séreign eru ávaxtaðar í fjórum eignasöfnum, Ævileiðum I, II og III sem og Verðbréfaeið sem er lokuð fyrir nýjum samningum.




Yfirlit yfir lífeyrisafurðir LV

Sameignardeild		Séreignardeildir	
		Almenn séreign B-deild	Tilgreind séreign C-deild
A-deild			
Upphaf tóku ævilangs lífeyris frá 60 til 80 ára aldurs.	Útgreiðsla vegna aldurs	Frá 60 ára aldri.	Frá 62 ára aldri, á fimm árum, eða þeim tíma sem vantar upp á 67 ára aldur.
Örorkulífeyrir ef orkutap er metið 50% eða meira, sjóðfélagi hafi greitt í lífeyrissjóði að lágmarki í 24 mánuði og orðið fyrir tekjutapi.	Vegna orkutaps	Greitt út á 7 árum ef yfir eingreiðslumörkum.	
Makalífeyrir er 60% af réttindum sjóðfélaga, greiddur í lágmark 5 ár, 3 ár fullur og 2 ár hálfur. Barnalífeyrir vegna andláts og örorku.	Við andlát	Inneign greidd til erfingja í samræmi við hjúskapar og erfðalög.	
Ef mánaðargreiðsla ævilangs lífeyris er undir kr. 6.097 miðað við janúar 2023.	Eingreiðsla	Eingreiðsla úr séreign ef inneignin er lægri en 1.616.426 miðað við janúar 2023.	
Skipting réttinda milli hjóna fyrir 65 ára aldur og fyrir lífeyristöku.	Skipting	Skipting séreignar milli hjóna, sömu skilyrði.	

Val um tilgreinda séreign

Tilgreind séreign er hluti af lögbundnum lífeyrissparnaði. Allir geta valið að ráðstafa allt að 3,5% af 15,5% iðgjaldinu í tilgreinda séreign sem er ávöxtuð í ávöxtunarleiðum séreignar. Tilgreinda séreignin myndar ekki rétt til ævilangs lífeyris eða áfallalífeyris fremur en önnur séreign. Fyrir þá sem eru fjárhagslega vel settir eða hafa þegar áunnið sér góð réttindi til ævilangs lífeyris er aukin séreign alla jafna góður kostur.



Yfirlit fyrir greidd iðgjöld og útgreiðslu lífeyris árin 2021 og 2022

Iðgjöld, fjöldi sjóðfélaga og launagreiðenda

	Sameignardeild		Almenn séreign		Tilgreind séreign	
	2022	2021	2022	2021	2022	2021
Iðgjöld til LV í m.kr.	39.179	35.770	1.625	1.374	1.060	968
Heildarfjöldi sjóðfélaga	48.895	47.936	3.551	3.318	3.254	3.215
Fjöldi launagreiðenda	9.788	9.428	1.884	1.749	1.693	1.570

Sameign

	Fjöldi einstaklinga á lífeyri í lok árs		Lífeyrisgreiðslur í m.kr.	
	2022	2021	2022	2021
Ævilangur lífeyrir	15.683	14.670	19.316	16.632
Örorkulífeyrir	4.800	4.603	4.609	4.097
Makalífeyrir	1.674	1.677	1.152	1.085
Barnalífeyrir	580	580	171	151
Samtals	22.737	21.530	25.248	21.965

Séreign

	Fjöldi einstaklinga sem fá greitt vegna		Lífeyrisgreiðslur í m.kr.	
	2022	2021	2022	2021
Aldurs	709	864	648	374
Lán og húsnæðissparnaður	1.043	1.041	420	382
Covid úrræði	26	226	29	189
Samtals	1.778	2.131	1.097	945

Breytingar á samþykktum sem varða sameignardeild

Breytingar á samþykktum LV, sem kynntar voru og samþykktar á ársfundi 2022, tóku gildi í upphafi árs 2023. Meðal helstu breytinga eru:

- Nýjar réttindatöflur og umreikningur áunninna réttinda sem tekur mið af hækkandi lífaldri sjóðfélaga. Samhliða voru réttindi allra hækkuð um 12% sem mildar áhrif breytinganna.
- Aukinn sveigjanleiki og aukin tryggingavernd sem varða töku ævilangs lífeyris, umbætur vegna örorku- og makalífeyris, árlegan endurreikning lífeyris þegar sjóðfélagar greiða áfram iðgjöld til sjóðsins eftir að taka ævilangs lífeyris hefst og hækkun eingreiðsluviðmiða til þeirra sem eiga eftir að taka takmörkuð lífeyrisréttindi.

Nánari upplýsingar er að finna aftar í þessum kafla og á vef LV, sjá fréttir og vefsvæði fyrir ársfund sjóðsins í mars 2022.

Yfirlit yfir fjölda sjóðfélaga, einstaklinga á lífeyri og fjárhæð lífeyrisgreiðslna síðastliðin tíu ár

Sameignardeild


Sameignardeildin er stærst af þremur réttindadeildum sjóðsins. Hér er yfirlit yfir þróun fjárhæðar inngreiðslna og lífeyrisgreiðslna, fjölda greiðandi sjóðfélaga og sjóðfélaga á lífeyri. Upplýsingar um eignir sameignardeildar eru í kafla IV um eignasöfn.

Iðgjöld til sameignardeildar

Greidd iðgjöld til sjóðsins hafa aukist stöðugt undanfarin ár. Hækkun milli ára 2021 og 2022 var um 9,5%.

Iðgjöld 2013–2022


í milljónum króna



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga hefur verið nokkuð áþekkur undanfarin ár þó nokkur fjölgun hafi orðið á árunum 2016 til 2019 sem hefur gengið að nokkru til baka á síðustu árum.


Fjöldi greiðandi sjóðfélaga 2013–2022



Heildarfjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi í sameignardeild

Alls eiga ríflega 180 þúsund sjóðfélagar réttindi í sameignardeild og hefur þeim fjölgað úr tæplega 150 þúsund síðastliðin tíu ár.


Heildarfjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi í sameignardeild 2013–2022



Fjöldi sjóðfélaga á lífeyri og fjárhæð lífeyrisgreiðslna


Sjóðfélagar á lífeyri voru 22.737 í árslok 2022 og fjölgaði þeim um 5,6% frá fyrra ári. Á árinu 2022 hófu 1.844 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.658 árið áður. Þar af voru 729 eða 39,5% sjóðfélaga sem hófu töku lífeyris við 67 ára aldur. Lífeyrir sameignardeildar í hlutfalli af iðgjöldum, svokölluð lífeyrisbyrði, nam 64,0% á árinu 2022 samanborið við 61,5% árið áður.

Fjöldi lífeyrisþega 2013–2022



Lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild námu 25.248 milljónum króna og hækkuðu um 14,9% frá fyrra ári.

Lífeyrisgreiðslur 2013–2022




Séreignardeild

Lífeyrissjóðurinn hefur starfrækt deild fyrir almenna séreign frá árinu 1999. Árið 2017 var stofnuð réttindadeild fyrir tilgreinda séreign í kjölfar ákvæðis í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og VR.

Iðgjöld til séreignardeildar

Iðgjöld til séreignardeildar námu 2.654 milljónum á árinu 2022 samanborið við 2.324 milljónir árið 2021.


Iðgjöld í séreign 2013–2022
í milljónum króna



Útgreiðslur úr séreignardeild

Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu alls 1.096 milljónum króna en voru 944 milljónir árið 2021. Á myndinni kemur fram hve stór hluti er vegna fasteignatengdra greiðslna eða fasteignaspánaðar, þ.e. innborgana á fasteignalán og greiðslur við fyrstu kaup. Þá námu útgreiðslur sem byggðu á sérstakri greiðslu vegna svonefndra Covid úrræða umtalsverðum fjárhæðum árið 2020 en úrræðið er fallið úr gildi. Undir lífeyrisgreiðslur vegna aldurs falla einnig útgreiðslur árin 2020 og 2021 vegna fráfalls og örorku.

Útgreiðslur úr séreign 2013–2022
í milljónum króna



Sjálfbær fjármál sjóðfélaga

Upplýsingamiðlun LV leggur áherslu á að sjóðfélagar geti fengið áreiðanlegar upplýsingar hjá ráðgjöfum sjóðsins og á heimasíðu og sjóðfélagavef. Við upplýsingamiðlun er lögð sérstök áhersla á að:

- upplýsingar séu aðgengilegar svo sjóðfélagi þekki eðli réttinda sinna, kosti þeirra og takmarkanir.
- upplýsingamiðlun sé vönduð svo sjóðfélagi geti tekið upplýsta ákvörðun um lífeyrismál sín út frá eigin forsendum.

Stoðir sem skipta máli varðandi lífeyrisafurðir og sjálfbær fjármál

Fjárhagsleg sjálfbærni skiptir sjóðfélaga máli, það er að hafa nægilegar tekjur þegar hefðbundnum atvinnutekjum lýkur. Það gerist ekki af sjálfu sér að eftirlaun verði ásættanleg en með því að byrja nægilega snemma að huga að lífeyrismálum sínum, skipuleggja sig og spara getur lífeyrir orðið sjálfbær. Mikilvægar stoðir lífeyrissjóðsins sem styðja við sjálfbærni í fjármálum eftir starfslok eru:

- Ævilangur lífeyrir
- Lífeyrissparnaður í séreign
- Örorkulífeyrir
- Vernd fjárhagslega tengdra aðila við fráfall í formi maka- og barnalífeyris

Félagsleg vernd Ákvæði laga um lífeyrissjóði og samþykktir LV tryggja ákveðið jafnvægi og mikilvæga vernd fyrir tiltekna hópa. Þannig er t.a.m. greitt iðgjald af hluta-störfum og atvinnuleysisbótum en sú er ekki alltaf raunin í öðrum löndum. Þá er tryggingavernd ekki háð sjúkrasögu, ættarsögu eða aldri. Iðgjöld veita þó meiri lífeyrisréttindi eftir því sem sjóðfélagi er yngri þegar iðgjöld eru greidd þar sem sjóðurinn hefur þau lengur til ávöxtunar.

Árleg tryggingafræðileg athugun sameignardeildar Árleg athugun tryggingastærðfræðings og ítarlegar reglur um jafnvægi eigna og skuldbindinga eru til þess fallnar að styrkja stoðir undir réttindum í sameignardeild til skemmri og lengri tíma lítið.

Breytingar á samþykktum og réttindakerfi sjóðsins – aðlögun að hækkandi lífaldri sjóðfélaga

Viðamiklar breytingar á samþykktum sjóðsins voru samþykktar á ársfundi hans í mars 2022. Þær voru í kjölfarið sendar fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar. Ráðherra staðfesti breytingarnar í desember og tóku þær gildi um áramótin 2022/2023.

Inntak breytinganna er í grunninn þrjúþætt:

1. Breytingar sem varða þróun á lífeyrisafurðum sjóðsins.
2. Innleiðing á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og aðlögun réttindakerfis að hækkandi lífaldri.
3. Ýmsar lagfæringar og uppfærslur á einstaka ákvæðum sem fela í sér afmarkaðar eða engar efnislegar breytingar.

Ítarlegar upplýsingar er m.a. að finna í greinargerð með samþykktabreytingunum og kynningarefni frá ársfundi 2022, sem er aðgengilegt á vef sjóðsins. Eftirfarandi er yfirlit yfir inntak breytinganna byggt á greinargerð með samþykktabreytingunum.

Þróun lífeyrisafurða

Fimm breytingar varðandi lífeyrisréttindi, aðrar en þær sem varða hækkandi lífaldur sjóðfélaga.

- 1) Upphaf ævilangs lífeyris fært til 60 ára aldurs:** Til að auka sveigjanleika var heimild til töku ævilangs lífeyris færð til 60 ára aldurs en var áður 65 ár.
- 2) Árlegur endurreikningur lífeyris:** Breytingin varðar sjóðfélaga sem hafa hafið töku ævilangs lífeyris en halda áfram að ávinna sér réttindi vegna launatekna. Nú er endurreikningur framkvæmdur árlega við upphaf hvers aldursárs. Áður var hann framkvæmdur tvisvar, við 67 og 70 ára aldur. Með þessu er betur komið til móts við sjóðfélaga sem eru í launuðu starfi samhliða töku ævilangs lífeyris.

3) Bætt örorkutrygging sjóðfélaga: Framreikningsréttur vegna örorkulífeyris er mikilvæg tryggingarvernd. Almenn skilyrði fyrir framreikningi eru m.a. þau að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og 6 mánuði undanfarna 12 fyrir orkutap. Til að bæta stöðu sjóðfélaga virkjast framreikningur nú aftur eftir sex mánaða greiðslutíma í stað 36 áður ef greiðsluhlé má rekja til tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna eftir mati sjóðsins.

4) Lágmarksréttur til makalífeyris aukinn: Makalífeyrir var að lágmarki 36 mánuðir en við hann hefur nú bæst hálfur makalífeyrir í 24 mánuði. Breytingin eykur þannig afkomutryggingu eftirlifandi maka. Eins og fram kemur í 14. gr. samþykktar er makalífeyrir í mörgum tilvikum greiddur mun lengur en lágmarkið, t.a.m. til 23 ára aldurs yngsta barns.

5) Eingreiðslumörk vegna ævilangs lífeyris: Heimild til að greiða lág lífeyrisréttindi í sameignardeild í eingreiðslu var hækkuð.

Innleiðing nýrra dánar- og eftirlifendatafna vegna hækkandi lífaldurs

Alla 20. öldina hefur meðalævin sífellt verið að lengjast í nær öllum þjóðfélagshópum á Íslandi og víða erlendis. Þar með þurfa eignir lífeyrissjóða að endast lengur en áður og þar sem lífeyririnn dreifist á lengri tíma verður minni fjárhæð til ráðstöfunar á hverju ári. Í desember 2021 staðfesti fjármála- og efnahagsráðuneytið nýjar dánar- og eftirlifendatöflur með spá um lækkandi dánartíðni, sem taka mið af þessari þróun. Nýjar dánar- og eftirlifendatöflur gera ráð fyrir því að árið 2045 geti 67 ára karlar að jafnaði átt ólífudu tæplega 20,3 ár og jafngamlar konur rúmlega 21,6 ár. Þetta er 15,6% lengri lífeyrisaldur hjá körlum og 10,7% lenging hjá konum frá líftöflum sem byggja á reynslu árána 2014-2018, miðað við lífeyristökualdur 67 ára.

Mat á lífslíkum sjóðfélaga er ein mikilvægasta forsendan við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða og er auk þess mikilvæg til að tryggja að jafnræði ríki á milli aldurshópa hjá sjóðunum. Sé ekki stuðst við lífslíkur með framtíðarspá er hætta á að lífeyrisskuldbindingar allra sjóðfélaga séu vanmetnar, meira vegna yngri sjóðfélaga en þeirra sem eldri eru. Framtíðarspá sem tekur tillit til lækkandi dánartíðni er því forsenda þess að tryggja kynslóðajafnræði meðal sjóðfélaga.

Á þessum grundvelli voru gerðar eftirfarandi þrjár breytingar á réttindakerfi sameignardeildar sem aðlaga það að nýjum viðmiðum fyrir lífaldur:

- i. Ný réttindatafla tók við af eldri töflu, þar sem ávinnsla mánaðarlegs lífeyris lækkar miðað við eldri töflu, en gert er ráð fyrir að sjóðfélagar lifi lengur og þeir fái því greiddan ævilangan lífeyri (ellilífeyri) í lengri tíma.
- ii. Áunnin réttindi voru umreiknuð þannig að mánaðarlegar greiðslur lækka til þess að mæta lengri ævi, mismikið eftir aldri. Mest breyting er hjá yngstu sjóðfélögnum sem áætlað er að muni ná hæstum aldri og lækkunin er svo minni eftir því sem sjóðfélagar eru eldri. Lækkunin er minnst hjá sjóðfélögum sem eru 65 ára og eldri en sá hópur er kominn með rétt til töku ævilangs lífeyris (ellilífeyris). Heildarvirði réttinda hvers sjóðfélaga eru óbreytt en lífeyririnn þarf að endast sífellt fleiri mánuði og ár eftir því sem sjóðfélaginn er yngri.
- iii. Þá voru áunnin lífeyrisréttindi í sameignardeild hækkuð um 12%, að frátöldum barnalífeyri.

Lífeyrisgreiðslur hækka

Samanlögð áhrif framangreindra réttindabreytinga á lífeyrisgreiðslur eru að þær hækka um 7,18% hjá öllum sjóðfélögum sem höfðu náð aldri til að hefja töku ævilangs lífeyris, þ.e. 65 ára og eldri. Sama hækkun gildir fyrir örorku- og makalífeyri, þó háð niðurstöðu tekjuskóðunar.

Áætlaður mánaðarlegur lífeyrir hjá sjóðfélögum yngri en 65 ára

Áhrifin eru ólík eftir árgöngum þar sem gert er ráð fyrir að yngri kynslóðir muni lifa lengur en þær sem á eftir koma. Þannig er um lækkun mánaðarlegra greiðslna að ræða hjá sjóðfélögum fæddum 1980 til 2005, á bilinu 0,2% til 3,5%. Áhrifin eru engin fyrir sjóðfélaga sem fæddir eru 1979 en hækkunin nemur frá 0,2% til 7,18% fyrir þá sjóðfélaga sem eru fæddir á árunum 1978 til 1956.

Rétt er að áréttta að jöfnun réttinda felur ekki í sér skerðingu á verðmæti réttinda sjóðfélaga. Verðmæti réttindanna haldast óbreytt en þegar meðalævin lengist verða fjármunirnir vegna skuldbindinga sjóðsins að endast lengur en áður.

Um athugasemdir við breytingar á réttindakerfi sameignardeildar

Eins og kunnugt er og vikið er að í skýrslu stjórnar tók staðfesting samþykktabreytinga mun lengri tíma í meðförum stjórnvalda en venjan er og gert var ráð fyrir. Kom það m.a. til af því að fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerði nokkrar efnislegar athugasemdir við inntak breytinganna. Þær varða einkum þrjú atriði; lágmarkstryggingavernd sameignardeildar, umreikning áunninna réttinda vegna hækkandi lífaldurs og útfærslu á nýjum réttindatöflum fyrir framtíðarréttindaávinnslu. Auk þess komu fram athugasemdir við útfærslu breytinganna frá sjóðfélaga sem hann gerði m.a. grein fyrir á ársfundi LV í mars 2022.

Í svari LV til fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna athugasemda fjármálaeftirlitsins kom m.a. fram að LV teldi samþykktabreytingarnar uppfylla lagaskilyrði. Í því sambandi var m.a. vísað til greiningar sjóðsins, umsagnar tryggingastærðfræðings sjóðsins og lögfræðiálita sem unnin voru fyrir sjóðinn.

Niðurstaða ráðuneytisins að fengnum framangreindum athugasemdum og greinargerðum var sú að samþykktirnar væru í samræmi við lög og í desember staðfesti ráðherra samþykktabreytingarnar og tóku þær gildi um sl. áramót eins og að framan greinir.

Umsögn tryggingastærðfræðings um réttindabreytingarnar

Framangreindar samþykktabreytingar LV voru eðli málsins samkvæmt unnar í nánú samstarfi og á grundvelli ráðgjafar tryggingastærðfræðings lífeyrissjóðsins, Benedikts Jóhannessonar hjá Talnakönnun hf., og annarra sérfræðinga fyrirtækisins. Eftirfarandi er umfjöllun tryggingastærðfræðings um forsendur og inntak breytinganna.

Um aðdraganda breytinga á réttindakerfi sameignardeildar

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er almennt byggt á þeim fjármunum sem sjóðfélagar hafa greitt í sjóðina og ávaxtast hafa í árunna rás. Sjóðirnir eiga engan bakhjarl. Sjóðfélaginn er hvorki varinn fyrir fjárhagslegum áföllum sem sjóðurinn kann að verða fyrir né lýðfræðilegum breytingum, svo sem lengingu ævinnar.

Í dánar- og eftirlifendatöflum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, sem staðfestar voru af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021, er í fyrsta sinn spá um mismikla lengingu meðalævinnar eftir aldri, þannig að sérhver árgangur lifi lengur en sá sem kom næstur á undan. Tryggingafræðilegar athuganir ber að miða við þær töflur sem í gildi eru á hverjum tíma. Mánaðarleg ávinnsla skal reiknuð út frá því hve langan tíma ætla má að sjóðfélagar séu á lífeyri miðað við töflurnar hverju sinni. Nýju töflurnar leiddu til þess að tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða versnaði um tæplega 10% af jafnaði, mismikið eftir aldurs- og kynjasamsetningu sjóða.

Hefði ekkert verið að gert gæfu réttindatöflur lífeyrissjóða væntingar um of mikinn lífeyri og því myndu sjóðir lenda í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt þeim. Slíkt aðgerðaleysi myndi til lengdar bitna á yngri sjóðfélögum því sjóðurinn væri að greiða of háan lífeyri og ganga þannig óhóflega á eignir. Þess vegna er eðlilegt að lengri lífaldur leiði til þess að réttindi til mánaðarlegra greiðslna minnki í samræmi við lenginguna. Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur markað þá stefnu að réttindatöflur verði endurskoðaðar í framtíðinni í hvert skipti sem nýjar dánar- og eftirlifendatöflur verði gefnar út og metið hvort tilefni sé til breytinga á réttindaávinnslu.

Sú hugsun að lengri lífeyrisaldur leiði til lægri mánaðarlegra greiðslna er vel þekkt í nær öllum lífeyrissjóðum á Íslandi. Hjá þeim er lífeyristökualdur sveigjanlegur, oft frá 60 til 80 ára aldri, en sá sem tekur lífeyrinn síðar fær hærri mánaðarlegar greiðslur en sá sem byrjar fyrr fær lægri mánaðarlegar greiðslur. Engum dettur í hug að þessi tilfærsla sé skerðing eða aukning á réttindum.

Viðbrögð vegna hækkandi lífaldurs

Til þess að bregðast við lakari stöðu lífeyrissjóðs þarf að gæta sanngirni og meðalhófs og að ekki sé á einhvern hóp sjóðfélaga hallað við breytingarnar. Sjóðir þurfa að huga sérstaklega að stöðu einstaklinga sem hafa nú þegar hafið töku lífeyris. Þeir eru sjaldan í aðstöðu til þess að bregðast við með meira vinnuframlagi.

Vegna þess að breytingarnar koma misjafnlega við árgangana var eðlilegt að aðgerðir lífeyrissjóðsins tækju mið af þeirri staðreynd. Ósanngjarnt hefði verið að breyta rétti allra sjóðfélaga til mánaðarlegs lífeyris jafnt, því þá væru í raun réttindi þeirra elstu skert en þeirra yngstu aukin, þvert á niðurstöður spárinnar. Segjum sem dæmi að meðalbreytingin yfir alla árganga hafi leitt til 8% lakari stöðu. Hefði verið gripið til 8% flatrar lækkunar mánaðarlegra réttinda allra hefði það lækkað greiðslur til níræðs lífeyrisþega, sem ævin lengist nánast ekkert hjá samkvæmt nýju töflunum, til þess að ekki þyrfti að lækka tvítugan sjóðfélaga sem yrði fjórum árum lengur á lífeyri en áður var reiknað með. Slík breyting færir réttindi frá þeim eldri til þeirra yngri.

Til þess að koma í veg fyrir slíkt óréttlæti var miðað við verðmæti réttinda sjóðfélaganna eins og þau voru samkvæmt eldri lífslíkum og mánaðarleg réttindin samkvæmt nýju töflunum lækkuð þannig að verðmæti þeirra verði það sama og það var áður. Þannig eru verðmæti ekki færð til milli hópa. Hver heldur sínu enda mikilvægt að færa lífeyrisbyrðina ekki milli kynslóða.

Það er skoðun mín að vandað hafi verið til breytinganna hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna með því að skoða margar mögulegar leiðir og lögmæti þeirra og velja svo leið sem er í samræmi við lög, réttlát fyrir alla sjóðfélaga og tryggir styrk sjóðsins til framtíðar eftir því sem kostur er.

Benedikt Jóhannesson,
tryggingastærðfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ýmsar lagfæringar og uppfærslur

Gerðar voru ýmsar breytingar á texta samþykktá sem geta talist lagfæringar eða uppfærsla á texta. Þannig var til dæmis verið að gera texta og uppbyggingu samþykktanna aðgengilegri, felld voru út nokkur ákvæði sem þjónuðu ekki lengur tilgangi sínum, ákvæði um verðtryggingu réttinda gerð skýrari og skerpt er á orðalagi á nokkrum stöðum. Sjá nánar í greinargerð með samþykktabreytingum á vef sjóðsins.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingastærðfræðingur gerir árlega tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af stjórn og kynntar á ársfundi.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun hf. Hann er ráðinn af stjórn og hefur hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Hvað felst í tryggingafræðilegri athugun

Í tryggingafræðilegri athugun er metið hvort jafnvægi sé á heildareignum og heildarskuldbindingum lífeyrissjóðsins. Þannig er annars vegar lagt mat á hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris, ásamt reiknuðu núvirði áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga, og hins vegar núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga. Ein helsta niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar er tryggingafræðileg staða. Hún segir til um getu sjóðsins til að standa undir lífeyrissréttindum sjóðfélaga.

Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er reglum samkvæmt notuð 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs.

Ítarlegar reglur um tryggingafræðilega athugun eru í lögum nr. 129/1997, m.a. í 24. og 39. gr., reglugerð nr. 391/1998, samþykktum sjóðsins og leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana.

Réttindi sjóðfélaga og væntur lífeyrir


Réttindi sjóðfélaga byggja á lögum og ákvæðum samþykktu sjóðsins, framtíðariðgjöldum og væntri framtíðarávöxtun. Sá lífeyrir sem sjóðfélagar vænta getur orðið lægri eða hærrí eftir því hvernig til tekst að ávaxta eignir sjóðsins. Þá hafa ýmsir lýðfræðilegir þættir áhrif á getu sjóðsins til að greiða lífeyri þar sem sjóðurinn er sameignarsjóður sem veitir rétt til ævilangs lífeyris, auk tímabundins örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Þróun ævilengdar sjóðfélaga, lífslíkur, er sá lýðfræðilegi þáttur sem hefur mest áhrif á tryggingafræðilega athugun lífeyrissjóða. Aðrir lýðfræðilegir þættir sem hafa áhrif eru örorkutiðni, hjúskaparstaða og tíðni barneigna.

Samkvæmt lögum skal gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef tryggingafræðileg staða sjóðsins er hærrí en 10% eða lægri en -10%. Sama gildir ef tryggingafræðileg staða er hærrí en 5% eða lægri en -5% fimm ár í röð. Breytingarnar snúa þá að því að koma tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins nær jafnvægi með því að hækka eða lækka réttindi sjóðfélaga eftir því hvernig staða sjóðsins er á hverjum tíma. Sjóðfélagar bera þess vegna þá áhættu sem felst í að ávaxta iðgjöld og eignir sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu.

Staða sjóðsins


Tryggingafræðileg staða sameignardeildar er nú -5,6% samanborið við 3,5% árið 2021.

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu



Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu 2022 úr 3,5% í -5,6% kemur til vegna neikvæðrar ávöxtunar á árinu, aukinnar verðbólgu, jöfnunar áunninna réttinda og nýrrar réttindatöflu vegna aðlögunar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga, 12% hækkun áunninna réttinda og aukins makalífeyrisréttar.

Breyting á tryggingafræðilegri stöðu árið 2022



Gerð er grein fyrir meginniðurstöðum tryggingafræðilegrar athugunar í yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar í ársreikningi og í skýringu 16.



III. Ráðgjöf og þjónusta

Þjónusta, ráðgjöf og viðburðir

LV leggur áherslu á að veita persónulega þjónustu og einstaklingsmiðaða ráðgjöf um lífeyrissparnað og úttekt lífeyris. Áhersla er lögð á þjónustu í gegnum síma, tölvupóst eða með netspjalli og vefur sjóðsins, live.is, er mikilvæg miðstöð upplýsingagjafar og þjónustu. Á sjóðfélagavefnum mitt.live.is er persónuleg staða hvers sjóðfélaga aðgengileg ásamt lífeyrisreiknivél.


Námskeið og viðburðir

Ýmis námskeið voru haldin fyrir sjóðfélaga, til að mynda árleg starfslokanámskeið og fræðsla fyrir starfsfólk VR. Fræðslumiðlun fer einnig fram á samfélagsmiðlum LV og í fjölmiðlum.

Starfsfólk sat fyrir svörum í Mannlega þættinum á Rás 1 og ræddi við hlustendur um lífeyrismál sem á þeim brunnu. Spurningarnar voru afar fjölbreyttar og voru m.a. tengdar skattamálum, erfðamálum, séreignarsparnaði, tilgreindri séreign og fleiru.

Sjóðurinn bauð til viðburðarins *Við lífum lengur* um áhrif þess að meðalævi Íslendinga lengist. Fjölmargin sóttu fundinn á Hótel Reykjavík Natura eða fylgdust með streymi.

Upptöku af fundinum var miðlað til sjóðfélaga beint og í gegn um samfélagsmiðla. Þeir voru hvattir til að veita endurgjöf og koma með hugmyndir að frekari fræðslu. Það er liður í aðgerðum sjóðsins til að þróa markvissa fræðslu og kynnast betur viðhorfum mikilvægra haghafa sem sjóðfélagar eru.



Ráðgjöf

Markmið sjóðsins er að sjóðfélagar fái sem best notið lífsins, hugðarefna sinna og áhugamála eftir lok starfsævinnar. Slagorð sjóðsins *Tíminn flýgur, hafðu það gott eftir vinnu* er hvatning um að þekkja réttindi sín og huga að líkamlegri og andlegri heilsu og félagslegri stöðu enda eru eftirlaunin aðeins einn þáttur þess að hafa það gott eftir vinnu.

Sjóðurinn framkvæmir reglulega kannanir meðal sjóðfélaga, launagreiðenda og almennings til að meta hvernig geri megi betur í fræðslu og ráðgjöf. Meðal þess sem komið hefur fram er að undirbúningur fyrir starfslok eða töku eftirlauna hefst almennt ekki fyrr en stutt er í starfslok og fáir kynna sér aðra þætti en tekjugreiðslur lífeyrissjóða í tengslum við starfslokin. Þróun á ráðgjöf og miðlun upplýsinga munu taka mið af þessum upplýsingar og mæta óskum sjóðfélaga um aukna lífeyrisráðgjöf.

Sérsniðin ráðgjöf

Ráðgjafar sjóðsins veita ráðgjöf og upplýsingar til sjóðfélaga um stöðu lífeyrisréttinda þeirra og mismunandi leiðir við útgreiðslu á eftirlaunasparnaði með tilliti til persónulegra aðstæðna. Það er vaxandi þáttur í starfsemi sjóðsins þar sem margir þekkja ekki nægilega vel valkostina sem eru í boði varðandi nýtingu lífeyrisréttinda sinna.

Fyrir þá sem vilja skoða sín réttindi býður sjóðurinn upp á öfluga lífeyrisreiknivél á sjóðfélagavef þar sem sjóðfélögum gefst tækifæri til að gera sína eigin lífeyrisáætlun og séð hver áætlaður lífeyrir væri frá öllum lífeyrissjóðum sem viðkomandi á rétt í.

Skipting réttinda hjóna

Ný reiknivél á live.is var kynnt á árinu. Hún veitir upplýsingar um mögulegan lífeyri ákveði hjón eða sambúðarfólk að skipta réttindum sín á milli. Reiknivélin aðstoðar sjóðfélaga við að skoða vandlega áhrif skiptingar réttinda. Sjóðfélagar eru jafnframt hvattir til að leita ráðgjafar varðandi áhrif skiptingarinnar. Þar sem ákvörðunin um skiptingu er óafturkræf var ákveðið að ekki væri hægt að klára skiptinguna að fullu rafrænt. Þannig vill sjóðurinn sýna ábyrgð og tryggja upplýst samþykki.

Upplýsingamiðlun

Sjóðfélagavefur og live.is

Fyrir sjóðfélaga gegnir sjóðfélagavefurinn lykilhlutverki. Þar má finna upplýsingar um réttindi, greiðslur, lán, umsóknir og skjöl. Í árlegri viðhorfskönnun kom fram að rúmlega 17% sjóðfélaga fara reglulega á sjóðfélagavefinn til að kanna réttindin sín. Ríflega helmingur hafði farið inn á sjóðfélagavefinn en ekki reglulega en einungis um 9% vissu ekki af sjóðfélagavefnum.

Vefur lífeyrissjóðsins, live.is, gegnir mikilvægu upplýsinga- og fræðsluhlutverki en þar má finna vandað efni um alla helstu þætti réttinda, sparnaðar og lána.

Aukin áhersla á upplýsingamiðlun

Áframhaldandi áhersla er lögð á upplýsingamiðlun, meðal annars með þróun stafrænna lausna.

Að undanförunu hefur sjóðurinn fjölgað sjálfsafgreiðslumöguleikum. Nú síðast varð lánaumsóknarferlið aðgengilegt á vef, þar með talið greiðslumatið. Með slíkum lausnum er verið að mæta óskum sjóðfélaga um aukna stafræna persónumiðaða þjónustu.

Þá hafa verið tekin nokkur skref til að vekja athygli sjóðfélaga á mikilvægum skilaboðum frá sjóðnum. Áhersla er á nýtingu rafrænna dreifileiða og persónumiðaða upplýsingagjöf.

Aukin notkun samfélagsmiðla

Aukin áhersla hefur verið á að nýta samfélagsmiðla til að koma áleiðis upplýsingum, fróðleik og til að fá endurgjöf frá sjóðfélögum. Facebook er hagnýtt til að koma áleiðis mikilvægum tilkynningum til sjóðfélaga og miðla fræðslu í auknu mæli. Í bréfum og fréttum frá sjóðnum hvetjum við sjóðfélaga til að fylgja sjóðnum á samfélagsmiðlum og skrá sig á póstlista.

Á árinu var LinkedIn síða sjóðsins stofnuð. Þar deilum við meðal annars fræðsluefni frá sérfræðingum sjóðsins um málefni sjálfbærrar þróunar og ábyrgra fjárfestinga og auglýsum laus störf hjá sjóðnum.

Þjónusta fyrir sjóðfélaga

Lán til sjóðfélaga

Allt frá stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 1956 hefur sjóðurinn verið virkur þátttakandi í fjármögnun fasteigna sjóðfélaga. Sjóðurinn lánar sjóðfélögum til fasteignakaupa og fjármagnar líka fasteignakaup þeirra óbeint með kaupum á sértryggðum skuldabréfum banka auk þess að hafa á sínum tíma fjárfest í skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði.


Val er um verðtryggt lán, með föstum vöxtum á lánstímanum eða með endurskoðun vaxta eftir 60 mánuði, og óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum eða með endurskoðun vaxta eftir 36 mánuði.

Hámarkslán hjá sjóðnum er sem stendur 75 milljónir króna.

Lánsrétt hafa sjóðfélagar sem hafa greitt til sjóðsins að lágmarki 6 mánuði af síðastliðnum 12 mánuðum eða í samtals 36 mánuði fyrir umsókn. Engin skilyrði eru um að greiða iðgjöld til sjóðsins á meðan á lántöku stendur.

1.300 sjóðfélagalán
afgreidd á árinu

Fjöldi útstandandi
sjóðfélagalána **6.300**



Séreign til greiðslu lána

Þeir sem greiða í séreignarsparnað geta nýtt inneign sína skattfrjálst upp að ákveðinni fjárhæð til greiðslu inn á höfuðstól lána sem tekin eru vegna íbúðarhúsnæðis. Þeir sem huga að íbúðarkaupum geta fengið séreign greidda í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þessa þjónustu sjá starfsmenn sjóðsins um án þóknunar.

29% sjóðfélaga með séreignarsparnað
hjá LV nýttu hann til greiðslu inná lán



Betri þjónusta með auknu aðgengi að trúnaðarlæknum

Á árinu urðu breytingar á fyrirkomulagi trúnaðarlækna. Nú er hægt að velja um stað og stund fyrir viðtal við trúnaðarlækni í rafrænu ferli. Með því er verið að mæta óskum sjóðfélaga um aukið svigrúm og valfrlsi.

Skráning iðgjalda og eftirlit

Um níu þúsund fyrirtæki greiða iðgjöld til sjóðsins á árinu fyrir um 50 þúsund sjóðfélaga. Móttaka og skráning iðgjalda er margþætt ferli sem kallar á samskipti við launagreiðendur, stofnanir og aðra lífeyrissjóði og felur í sér töluverðar eftirlitsaðgerðir í þágu sjóðfélaga.



IV. Eignasöfn

Leiðarljós, staða, þróun og horfur í sameign og séreign

Eignasöfn sjóðsins eru fimm, eitt eignasafn fyrir sameignardeild og fjögur fyrir séreignardeildir. Eignir safnanna námu 1.173 milljörðum króna í árslok 2022.

Sameignardeild

Sameignardeild er stærsta eignasafn LV. Þar eru ávaxtaðar eignir sem ætlað er að standa undir lífeyrisgreiðslum úr sameignardeild í formi ævilangs lífeyris og áfalla-lífeyris. Heildareign safnsins nam 1.146 milljörðum króna í árslok 2022 og nafnávöxtun ársins var neikvæð um 3,6% sem samsvarar -11,9% raunávöxtun.

Yfirlit yfir hreina ávöxtun, rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum:


Meðalávöxtun í %	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
5 ár	9,9%	4,9%
10 ár	8,9%	5,3%
20 ár	9,5%	4,6%
Ávöxtun 2022	-3,6%	-11,9%



Eignasafn sameignardeildar er annað stærsta eignasafn íslenskra lífeyrissjóða og nema eignir þess um 19% af heildareignum lífeyrissjóðakerfisins miðað við árslok 2021. Samanborið við íslenskt hagkerfi er eignasafnið stórt.


Eignasafnið hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár, einkum vegna góðrar ávöxtunar. Þannig nemur samanlagður hagnaður (fjármunatekjur) undanfarinna 10 ára um 635 milljörðum króna³ og því lætur nærri að ríflega helmingur af eignum sameignardeildar í árslok 2022 sé tilkominn vegna hagnaðar undanfarinna 10 ára.

Hrein eign sameignardeildar í árslok
í milljörðum króna



Undanfarin tíu ár hefur vægi hlutabréfa aukist sem hlutfall af eignasafni sameignardeildar. Það felur í sér meiri áhættu en ella en á móti má vænta hærri ávöxtunar til lengri tíma litið. Gerð er ítarlegri grein fyrir áherslum við eignastýringu í kaflanum Um nokkur mikilvæg leiðarljós við umsýslu eignasafna hér á eftir. Auk þess eru greinargóðar upplýsingar um áherslur og markmið við stýringu eignasafna sjóðsins í fjárfestingarstefnu sem er aðgengileg á vef sjóðsins.


Vægi hluta- og skuldabréfa í eignasafni



³ Á verðlagi hvers árs


Til að draga úr áhættu eignasafnsins tengdu íslensku hagkerfi hefur verið lögð áhersla á aukið vægi erlendra eigna í eignasafninu. Um 44% af eignum voru fjárfest utan Íslands í árslok 2022 samanborið við 27% fyrir tíu árum síðan eins og eftirfarandi mynd sýnir.

Próun á vægi innlendra og erlendra eigna
Sameignardeild



Aukið vægi erlendra eigna skilar sér í dreifðara eignasafni sem í voru rúmlega sex þúsund eignir í lok árs 2022. Eignirnar skiptast á fjölda landsvæða eins og sést á eftirfarandi mynd.

Landfræðileg skipting eigna allra eignasafna



Skalinn sýnir að það land sem er með mestu eignir út frá markaðsvirði sé Ísland með 663 milljarða króna.

Torvelt er að auka vægi erlendra eigna umfram 45% miðað við núverandi löggjöf sem að óbreyttu setur sjóðnum skorður við stýringu eignasafna út frá hagkvæmstu samsetningu. Alþingi hefur undanfarin misseri haft til umfjöllunar frumvarp sem ætlað er að heimila aukið vægi erlendra eigna en frumvarpið var enn ósamþykkt í árslok 2022.

Séreignardeildir

Réttindadeildir fyrir séreignarsparnað eru tvær, annars vegar almenn séreign, B-deild, og hins vegar tilgreind séreign, C-deild. Eignir séreignardeilda eru ávaxtaðar í fjórum ávöxtunarleiðum, Ævileið I, Ævileið II, Ævileið III og Verðbréfa-leið. Ævileiðirnar voru stofnaðar árið 2017. Verðbréfa-leið hefur verið starfsrækt frá 1999 en tekur ekki lengur við nýjum samningum.

Hrein nafnávöxtun


	Ævileið I	Ævileið II	Ævileið III	Verðbréfa-leið
Meðalávöxtun sl. 5 ár	7,2%	6,2%	3,5%	9,9%
Ávöxtun 2022	-8,0%	-5,2%	1,3%	-3,5%

Hrein raunávöxtun

	Ævileið I	Ævileið II	Ævileið III	Verðbréfa-leið
Meðalávöxtun sl. 5 ár	2,4%	1,5%	-1,1%	5,0%
Ávöxtun 2022	-15,9%	-13,3%	-7,3%	-11,8%

Eignir í séreignardeildum námu 27 milljörðum í lok árs 2022. Nánari upplýsingar um hverja ávöxtunarleið er að finna í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Próun á stærð séreignasafna



Um nokkur mikilvæg leiðarljós við umsýslu eignasafna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er langtímafjárfestir. Það þýðir að markmið eignasafns sameignardeildar er að ná sem hæstri ávöxtun til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Stýring eignasafnsins er strategísk í eðli sínu (horfir til lengri tíma) en um leið er beitt taktískri stýringu við stýringu eigna. Taktísk stýring felur í sér skemmri tíma áherslur í eignasafni út frá mati á markaðshorfum til skemmri tíma.

Markmið um háa ávöxtun til lengri tíma felur öllu jöfnu í sér hærra hlutfall hlutabréfa eins og raunin er í eignasafni sameignardeildar en þar hefur vægi hlutabréfa af heildareignum verið á bilinu 49% til 61% undanfarin 5 ár. Áhrif þess eru hærra ávöxtun þegar markaðir hækka (eins og raunin hefur verið undanfarin ár) en að sama skapi lægri ávöxtun til skemmri tíma litið eins og raunin var á liðnu ári. Eðli hlutabréfa í eignasafni er meiri áhætta (sveiflur í ávöxtun) en jafnframt betri ávöxtun til lengri tíma litið og það hefur verið raunin hjá sameignardeild.

Einn af hornsteinum eignastýringar LV er áhersla á ábyrgar fjárfestingar. Sjóðurinn gaf út stefnu um ábyrgar fjárfestingar á árinu 2021 og þar eru tíundaðar áherslur sjóðsins í þessum efnum. Ábyrgar fjárfestingar snúast fyrst og fremst um viðbótar áhættugreiningu á fjárfestingarkostum út frá umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Slík greining kemur til viðbótar við hefðbundna fjármálagreiningu og styður því við ákvörðunartöku. Innleiðingu á stefnu um ábyrgar fjárfestingar er ekki lokið hjá sjóðnum. Á árinu var m.a. ráðinn sérfræðingur í sjálfbærnimálum á sviði eignastýringar. LV er fyrsti innlendi sjóðurinn sem stígur það skref að ráða sérstakan starfsmann í slíkt starf. Nánar er fjallað um áherslur sjóðsins í þessum efnum í kafla V ábyrgar fjárfestingar.


Verðbréfamarkaðir 2022 og horfur

Undanfarinn áratug hefur alþjóðlegt efnahagslíf einkennst af lítilli verðbólgu og lágvaxtaumhverfi en viðsnúningur varð á þeirri þróun í fyrra. Eftir innrás Rússa í Úkraínu jókst óvissa í efnahagsmálum og alþjóðlegar aðfangakeðjur urðu fyrir skakka-föllum. Töluvert umrót hefur skapast á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum með tilheyrandi verðhækkunum. Í kjölfarið hefur verðbólga um allan heim aukist enn frekar og hefur verðbólga í viðskiptalöndum Íslands ekki verið meiri í fjóra áratugi⁴. Til að sporna við síversnandi verðbólguhorfum og aukinni spennu á vinnumörkuðum hafa vextir seðlabanka helstu ríkja heimsins hækkað mikið á skömmum tíma. Alþjóðlegur hagvöxtur gaf eftir á seinni hluta ársins 2022 og hagvaxtarhorfur til næstu ára hafa versnað.

Erlendir fjármálamarkaðir

Óhagfelld efnahagsþróun hafði neikvæð áhrif á skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði á alþjóðavísu árið 2022. Heimsvísitala skuldabréfa (Barclays Global Aggregate Index) lækkaði um 8,4% í krónum milli ára og jafnframt lækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World) um 10,5% í krónum⁵. Sjaldan hefur orðið álíka mikil lækkun bæði á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum á sama tíma og þarf að horfa fleiri áratugi aftur í tímann til að finna viðlíka þróun. Sú mikla fylgni sem var milli hlutabréfa og skuldabréfa hafði því neikvæð áhrif á dreifð eignasöfn.

Verðþróun hlutabréfa og skuldabréfa á árinu 2022



Verðbólgan reyndist þrálátari á síðasta ári en greiningaraðilar höfðu áætlað og hækkuðu vextir hraðar og meira en spáð var í byrjun árs. Mikil óvissa var um verðlagsþróun allt árið og óvíst hve mikið seðlabankar þyrftu að herða taumhald til að ná tókum á undirliggjandi verðbólguþrýstingi.

Bandaríski seðlabankinn hóf vaxtahækkunarferli í mars 2022 og hefur hækkað vexti sjö sinnum síðan þá og sá evrópski hóf vaxtahækkunarferli í júlí og hefur hækkað vexti þrisvar sinnum frá þeim tíma. Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa og fyrirtækjabréfa hækkaði þar af leiðandi beggja vegna Atlantshafsins en hækkandi ávöxtunarkrafa endurspegladist í verðlækkun á skuldabréfamörkuðum. Í ofanálag við hækkun vaxta hafa seðlabankar dregið úr uppkaupum á skuldabréfamarkaði (e. Quantitative easing) og snúið blaðinu við og eru nú orðnir seljendur skuldabréfa (e. Quantitative tightening).


⁴ Peningamál Seðlabanka Íslands 2022|4

⁵ Í Bandaríkjadal lækkaði heimsvísitala skuldabréfa um 16,2% og heimsvísitala hlutabréfa um 18,1%

Það hefur haft þau áhrif á fjármálamarkaði að seljanleiki hefur minnkað hratt með tilheyrandi verðlækkunum. Samhliða minni seljanleika á skuldabréfamörkuðum og ótta við efnahagssamdrátt jókst fyrirtækjaálag á skuldabréfamarkaði bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa í Evrópu (Bloomberg Euro Corporate Total Return) lækkaði um 11,3% mælt í krónum en vísitala fyrirtækjaskuldabréfa í Bandaríkjunum (Bloomberg US Corporate Total Return) lækkaði um 7,9% í krónum talið⁶. Þá lækkuðu ríkisskuldabréf á Evrusvæðinu (S&P Eurozone Sovereign Bond Index Total Return) um 14,9% mælt í krónum talið og bandarísk ríkisskuldabréf (Bloomberg US Treasury Total Return Index) lækkuðu um 4,3% í krónum talið⁷.

Verðþróun á skuldabréfamörkuðum á árinu 2022




⁶ Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa í Evrópu lækkaði um 13,6% í evrum og í vísitala fyrirtækjaskuldabréfa í Bandaríkjunum lækkaði um 15,8% í Bandaríkjadal.

⁷ Á Evrusvæðinu lækkuðu ríkisskuldabréf um 14,9% í evrum og bandarísk ríkisskuldabréf lækkuðu um 12,4% í Bandaríkjadal.

Eftirspurn eftir vörum og þjónustu fór dvínandi á síðasta ári og umrót á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum setti aðfangakeðjur í uppnám með neikvæðum áhrifum á efnahagssumsvif. Á sama tíma settu hratt hækkandi vextir pressu á hlutabréfamarkaði þar sem fórnarkostnaður fjármagns hafði hækkað. Krafa um ávöxtun hlutabréfa varð hærri og fjármögnunarkostnaður fyrirtækja jókst. Hægari efnahagssumsvif drógu úr væntum tekjuvexti og væntum hagnaði fyrirtækja á erlendum mörkuðum á seinni hluta ársins með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á hlutabréfaverð. Sé horft til einstakra hlutabréfamarkaða lækkuðu hlutabréf í Bandaríkjunum (MSCI US) um 12,3% mælt í krónum og hlutabréf í Evrópu (MSCI Europe) lækkuðu um 7,1% í krónum⁸. Hlutabréf nýmarkaðsríkja (MSCI Emerging Markets) lækkuðu þó einna mest eða um 12,6% mælt í krónum⁹. Þessar vísitölur segja til um ávöxtun að teknu tilliti til arðs.

Verðþróun á hlutabréfamörkuðum á árinu 2022



⁸ Vísitala hlutabréfa í Bandaríkjunum lækkuðu um 19,8% í Bandaríkjadal og vísitala hlutabréfa í Evrópu lækkaði um 9,5% í evrum

⁹ Vísitala hlutabréfa í nýmarkaðsríkjum lækkaði um 20,1% í Bandaríkjadal

Enn er mikil óvissa um alþjóðlegar efnahagshorfur og ráðast þær að miklu leyti af framvindu og afleiðingum stríðsátaka í Úkraínu. Framleiðsluflanir eru enn til staðar og ef kæmi til frekari skerðingar á orkuinnflutningi til Evrópu gætu horfur versnað enn frekar og verðbólga orðið þrálátari. Óvíst er því hve hratt alþjóðlegar aðfangakeðjur og fjármálaleg skilyrði komast í eðlilegt horf en hrávörur virðast hafa náð hámarki sínu, tímabundið hið minnsta.


Innlendir fjármálamarkaðir

Ísland hefur ekki farið varhluta af aukinni alþjóðlegri verðbólgu þótt áhrifa af hærra orkuverði gæti í töluvert minna mæli hér á landi en víða erlendis. Hér á landi stóð ársverðbólga í 9,6% í árslok 2022 en vaxandi verðbólga hérlendis er m.a. tilkomin vegna hækkandi húsnæðisverðs auk innfluttrar verðbólgu. Gengi krónunnar gaf eftir gagnvart helstu viðskiptamyntum, sérstaklega á seinni hluta síðasta árs, og hafði það áhrif til verðhækkunar innfluttra vara. Veiking krónunnar var mest gagnvart Bandaríkjadal eða 9,4% en minni gagnvart evru eða 2,7%. Á síðasta ári styrktist Bandaríkjadalur gagnvart helstu myntum heims en vaxtahækkunarferlið vestanhafs hófst fyrr en í Evrópu og jafnframt voru hækkunarferlið snarpari sem ýtti undir styrkingu gjaldmiðilsins á síðasta ári.

Seðlabanki Íslands hóf vaxtahækkunarferli í maí árið 2021 vegna aukins verðbólguþrýstings og hafði bankinn hækkað stýrivexti tíu sinnum frá þeim tíma í árslok 2022 en þá stóðu stýrivextir í 6% sem eru þeir hæstu síðan haustið 2010. Snarpar vaxtahækkunarferlið, umfram væntingar á markaði, höfðu í för með sér umtalsverða hækkun á ávöxtunarkröfu skuldabréfa á nýliðnu ári. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði um 3 til 6 prósentustig, og sömuleiðis hækkaði ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa um 1 til 2 prósentustig. Hækkun á ávöxtunarkröfu skuldabréfa endurspegladist í verðlækkunum á skuldabréfamarkaði.

Vísitala 5 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa lækkaði um 6,8% á síðasta ári. Verðtryggð skuldabréf nutu góðs af aukinni verðbólgu og lækkaði vísitala 10 ára verðtryggðra ríkisskuldabréfa mun minna eða sem nemur 1,6%. Verðtryggð skuldabréf til 5 ára stóðu einna best að vígi og hækkaði vísitalan um 0,7% á árinu. Nokkur óvissa hefur skapast á skuldabréfamarkaði í kjölfar tilkynningar Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um hugsanleg slit á ÍL-sjóði. Framvinda þess er enn um margt óljós og erfitt að ráða á þessari stundu en til skemmri tíma hefur áhættan aukist.

Verðþróun innlendra skuldabréfa á árinu 2022



Líkt og erlendis hafa versnandi efnahagshorfur, hækkandi verð á aðföngum og hækkandi fjármagnskostnaður haft áhrif til verðlækkunar á innlendum hlutabréfamarkaði. Heildarvísitala íslenskra hlutabréfa (OMXIGI) lækkaði um 12% á síðasta ári en vísitalan segir til um ávöxtun að teknu tilliti til arðs. Þótt þróun vísitölunnar hafi heilt yfir verið neikvæð er ávöxtun félaga ólík. Nokkur félög skiluðu jákvæðri ávöxtun og almennt má segja að góður gangur hefur verið í rekstri félaga, hvort sem litið er til innlenda bankakerfisins eða innlendra rekstrarfélaga, sjávarútvegsfélaga eða félaga í flutningastarfsemi. Töluverðum fjármunum hefur verið skilað til fjárfesta í formi arðgreiðslna, endurkaupa á eigin hlutabréfum og töluvert hefur verið um sölur eigna af efnahagsreikningum félaga sem mynda söluhagnað, þar með talið sölu Símans á Milu, Origo á Tempo og innviðum Sýnar.

Verðþróun innlendra skráðra hlutabréfa (OMXIGI) á árinu 2022



Einnig er jákvætt að innlend hlutabréf voru færð upp í flokk nýmarkaða (e. Secondary Emerging) í gæðamati hjá alþjóðlega vísitölufyrirtækinu FTSE í september. Í gæðamatinu horfa vísitölufyrirtækin á ýmsa þætti er lúta að stærð markaðarins, seljanleika og markaðsumgjörð. Breytingin er til lengri tíma litið jákvæð fyrir íslenskan verðbréfamarkað.

Horfur næstu árin

Óvissa er um efnahagsþróun á næstunni en auknar líkur eru á efnahagssamdrætti á árinu 2023, sérstaklega í Evrópu. Stríðsátökin í Úkraínu höfðu í för með sér orkukreppu í Evrópu þar sem verð á gasi varð allt að fjórfalt hærra í fyrra en árið á undan¹⁰. Ef orkuskorturinn verður viðvarandi gæti það haft verulega neikvæð áhrif á hagvöxt í álfunni. Hærrí fjármagnskostnaður beggja vegna Atlantshafsins og minnkandi efnahagsumsvif munu því áfram einkenna þróun fjármálamarkaða á nýju ári. Innlent hagkerfi stendur þó vel og að mörgu leyti betur en í flestum viðskiptaríkjum landsins. Skuldsetning í hagkerfinu er hófleg, hvort sem litið er til ríkissjóðs, fyrirtækja eða heimila og útflutningsgreinar okkar standa vel eftir hækkun á verði útflutningsafurða. Einnig er jákvætt að innlend hlutabréf voru færð upp í flokk nýmarkaða (e. Secondary Emerging) í gæðamati hjá alþjóðlega vísitölufyrirtækinu FTSE.


Það má gera ráð fyrir áframhaldandi verðsveiflum á eignamörkuðum á næstu misserum. Undanfarið ár hafa seðlabankar sýnt að þeir eru fljótir að styðja við hagkerfin þegar illa gengur að viðhalda fjármálastöðugleika og/eða hagvexti. Að lokum má nefna að eftir lækkanir á eignamörkuðum undanfarið hefur verðlagning hlutabréfa og skuldabréfa orðið hagstæðari.

¹⁰ IMF World Economic Outlook October 2022

Um eignasafn sameignardeildar

Árið 2022 reyndist afar krefjandi á eignamörkuðum. Nafnávöxtun sameignardeildar var -3,5%¹¹ en árin á undan hafa verið einkar góð í ávöxtunarlegu tilliti og eru árin 2019 til og með 2021 ein þau bestu í sögu sjóðsins.


Árleg nafnávöxtun sameignardeildar



Sé horft til ávöxtunar eignaflokka á árinu 2022 samanborið við 2021 koma enn betur í ljós þær miklu breytingar sem urðu á milli ára.

Innlend skuldabréf í eignasafni sjóðsins hækkuðu um 6 til 7% á árinu þrátt fyrir hækkandi vaxtastig sem öllu jöfnu leiðir til verðlækkana á skuldabréfum. Skýringuna má einkum finna í vægi verðtryggðra skuldabréfa, en hlutfall þeirra nemur um 68% af skuldabréfasafni sjóðsins í árslok. Auk þess er um 79% af innlendri skuldabréfaeign LV færð á kaupávöxtunarkröfu og því ónæg fyrir markaðsbreytingum. Breyting á gengi gjaldmiðla gagnvart ISK hafði jákvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna á árinu og er ávöxtun ársins tæplega 3% betri en hún hefði annars verið sé miðað við óbreytt gengi gjaldmiðla.

Nafnávöxtun eignaflokka 2021 og 2022




Eign sjóðsins í skráðum og óskráðum hlutabréfum er í eignaflokkum 4 og 6 og þar má glögglega sjá viðsnúninginn á milli ára. Töluverð lækkun var á hlutabréfamörkuðum eins og rakið var í markaðskaflanum hér á undan og bæði innlend og erlend hlutabréfasöfn sjóðsins bera þess merki. Nokkur hluti hlutabréfaeignar sjóðsins er óskráður og sá hluti skilaði mun betri ávöxtun en skráð hlutabréf á liðnu ári. Eðli slíkra eigna er þó verðmat sem breytist hægar en í tilfalli skráðra eigna og því má leiða líkum að því að hluti þeirra eigna eigi eftir að lækka að óbreyttu.

¹¹ Ávöxtun áður en rekstrarkostnaður LV er dreginn frá

Sé tekið mið af ofangreindu kemur ekki á óvart að framlag hlutabréfa til ávöxtunar var neikvætt um 6,1% eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Á móti kemur að innlend skuldabréf höfðu jákvæð áhrif um 2,3% og aðrar erlendar eignir höfðu lítillag jákvæð áhrif en þar er bæði um að ræða erlenda skuldabréfasjóði og innviðasjóði.


Framlag eignaflokka til ávöxtunar án kostnaðar



Um 44% af eignum sameignardeildar er ávaxtaður í erlendri mynt í árslok 2022 samanborið við rúmlega 45% í árslok 2021. Eins og fram kemur í fjárfestingarstefnu sjóðsins er lögð áhersla á áhættudreifingu í eignasafninu og erlendar eignir eru mikilvægur þáttur í því samhengi. Sé horft til undirliggjandi eigna sjóðsins má þannig sjá að eignasafnið tekur nú til ríflega 6 þúsund eigna sem dreifast á 81 land og 6 heimsálfur.

Eignasamsetning sameignardeildar tók nokkrum breytingum á árinu eins og sést á eftirfarandi mynd. Vægi hlutabréfa í eignasafninu lækkaði úr 61% í 56%, einkum vegna lækkunar á hlutabréfamörkuðum. Hér á eftir er farið yfir staka eignaflokka og stiklað á stóru þegar kemur að liðnu ári.

Eignasamsetning sameignardeildar 2021 og 2022



Nánar um einstaka eignaflokka

1. Ríkisskuldabréf

Nafnávöxtun var jákvæð um 3% á liðnu ári sem einkennist m.a. af hækkandi vöxtum og aukinni verðbólgu. Tilkynning fjármála- og efnahagsráðherra um hugsanleg slit á ÍL-sjóði hafði í för með sér verulega verðlækkun á sk. HFF skuldabréfum sem námu um 8% af heildareignum LV fyrir tilkynningu ráðherra.

2. Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf

Nafnávöxtun var jákvæð um 8,3% á liðnu ári sem má m.a. rekja til ávöxtunar sjóðfélagalána en þau námu rúmlega 9% af heildareignum LV.

3. Önnur skuldabréf

Nafnávöxtun var jákvæð um 10,5% á liðnu ári sem skýrist m.a. af ávöxtun sveitarfélagabréfa sem vega þyngst í eignaflokknum en þau nutu góðs af verðtryggingu í miklum verðlagshækkunum.

4. Innlend hlutabréf

Nafnávöxtun var neikvæð um 11,6% á liðnu ári sem stafar helst af neikvæðri ávöxtun skráðra hlutabréfa á innlendum markaði en þau vógu um 13% af heildareignum LV.

5. Innlent laust fé

Innlent lausafé nam um 1% af eignasafni sameignardeildar í árslok 2022. Nafnávöxtun var jákvæð um 5,1% á liðnu ári.

6. Erlend hlutabréf

Nafnávöxtun í íslenskum krónum var neikvæð um 9,2% á liðnu ári en hlutabréf lækkuðu á síðasta ári beggja vegna Atlantshafsins samhliða hækkandi vöxtum og versnandi efnahagshorfum.

7. Aðrar erlendar eignir

Nafnávöxtun í íslenskum krónum var jákvæð um 7,5% á liðnu ári sem skýrist helst af góðri ávöxtun innviðasjóða en þeir vega þyngst innan eignaflokksins og nema um 2% af heildareignum LV. Á móti vegur neikvæð ávöxtun skuldabréfasjóða á árinu.


Um eignasöfn séreignardeilda

Réttindadeildir fyrir séreignarsparnað eru tvær, annars vegar almenn séreign, B-deild, og hins vegar tilgreind séreign, C-deild. Eignir séreignardeilda eru ávaxtaðar í fjórum ávöxtunarleiðum, Ævileið I, Ævileið II, Ævileið III og Verðbréfaleið. Ævileiðirnar voru stofnaðar árið 2017. Verðbréfaleið hefur verið starfsrækt frá 1999 en tekur ekki lengur við nýjum samningum.

Verðbréfaleið


Fjárfestingarstefna Verðbréfaleiðar endurspeglar fjárfestingarstefnu sameignardeildar lífeyrissjóðsins. Hrein ávöxtun Verðbréfaleiðar á árinu 2022 var -3,5% sem svarar til -11,8% raunávöxtunar. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ár er 5,0 % og 5,4% síðustu tíu ár. Líkt og í tilfalli sameignardeildar, sem lesa má um í kaflanum Um eignasöfn sameignardeildar var það einna helst eign í innlendum og erlendum hlutabréfum sem dró ávöxtun ársins niður.

Árleg nafnávöxtun Verðbréfaleiðar



Eignasamsetning Verðbréfaleiðar er sú sama og í sameignardeild. Eignasamsetning nær allra eignaflokka er nálægt fjárfestingarstefnu í árslok 2022.

Eignasamsetning Verðbréfaleiðar 2021 og 2022




Ævileið I

Fjárfestingarstefna Ævileiðar I heimilar fjárfestingu m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, bæði skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármálagerningum. Heimilt er að fjárfesta í innlendum og erlendum verðbréfum en hámarksfjárfesting í erlendum verðbréfum er 50% af eignum fjárfestingarleiðarinnar.


Ávöxtun Ævileiðar I var neikvæð á síðasta ári eftir þrjú mjög góð ár. Líkt og í tilfelli samtryggingar skýrist neikvæð ávöxtun að mestu af innlendum og erlendum hlutabréfum sem voru með samsvarandi -3% og 3,7% neikvætt ávöxtunarframlag í heildar-ávöxtun ársins.

Árleg nafnávöxtun Ævileiðar I



Samkvæmt fjárfestingarstefnu leiðarinnar er stefnt að því að helmingur safnsins sé í hlutabréfum og helmingur í skuldabréfum. Eins og neðangreind mynd ber með sér var dregið úr vægi erlendra hlutabréfa á árinu en á móti aukið við vægi innlendra hluta- og skuldabréfa.

Eignasamsetning Ævileiðar I 2021 og 2022




Ævileið II

Ævileið II horfir einkum til meðallangs tíma við ávöxtun fjármuna að teknu tilliti til áhættu. Ævileið II hefur heimild til að fjárfesta m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, bæði skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármálagerningum. Heimilt er að fjárfesta í innlendum og erlendum verðbréfum en hámarksfjárfesting í erlendum verðbréfum er 50% af eignum fjárfestingarleiðarinnar.


Ávöxtun Ævileiðar II var neikvæð um 4,9% á árinu 2022. Þótt ávöxtunin hafi verið neikvæð er hún betri en ávöxtun Ævileiðar I sem skýrist af meira vægi skuldabréfa og minna vægi hlutabréfa. Ávöxtunarframlag er þó svipað og í öðrum fjárfestingarleiðum LV, þ.e. neikvæð ávöxtun hlutabréfa skýra -3,7% af ávöxtun leiðarinnar. Innlend skuldabréf voru með misgóða ávöxtun, jákvæð ávöxtun var í veðskuldabréfum og fasteignatryggðum skuldabréfum á meðan önnur skuldabréf skiluðu neikvæðri ávöxtun.

Árleg nafnávöxtun Ævileiðar II



Ævileið II er áhættuminnu safn en Ævileið I og stefna leiðarinnar er að hlutfall skuldabréfa sé um 75% af safninu á móti 25% vægi hlutabréfa. Líkt og í Ævileið I var dregið úr vægi erlendra hlutabréfa á árinu en á móti bætt við innlendum hluta- og skuldabréfum.

Eignasamsetning Ævileiðar II 2021 og 2022




Ævileið III

Áhætta Ævileiðar III er takmörkuð sem næst með samsetningu skuldabréfa og innlána. Markmið safnsins er að varðveita áunna eign en skila um leið jákvæðri raunávöxtun.

Ávöxtun Ævileiðar III var jákvæð sem nemur 1,5% á árinu 2022.


Árleg nafnávöxtun Ævileiðar III



Ævileið III horfir til meðallangs eða skemmri tíma við ávöxtun fjármuna að teknu tilliti til áhættu. Samkvæmt fjárfestingarstefnu fjárfestir Ævileið III í skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum og innlánunum. Stefnt er að því að 80% safnsins séu í skuldabréfum og 20% í innlánunum eða lausafjárjódum. Hlutabréf eru ekki hluti af fjárfestingarmengi Ævileiðar III.

Á árinu var dregið úr vægi lauss fjár og ríkisskuldabréfa en í staðinn fjárfest í auknum mæli í sértrygð skuldabréf sem tilheyrja eignaflokki 2.

Eignasamsetning Ævileiðar III 2021 og 2022





V. Ábyrgar fjárfestingar

Stefna, framkvæmd, árið, komandi verkefni og samstarf

LV er langtímafjárfestir sem hefur að markmiði að hámarka ávöxtun að teknu tilliti til áhættu sem hámarkar réttindi sjóðfélaganna. Það samræmist langtímasýn sjóðsins að horfa til fjárfestinga í fjármálagerningum sem gefnir eru út af fyrirtækjum, opinberum aðilum og öðrum útgefendum sem byggja starfsemi sína á sjálfbærum grundvelli. Í því er horft til þriggja grunnviðmiða í sjálfbærum rekstri, þ.a. jafnvægis milli efnahagslegrar hagsældar, samfélagslegrar velsældar og ábyrgar nýtingar náttúruauðlinda. Sjálfbærni felst m.a. í því að samfélagið geti þróast og uppfyllt þarfir samtímans án þess að rýra möguleika komandi kynslóða til að uppfylla sínar þarfir.



Stefna um ábyrgar fjárfestingar

LV setti sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar síðla árs 2021 og stefnt er að því að ljúka við innleiðingu hennar á árinu 2023. Í stefnunni kemur fram að fjárfestingarkostir og stýring eignasafna byggji á sjálfbærnisjónarmiðum byggðum á greiningu umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttá, skammstafað UFS, í samræmi við viðurkennd viðmið. Stefnan festir í sessi þær kröfur sem sjóðurinn gerir þegar kemur að aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga. Í því felst að sjóðurinn

- setur sér stefnu um málefnið.
- mælir árangur.
- upplýsir um framvindu og árangur.

Markmiðið er að auka áherslu á sjálfbærar fjárfestingar og samþætta aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga við hefðbundna greiningu fjárfestingakosta og aðferðafræði við samval verðbréfa. Í því felst m.a. að

- leggja áherslu á fjárfestingarkosti sem styðja við ábyrga langtímaávöxtun að teknu tilliti til áhættu.
- hafa uppbyggileg og virðisaukandi áhrif á starfsemi útgefenda fjármálagerna sem fjárfest er í.
- greina og sneiða hjá atvinnugreinum og fyrirtækjum sem LV forðast að sækja ávöxtun til vegna eðlis atvinnugreina eða rekstrar viðkomandi fyrirtækis.
- styðja við virka og árangursríka áhættustýringu.

Stefnan nær til allra eignasafna LV og tekur bæði til fjárfestingarferlis og eigendahlutverks LV.

Aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga er byggð á skilgreiningu „Principles for Responsible Investment (PRI)“, þ.e. stýringu eignasafna með tilliti til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttá, bæði hvað varðar

- fjárfestingarákvarðanir og uppbyggingu eignasafna
- eigendahlutverks, m.a. þar sem LV er hluthafi eða skuldabréfaeigandi.

Val aðferða ábyrgra fjárfestinga fer eftir eðli fjárfestinga, m.a. eignaflokki, landsvæði og hvort um beint eignarhald sé að ræða eða fjárfestingu gegnum þriðja aðila. Aðferðafræðin á einkum við um beinar fjárfestingar LV en eru einnig hafðar til hliðsjónar við fjárfestingu í sjóðum og þar sem gerðir eru eignastýringarsamningar við þriðja aðila.

Unnið hefur verið að innleiðingu stefnunnar á árinu 2022. Sú vinna hefur tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert. Stefnt er að því að ljúka meginþáttum innleiðingarinnar fyrir árslok 2023.

Stefna um útilokanir í eignasöfnum

Samhliða stefnu um ábyrgar fjárfestingar gaf LV út stefnu um útilokun fjárfestingakosta í eignasöfnum sjóðsins með tilliti til ábyrgra fjárfestinga. Markmiðið er að útiloka að hluta eða að fullu fjárfestingar í tiltekinni starfsemi sem samræmist ekki skilgreindum viðmiðum. LV útilokar þannig verðbréf úr eignasafni sínu séu þau gefin út af fyrirtæki eða opinberum aðila sem hefur tekjur af tiltekinni starfsemi eða gerist brotlegur við ákvæði tiltekinna alþjóðasáttmála. Meðal þess sem útilokað er úr eignasöfnum LV:

- Framleiðendur tóbaks.
- Framleiðendur umdeilda vopna.
- Fyrirtæki sem rekja hluta tekna sinna til tiltekinna flokka jarðefnaeldsneytis.
- Útgefendur sem fylgja ekki meginreglum UN Global Compact, sem byggir á tilteknum alþjóðasamningum.

Í árslok 2022 var 141 fyrirtæki á útilokunarlista sjóðsins og langstærstur hluti útilokana er tengdur jarðefnaeldsneyti. Frá upphafi hefur sjóðurinn selt fyrirtæki fyrir rúma 3 milljarða kr. vegna útilokunarstefnunnar. Það eru takmarkanir á að framfylgja útilokunarstefnu í ákveðnum eignaflokkum eins og vísitölusjóðum.

Upplýsingagjöf

LV leggur áherslu á aukið gagnsæi í upplýsingamiðlun. Sem liður í því að fylgja eftir stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar og virkt eignarhald birtir sjóðurinn að minnsta kosti árlega opinberlega, á vef sjóðsins, heildarlista um eftirtalda þætti:

- Fyrirtæki sem LV hefur útilokað sem fjárfestingarkost samkvæmt stefnu sjóðsins og ástæður þess.
- Beitingu atkvæðaréttar LV á hluthafafundum innlendra hlutafélaga.
- Upplýsingar um sundurliðun eigna sjóðsins, sjá nánar í ársreikningi.

Verkefni á árinu

Á liðnu ári var unnið að því að byggja upp þekkingu og færni á sviði ábyrgra fjárfestinga og greiningar á efnislega mikilvægum þáttum sem varða sjálfbærni í eignasöfnum. Meðal þess má nefna:

- Fyrstu skref voru tekin í að greina kolefnisfótspor eignasafna sjóðsins. Stefnt er að því að kynna niðurstöðu greininga á árinu 2023.
- Undirbúningur hófst við greiningu á loftslagstengdum ógnunum og tækifærum varðandi eignasöfn LV. Við þá vinnu er byggt á **TCFD** (Task Force on Climate-related Financial Disclosures) auk þeirrar aðferðafræði og gagnagrunna sem stuðst er við í greiningu á kolefnisfótspori eignasafna sjóðsins.
- Unnið er að uppbyggingu þekkingar og færni á aðferðafræði tengdum ábyrgum fjárfestingum innan eignastýringar sjóðsins. Ráðinn var starfsmaður á eignastýringarsvið til að hafa umsjón með ábyrgum fjárfestingum. Þá eru verkefni þessu tengt einnig vaxandi þáttur í störfum áhættustýringar og lögfræðisviðs.
- Unnið var að undirbúningi innleiðingar reglugerða ESB sem varða sjálfbæran rekstur og ábyrgar fjárfestingar og falla undir EES-samningin. Fyrir Alþingi liggur frumvarp um lögfestingu reglugerðanna og verði það samþykkt óbreytt taka lögín gildi 1. júní 2023.

- Innlendir og erlendir eignastýrendur LV voru greindir með tilliti til UFS þátta. Greiningin byggir á aðferðafræði LV sem tekur mið af viðurkenndum viðmiðum.
- LV sendi UFS spurningalista á skráð innlend hlutafélög á árinu til að kanna UFS stöðu þeirra. Jafnframt var kallað eftir upplýsingum frá eignastýrendunum um UFS þætti fyrir undirliggjandi fyrirtæki þeirra sjóða sem þeir stýra og LV á hlut í. Slík gagnaoðflun verður hér eftir árleg.
- LV átti samtöl við fjölmarga útgefendur fjármálagerninga í eignasöfnum LV og einnig í tengslum við mat á mögulegum fjárfestingarkostum.

Þátttaka í samstarfi sem varðar sjálfbærni í rekstri og ábyrgar fjárfestingar

LV tekur þátt í margskonar samstarfi varðandi ábyrgar fjárfestingar og sjálfbæra þróun m.t.t. eignasafna og sjálfbærs rekstrar:

- LV hefur verið aðili að **PRI** (Principles for Responsible Investment) frá árinu 2006 þegar sjóðurinn gerðist stofnaðili. PRI er tengt Sameinuðu þjóðunum og vinnur að innleiðingu aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga.
- LV hefur verið aðili að **IcelandSIF** frá árinu 2017 þegar sjóðurinn gerðist stofnaðili. Hlutverk samtakanna er að efla þekkingu félagsaðila á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga. Jafnframt situr forstöðumaður eignastýringar í stjórn samtakanna.
- LV hefur verið aðili að **Festu – miðstöðvar** um sjálfbærni, frá árinu 2018. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á sjálfbærni fyrirtækja, stofnana og hverskyns skipulagsheilda. Forstöðumaður lögfræðisviðs er formaður samtakanna.
- Starfsfólk LV tekur virkan þátt í starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða, m.a. á vettvangi nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða og nefndar um áhættustýringu lífeyrissjóða, þar sem málefni ábyrga fjárfestinga er á döfinni. Þá er formaður stjórnar lífeyrissjóðsins í stjórn samtakanna.

Fjárfestingar í hreinni orkuframleiðslu og öðrum loftslagslausnum

- LV hefur sett sér markmið um að fjárfesta fyrir 150 milljarða króna í hreinni orkuframleiðslu og loftslagstengdum verkefnum fyrir árið 2030, í tengslum við aðild sjóðsins að CIC, Climate Investment Coalition.
- Þátttaka LV er liður í auknum áherslum lífeyrissjóðsins á ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Með þátttöku LV í CIC vill LV styðja við markmið Parísarsáttmálans frá árinu 2015 um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Verkefnið hefur farið hægar af stað en ráð var fyrir gert og nemur eign í CIC eignum ríflega 30 milljörðum króna í árslok 2022. Torsóttara hefur reynst að finna fýsilega fjárfestingarkosti en ráð var fyrir gert en vonandi rætist þar úr á næstunni samfara örrí þróun á þessu sviði.

Um áskoranir framundan

Þó margt hafi áunnist í starfsemi LV varðandi ábyrgar fjárfestingar er margt óunnið. Hér eru dæmi um nokkrar áskoranir og verkefni sem eru framundan:

- Innleiðing á samþættingu UFS greiningar í fjárfestingarferli almennt hefur tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert. Stefnt er að því að ákveðin skref verði stigin í þeim eignum á árinu 2023 og 2024.
- Það felst áskoranir í innleiðingu væntanlegra reglugerða og tilskipana ESB um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbæran rekstur sem fastlega er gert ráð fyrir að verði innleiddar í íslenskan rétt á árinu 2023 og á komandi árum. Reglurnar byggja einkum á áætlun ESB frá árinu 2018 um fjármögnun sjálfbærs vaxtar (Action Plan: Financing Sustainable Growth – COM 2018-97). Hér er um umfangsmikið og margbrotið regluverk að ræða. Sjóðurinn býr að ákveðinni undirbúningsvinnu og þátttöku í fjölþættu samstarfi.

- Það eru ýmsar hindranir í þeirri vegferð að greina kolefnisfótspor eignasafna sjóðsins og setja stefnu um stýringu þeirra. Einkum varðandi aðgengi að gögnum, mat á áreiðanleika þeirra og mat á hvernig þær verði nýttar við rekstur eignasafna og áhættustýringu. Hröð þróun í aðferðafræði og væntanlegir staðlar fyrir upplýsingagjöf munu væntanlega auðvelda viðfangsefnið.

Nokkur orð um rekstur stefnu um ábyrgar fjárfestingar

LV nýtir atkvæðisrétt sinn einkum í innlendum félögum. Í atkvæðagreiðslum er horft til hluthafastefnu sjóðsins og UFS viðmiða. Yfirlit um ráðstöfun atkvæða má finna á heimasíðu sjóðsins.

Sjóðurinn hefur fjárfest beint í grænum og félagslegum skuldabréfum útgefnum á Íslandi. Vægi slíkra skuldabréfa nam um 1,5% af heildareignum í árslok samanborið við 0,9% í árslok 2021.

LV hefur undirritað viljayfirlýsingu við Climate Investment Coalition (CIC) eins og rakið er hér að framan. Vægi CIC eigna í árslok 2022 nam 2,6% af heildareignum samanborið við 2% í árslok 2021.

Nýir eignastýrendur LV á árinu 2022 voru metnir með hliðsjón af UFS þáttum. Greining á núverandi stýrendum verður lokið á árinu 2023.



VI. Áhættustýring

Inntak, markmið, framkvæmd, áskoranir og verkefni á döfinni

Áhættustýring LV byggir á stefnum stjórnar, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Stefnurnar byggja á ákvæðum laga, reglugerða og öðrum gildum viðmiðum.

Markmið með stefnunum er að auka rekstraröryggi. Áhersla er á að stefnurnar og framkvæmd þeirra séu virkir þættir í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum sjóðsins í stefnumótandi málum, við innleiðingu og í daglegum rekstri. Einnig er áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða sýn yfir helstu áhættuþætti í rekstrinum og þekki hlutverk sitt í ferli áhættustýringar og eftirlits. Þá er áhersla á að stjórn, stjórnendur og annað starfsfólk meti áhættu við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

- Áhættustjóri ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar hjá sjóðnum. Stjórn felur framkvæmdastjóra, starfsfólki áhættustýringar og eftir atvikum öðru starfsfólki sjóðsins umsjón með daglegri framkvæmd áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.
- Eftirlit stjórnar felst m.a. í reglulegri upplýsingamiðlun framkvæmdastjóra til stjórnar, upplýsingamiðlun áhættustýringar og annarra starfsmanna til framkvæmdastjóra og stjórnar, árlegri úttekt innri og ytri endurskoðunar og starfi endurskoðunarnefndar sjóðsins. Þá hefur endurskoðunarnefnd og innri og ytri endurskoðendur sjóðsins mikilvægu hlutverki að gegna í eftirfylgni með framkvæmdinni.
- Áhættustjóri er sjálfstæður í störfum sínum, heyrir beint undir framkvæmdastjóra og hefur milliliðalausán aðgang að stjórn, endurskoðunarnefnd og þeim upplýsingum sem hann þarf til að sinna hlutverki sínu.




Eftirlitskerfi sjóðsins

Hluti af áhættustýringu er eftirlitskerfi sjóðsins. Það er fjölþátta kerfi sem tekur til mannaúðs, verklagsreglna og annarra aðfanga sem nauðsynleg eru til að hægt sé að sinna áhættustýringu, eftirliti og stjórnun áhættuþátta á fullnægjandi hátt. Eftirlitskerfið samanstendur af stefnumörkun, verklagi, aðferðum og skýrslugerð sem nauðsynleg eru til að greina, meta, vakta og stýra áhættu með reglubundnum hætti og í einstökum tilfellum.

Stjórn, stjórnendur, starfsfólk, innri og ytri endurskoðendur ásamt endurskoðunarnefnd sjóðsins koma að eftirlitskerfinu. Hér að neðan er yfirlitsmynd af eftirlitskerfi sjóðsins.

Eftirlitskerfi sjóðsins



Um varnarlínurnar þrjár:

Fyrsta varnarlína er mynduð af stjórnendum og starfsfólki hvers starfssviðs sjóðsins. Sjó forstöðumenn bera ábyrgð á rekstri sinna sviða og þeirri áhættu sem fylgir. Til þess að lágmarka áhættu hefur hvert starfssvið viðeigandi verklag og eftirlit til staðar sem miðar að því að tryggja að borin séu kennsl á áhættu, hún greind, metin og mæld, að fylgst sé með henni, henni stjórnað og hún tilkynnt. Fyrsta varnarlína felur í sér eftirlit með því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ytri og innri kröfur.

Aðra varnarlínu mynda stöðsvið sjóðsins sem styðja starfsfólk og stjórnendur við eftirlit og að leggja mat á áhættuþætti í rekstri starfssviðanna. Þetta er m.a. gert með skipulegri vöktun, ráðgjöf, framkvæmd eftirlitsaðgerða, úttektum og mati á hlítinu. Stöðsviðin eru lögreglun, áhættustýringarsvið, upplýsingatækni, fjármálasvið og rekstrarsvið. Önnur svið eru eignastýringarsvið og lífeyrissvið.

Þriðja varnarlína sjóðsins er innri endurskoðun sem er í höndum sjálfstæðs ytri endurskoðanda. Hann framkvæmir áhættumiðaðar og almennar úttektir á varnarlínu eitt og tvö. Í því felst m.a. að fara yfir fyrirkomulag innri stjórnarháttanna, virkni ferla og aðferða til að ganga úr skugga um að fyrstu tvær varnarlínurnar séu traustar og áhrifaríkar og að ferlarnir og aðferðirnar séu framkvæmdar og í stöðugri notkun. Innri endurskoðandi sinnir verkefnum sínum að fullu óháð hinum varnarlínunum.

Áhættupættir í starfsemi sjóðsins

Rekstur lífeyrissjóðs er margbrotinn. Í sinni einföldustu mynd tekur sjóðurinn á móti iðgjöldum frá launagreiðendum fyrir hönd sjóðfélaga, ávaxtar þau og greiðir út lífeyri til sjóðfélaga við starfslok og vegna áfalla. Í slíkum rekstri felast margvíslegir áhættupættir sem skipt er í fimm yfirflokka og undirflokka:

Fjárhagsleg áhætta snýr að fjárfestingum sjóðsins og hefur að gera með sveiflur á virði verðbréfa, áhættu vegna gjaldmiðlasamsetningar eigna sjóðsins, áhættu vegna verðbólgu þar sem réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð sem þýðir jafnframt að allar skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar. Einnig er sjóðurinn að hluta berskjaldaður fyrir uppgreiðslu skuldabréfa og endurfjárfestingaráhættu.

Mótaðilaáhætta snýr einnig að fjárfestingum sjóðsins og varðar þá áhættu að mót-aðilar standi ekki við skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta varðar einnig samþjöppun í eignasafninu, að hún verði ekki of mikil, ekki of tengd einstaka atvinnugreinum eða landsvæðum.

Lífeyristryggingaráhætta snýr að hættunni á að sjóðurinn vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar eða að óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu.

Rekstraráhætta snýr að hættunni á fjárhagslegu tapi og/eða neikvæðum áhrifum á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Hér er allur rekstur sjóðsins undir og varðar m.a. stjórnarhætti, sviksemisáhættu, áhættu vegna upplýsingakerfa, áhættu vegna netóagna og pólitískrar áhættu.

Áhætta tengd loftslagsbreytingum er tvískipt. Annars vegar er það raunlæg áhætta (e. physical risk) sem stafar beint af loftslagsbreytingunum sjálfum og hins vegar umbreytingaráhætta (e. transition risk) sem kemur til vegna aðgerða til að stemma stigu við þeim. Slíkar aðgerðir geta t.d. leitt til minnkandi eftirspurnar eftir tilteknum vörum

og þjónustu og/eða til þess að ákveðnar eignir verði verðlaugar (e. stranded assets). Áhætta tengd loftslagsbreytingum snýr nánast alfarið að eignasöfnum sjóðsins.

Fjárhagsleg áhætta

- Markaðsáhætta
- Gjaldmiðlaáhætta
- Verðbólguáhætta
- Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta
- Uppgreiðsluáhætta

Mótaðilaáhætta

- Útlánaáhætta
- Samþjöppunaráhætta
- Atvinnugreinaáhætta
- Landsáhætta

Lífeyristryggingaráhætta

- Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði
- Lýðfræðilega áhætta

Rekstraráhætta

- Stjórnarhættir
- Starfsmannaáhætta
- Áhætta vegna upplýsingakerfa
- Orðsporsáhætta
- Pólitísk áhætta

Áhætta tengd loftslagsbreytingum

- Raunlæg áhætta
- Umbreytingaráhætta

Um veigamikla áhættuþætti í starfsemi LV – áhættusnið sjóðsins

Sjóðurinn metur reglulega hvaða áhættuþættir eru veigamestir í starfseminni. Við matið er litið til lengri tíma og m.a. byggt á því hvaða áhrif áhættuþættir geti haft á tryggingafræðilega stöðu, hverjar séu líkur á að áhætta raungerist og að hve miklu leyti sé hægt að bregðast við og stýra áhættunni. Þeir áhættuþættir sem metnir eru veigamestir í starfsemi sjóðsins eru markaðsáhætta, gjaldmiðlaáhætta, verðbólguáhætta, landsáhætta og lýðfræðileg áhætta.

Markaðsáhætta Til að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga fjárfestir sjóðurinn í verðbréfum sem sveiflast í virði eftir stöðu markaða hverju sinni.

Gjaldmiðlaáhætta Hluti eignasafna sjóðsins er erlendar eignir en lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru eingöngu í íslenskum krónum. Sveiflur í gengi gjaldmiðla hafa því áhrif á jafnvægi eigna og skuldbindinga sem geta verið jákvæðar eða neikvæðar.

Verðbólguáhætta Réttindi sjóðfélaga í sameignardeild eru að fullu verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Þetta þýðir að allar skuldbindingar sameignardeildar eru verðtryggðar en aðeins hluti af eignum eru verðtryggðar.

Landsáhætta Yfir helmingur eignasafns sameignardeildar er innlendar eignir og það getur haft neikvæðar afleiðingar ef illa gengur á innlendum mörkuðum eða yfirleitt í íslensku hagkerfi.

Lýðfræðileg áhætta Meðal veigamestu forsenda í uppgjöri skuldbindinga sameignardeildar eru forsendur um lífs- og dánarlíkur sjóðfélaga.

Fylgst er með skilgreindum áhættuþáttum í rekstri sjóðsins en vegna eðli starfseminnar er misjafnt eftir áhættuþáttum hvernig og hvort hægt er að bregðast við. Dæmi um áhættuþátt sem erfitt er að stýra er lýðfræðileg áhætta.

Nánari upplýsingar um áhættuþætti í rekstri sameignardeildar og séreignardeilda sjóðsins eru í skýringum 19-23 í ársreikningi og einnig í kafla 6 í áhættustefnu sem er birt á vef sjóðsins.

Áhættuvilji – hve mikla áhættu er sjóðurinn reiðubúinn að taka fyrir hönd sjóðfélaga sinna?

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstri hans og leggur mat á hve mikla áhættu hún er reiðubúin að taka fyrir hönd sjóðfélaga til að rækja það hlutverk sjóðsins að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykta sjóðsins.

Áhættuvilji stjórnar endurspeglast í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu þar sem fram kemur hvernig áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind, hvernig hún er greind, vöktuð og metin og hvernig sjóðurinn tekur áhættu til meðferðar til að stýra og/eða draga úr áhættu.

Stjórn skilgreinir mælikvarða sem markaðsáhættuvilja í starfseminni. Áhættuviljinn tekur m.a. mið af aldursamsetningu sjóðfélaga, lífeyrisbyrði (í tilfalli sameignardeildar), ríkjandi markaðsaðstæðum og lögum og reglum sem varða starfsemi sjóðsins. Mælikvarðarnir taka til helstu áhættuþátta í rekstrinum, svo sem fjárhagslegrar áhættu, mótaðilaáhættu, lífeyrstryggingaráhættu og rekstraráhættu. Áhættustýring hefur reglulegt eftirlit með áhættuvilja stjórnar og öðrum áhættuþáttum í rekstri og upplýsir stjórn reglulega.

Helstu áskoranir á árinu 2022

Þróun eignamarkaða og verðbólga

Helstu áskoranir á árinu 2022 voru meðal annars erfiðar markaðsaðstæður en lækkunarir hafa verið á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum á sama tíma og vextir hafa almennt farið hækkandi innanlands og erlendis. Þetta hefur haft neikvæð áhrif á eignasöfn sjóðsins. Því til viðbótar hefur verðbólga aukist og var 9,6% árinu. Lækkunarir á eignamörkuðum og mikil verðbólga hefur haft umtalsverð neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins enda hefur hún breyst frá því að vera 3,5% í árslok 2021 í það að vera -5,6% í árslok 2022. Sjá nánari umfjöllun um eignasöfn sjóðsins, þróun á mörkuðum og verðbólguþróun í kafla IV um eignasöfn og umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu í kafla II um lífeyrisafurðir.

Breytingar á réttindakerfi sameignardeildar

Síðastliðin tvö ár hefur verið unnið að undirbúningi og innleiðingu aðlögunar réttindakerfis sameignardeildar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga og nýjum viðmiðum í þeim efnum. Það þýðir breyttar forsendur við mat á skuldbindingum sjóðsins í tryggingafræðilegri athugun.

Þetta er dæmi um hvernig lýðfræðileg áhætta hefur raungerst í rekstri sjóðsins og annarra lífeyrissjóða innanlands og erlendis. Breytingar sem ráðist var í á árinu eiga sér ekki fordæmi í 67 ára sögu sjóðsins. Með þeim er brugðist við þeirri staðreynd að lífslíkur yngri kynslóða hafa aukist meira en lífslíkur eldri kynslóða og er viðbúið að svo verði áfram. Til að bregðast við þessari þróun staðfesti fjármála- og efnahagsráðuneytið nýjar dánar- og eftirlifendatöflur með spá um lækkandi dánartíðni í desember 2021. Nýjar töflur hafa verið notaðar fyrir sameignardeild, með aðlögun að sjóðfélögum LV, í tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2021 og nú í lok árs 2022. Jafnframt voru gerðar breytingar á réttindakerfi sameignardeildar sjóðsins til að stuðla að jafnræði

kynslóða sjóðfélaga. Nánari upplýsingar um þessar breytingar er að finna í kafla II um lífeyrisafurðir. Einnig er að finna ítarlegar upplýsingar um breytingarnar í gögnum í tengslum við ársfund sjóðsins frá því í mars 2022 á vefsíðu sjóðsins.

Vanskil sjóðfélagalána og iðgjalda

Þrátt fyrir aukna verðbólgu og hækkandi vexti hafa vanskil sjóðfélagalána ekki aukist. Vanskilahlutfall, mælt sem fjárhæð lána í yfir 90 daga vanskilum sem hlutfall af samanlögðum sjóðfélagalánnum, náði sínu lægsta gildi til margra ára í október 2022. Frá þeim tíma hafa vanskil aukist lítillega og gætu þau aukist enn frekar á næstu mánuðum og misserum þegar vaxtahækkunarir hafa skilað sér í aukinni greiðslubyrði fyrir lántaka. Ástæðan fyrir því að vaxtahækkunarir hafa ekki skilað sér að öllu leyti í aukinni greiðslubyrði er sú að stór hluti lántaka er með fasta vexti á lánnum sínum til þriggja eða fimm ára. Sjá nánari umfjöllun um vanskilahlutfall í skýringu 19.2 og 20.2 í ársreikningi. Svipaða sögu er að segja um vanskil iðgjalda sem hafa enn sem komið er ekki aukist.

Helstu verkefni áhættustýringar á árinu 2022

Eigið áhættumat

Eitt af helstu verkefnum áhættustýringar ár hvert er framkvæmd á svonefndu eigin áhættumati sem stjórn sjóðsins ber ábyrgð á. Megináhersla þetta árið var framkvæmd áhættumats vegna síaukinna netógnna. Það var mat vinnuhópsins sem framkvæmdi áhættumatið að varnir, eftirlit og áhættumildandi aðgerðir séu í góðu horfi hjá sjóðnum. Afrakstur vinnunnar jók þekkingu starfsfólks, stjórnenda og stjórnar á áhættuþáttum í tengslum við netógnir og urðu til umbótaverkefni sem miðuðu að því að styrkja varnir sjóðsins enn frekar. Vinnu við sum verkefnanna er lokið, önnur verkefni eru í vinnslu eða á verkefnaskrá.

Sviðsmyndagreining vegna tryggingafræðilegrar stöðu

Önnur áhersla við framkvæmd eigin áhættumats var sviðsmyndagreining varðandi mögulega þróun tryggingafræðilegrar stöðu sameignardeildar á árinu. Þetta var gert vegna þeirrar neikvæðu þróunar sem átti sér stað á innlendum og erlendum hluta-bréfamörkuðum, ásamt aukinni verðbólgu og hækkandi vaxta og vegna þess að óvíst var hvort eða hvenær fjármála- og efnahagsráðuneytið myndi samþykkja fyrirhugaðar samþykktabreytingar sem samþykktar voru á ársfundi sjóðsins í mars 2022. Stjórn sjóðsins lagði sérstaka áherslu á að fylgst yrði náið með stöðunni ef þyrfti að gera breytingar á fyrirhuguðum samþykktabreytingum vegna neikvæðrar tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins.

Undirbúningur vegna mats á áhættu eignasafna vegna loftslagsvárs

Innleiðing á stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar hélt áfram á árinu. Sem hluti af því hefur sjóðurinn hafið vinnu við að greina kolefnisfótspor eignasafna sjóðsins miðað við skilgreinda aðferðafræði TCFD¹² og PCAF¹³. Helstu áskoranir í þeim efnum er aðgengi að gögnum, að leggja mat á hversu áreiðanleg gögnin eru, að skilja hvað mælingarnar gefa til kynna og hvort eða hvernig hægt sé að nýta sér þær við rekstur eignasafna og áhættustýringu.

Verkefni áhættustýringar á næstunni

Verkefni áhættustýringar fram á veginn eru reglubundin verkefni sem dreifast yfir árið og varða áframhaldandi þróun eftirlitskerfis sjóðsins.

Það er ljóst að innleiðing á regluverki tengdu sjálfbærni, innleiðing reglugerða ESB um flokkunarkerfi fyrir sjálfbæran rekstur (e. EU Taxonomy) og innleiðing reglugerðar um upplýsingagjöf um sjálfbærni í fjármálaþjónustu (e. SFRD / Sustainable Financial Disclosure Regulation) í íslenska löggjöf, verður umfangsmikið verkefni næstu miss-

erin. Samkvæmt reglugerðunum þarf sjóðurinn að kynna og útskýra fyrir sínum sjóðfélögum hvernig hann metur sjálfbærniáhættu í rekstrinum, einkum með tilliti til eignasafna sinna.

Mikilvægt skref í vinnu næstu missera verður m.a. að ljúka við greiningu á kolefnisfótspori eignasafna og framkvæma áhættumat og sviðsmyndagreiningar fyrir eignasöfn sjóðsins vegna mismunandi sviðsmynda í ljósi umhverfismála og loftslagsbreytinga. Sú vinna verður með aðkomu áhættustýringar, eignastýringar og lögfræðisviðs og eftir atvikum öðrum aðilum.

Regluverkið mun að líkindum einnig leggja enn ríkari skyldur á sjóðinn hvað varðar mat á áhrifum fjárfestinga á líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi heimsins yfirleitt þar sem þróun þeirra er virkur þáttur í starfsumhverfi útgefenda fjármálagerna sem sjóðurinn fjárfestir í. Allt miðar þetta að því að bregðast við loftslagsvánni sem vísindasamfélagið, stjórnvöld ríkja og alþjóðlegar stofnanir eru almennt sammála um að muni að óbreyttu hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir mannkynið.

¹² Task Force on Climate-Related Financial Disclosures (www.fsb-tcfd.org/)

¹³ Partnership for Carbon Accounting Financials (www.carbonaccountingfinancials.com)



VII. Stjórnarhættir og stjórnun


Stjórnarhættir, stefnumótun, verkefni á döfinni, skipurit, stjórn, yfirstjórn

Stjórnun og stjórnarhættir LV taka mið af hlutverki sjóðsins samkvæmt lögum, samþykktum, innri reglum, leiðbeiningum um stjórnarhætti og öðrum gildum viðmiðum.

Hlítni LV leggur áherslu á að fylgja eftir reglum og viðurkenndum viðmiðum varðandi stjórnarhætti. Liður í því er skilvirkt skipurit, liðsheild, viðeigandi innri reglur, innra eftirlit og aðhald frá innri og ytri endurskoðun og hagaðilum. Eftirfylgni felst m.a. í aukinni áherslu á upplýsingagjöf. Þá framkvæmir stjórn reglulega mat á starfsháttum stjórnar.

Langtímastefnumótun Til að styðja við hlutverk sjóðsins, langtímasýn og uppbyggilega fyrirtækjamenningu hefur LV markað sér stefnu til 2030. Í kafla þessum er gerð grein fyrir nokkrum lykilþáttum stefnunnar.

Skipurit Markmiðið með skipuriti sjóðsins er að styðja við skilvirkan rekstur og viðskiptalíkan. Í kaflanum er gerð grein fyrir skipuritinu í samhengi við starfsemi sjóðsins.



Stjórn og yfirstjórn LV leggur áherslu á breidd í samsetningu stjórnar og stjórnenda. Í kaflanum er yfirlit yfir stjórn, stjórnendur, framkvæmdastjóra og forstöðumenn auk upplýsinga um menntun þeirra, störf og reynslu.

Á döfinni Meðal verkefna á döfinni næstu misseri, og varða stjórnarhætti og rekstur, eru

- áframhaldandi þróun á hluthafastefnu sjóðsins.
- áframhaldandi innleiðing stefnu um ábyrgar fjárfestingar.
- innleiðing laga og reglna varðandi fjármálamarkað og ábyrgar fjárfestingar.
- aðgerðir til að tryggja netöryggi og öryggi upplýsingakerfa.
- þróun á starfsemi sjóðsins í takt við stefnumótun sjóðsins og sibreytilegt starfsumhverfi.

Til viðbótar við umfjöllun í þessum kafla er einnig vísað til umfjöllunar í öðrum köflum skýrslunnar sem varðar stjórnarhætti og stjórnun sjóðsins.

Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV

Árið 2021 vann LV að stefnumótun fyrir sjóðinn til ársins 2030 í virku samstarfi stjórnar og stjórnenda undir leiðsögn ráðgjafa. Innleiðing og vinna áherslna, sem koma fram í greiningu á hlutverki, framtíðarsýn, leiðarljósum og grunnildum sjóðsins, fór fram á grundvelli laga, samþykktá sjóðsins og annarra viðeigandi reglna og viðmiða.

Eftirfarandi er yfirlit skilgreininga á þessum þáttum í stefnu LV. Stefnunni er fylgt eftir með áherslum í rekstri og margvíslegum verkefnum.

Hlutverk - Framtíðarsýn – Leiðarljós – Grunnildi

Hlutverk

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum, lífeyri eftir þeim reglum sem hér fara á eftir. Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins og sér um ráðstöfun á fjármagni hans og ávaxtar það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.

2030 framtíðarsýn [e. Vision]

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er eftirsóknarverður og leiðandi lífeyrissjóður. Sjóðurinn byggir upp trausta fjárhagslega framtíð sjóðfélaga við starfslok og tryggingar vegna örorku og við fráfall sjóðfélaga. Lífeyrissjóðurinn veitir traustar og áreiðanlegar upplýsingar sem miðast við þarfir sjóðfélaga á hverjum tíma. Sjóðurinn ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með gagnsæjum og ábyrgum hætti, með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Sjóðurinn er fyrirmyndar vinnustaður skipaður öflugri liðsheild sem býr yfir góðri þekkingu, reynslu og hæfni.

Leiðarljós [e. Mission]

Stefna LV til 2030 skiptist í fimm leiðarljós sem koma úr framtíðarsýn sjóðsins. Þessi fimm leiðarljós eða þemu ramma inn áherslur í daglegri starfsemi og eru leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku þannig að unnið sé markvisst í anda framtíðarsýnar lífeyrissjóðsins.

Fimm leiðarljós eða þemu stefnunnar umbreytast í verkefni og áherslur sem markvisst er unnið að í daglegum störfum sjóðsins. Það er gert í gegnum vel skilgreind verkefni sem eiga augljósan og rekjanlegan uppruna í sýn á framtíðarstöðu sjóðsins árið 2030.

Fram undan eru nokkur ár til að uppfylla og raungera sýnina í gegnum ákvarðanatöku á grundvelli stefnunnar og forgangsröðun verkefna í samræmi við ákvarðanir.

- 1) **Framúrskarandi teymi** Öflug og kvik liðsheild í hvetjandi umhverfi þar sem löggð er áhersla á skipulagða úrlausn viðfangsefna með samvinnu og góðum samskiptum.
- 2) **Snjöll þjónusta og traustar afurðir** Geta og hæfni til greiningar og túlkunar á gögnum sjóðfélaga leiðir til aukins ávinnings fyrir sjóðfélaga með auknum skilningi og innsýn .
- 3) **Þjónandi forysta** LV er til fyrir sjóðfélagana og starfsemin miðar að framtíðinni með djúpum skilningi á fortíð, samtíð og framtíð.
- 4) **Sjálfbær starfsemi** Hjá LV grundvallast ákvarðanir á forsendum sjálfbærrar þróunar sem endurspeglast í allri starfsemi og skipulagi sjóðsins.
- 5) **Ábyrgar fjárfestingar** Ákvarðanir um fjárfestingar til ávöxtunar á lífeyriseign sjóðfélaga mótast af sjálfbærri framvindu samfélags, efnahags og umhverfis.

Grunngildin [e. Values]

Stefnumótun LV og framtíðarsýn byggir á og styðst við grunngildi sjóðsins:

Ábyrgð	Umhyggja	Árangur
Fagmennska, áræði og samviskusemi. Áhersla á vandaða áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Til grundvallar liggja vönduð vinnubrögð, hæft starfsfólk og skýr skilaboð frá stjórn um ábyrg vinnubrögð.	Umhyggja með áherslu á heilindi og ráðvendi. Áhersla á frumkvæði í þjónustu og gott viðmót. Áhersla á að virkja og hvetja starfsfólk í starfi og að vera þátttakendur í stefnumótun og markmiðasetningu sjóðsins.	Keppa að settum markmiðum og að skila góðu starfi við stjórnun og í öðrum störfum fyrir sjóðinn. Þessi markmið birtast m.a. í áherslum á skilvirkni, arðsemi, stöðugleika í rekstri, starfsánægju, opna stjórnarhætti og vilja til að veita sjóðfélögum á öllum aldri góða þjónustu. Eftirfylgni felst í raunhæfri markmiðasetningu og hvatningu til starfsmanna.

Skipurit



Markmiðið með skipuritinu er að styðja við skilvirkan rekstur og viðskiptalíkan sjóðsins. Skipuritið tekur einnig mið af ákvæðum laga um starfsemi sjóðsins, samþykktum hans og ákvæðum kjarasamnings aðildarfélaga sjóðsins, Félags atvinnurekenda, Samtaka atvinnulífsins og VR.

Svið sjóðsins eru sjö, fimm stoðsvið og tvö svið sem sinna kjarnastarfsemi:

- **Stoðsvið**, áhættustýring, lögfræðisvið, upplýsingatæknisvið, fjármálasvið og rekstrarsvið.
- **Kjarnasvið**, lífeyrissvið og eignastýringarsvið.

Stjórn er skipuð átta stjórnarmönnum tilnefndum af aðildarfélögum sjóðsins og kjörn-um af fulltrúum viðkomandi aðildarfélaga í fulltrúaráði.

Aðildarfélögin skipa jafnframt 50 manna fulltrúaráð sem fundar tvisvar á ári með stjórnendum LV. Fulltrúaráðið fer með atkvæði á ársfundi og greiðir atkvæði um starfs-

kjarastefnu, skipan fulltrúa nefndar um laun stjórnarmanna, tillögur um stjórnarlaun, tillögu stjórnar að endurskoðanda og tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar, skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi aðila.

Innan sjóðsins eru jafnframt starfræktir fjórir fastir starfshópar:

- Lánanefnd (sjóðfélagalán), í umsjón rekstrarsviðs.
- Áhættunefnd, í umsjón áhættustýringarsviðs.
- Nefnd um ábyrgar fjárfestingar, í umsjón eignastýringarsviðs.
- Fundur eignastýringar með framkvæmdastjóra, í umsjón eignastýringarsviðs.

Ráðgjöf varðandi samþættingu sjálfbærni í starfsemi LV varðandi rekstur, lífeyrisafurðir og eignasöfn, er á lögfræðisviði.

Stjórn

Stjórn LV er skipuð átta stjórnarmönnum, tilnefndum af aðildarsamtökum sjóðsins og kjörnum af fulltrúaráði á ársfundi.



Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar, er tilnefndur af SA og tók sæti í stjórn í júní 2020.

Jón Ólafur hefur viðtæka reynslu úr atvinnulífinu og sinnir ráðgjafarstörfum ásamt stjórnarstörfum. Hann er formaður stjórnar Samtaka verslunar og þjónustu og situr einnig í stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins auk annarra stjórnarstarfa. Jón Ólafur starfaði hjá Olís í 27 ár, þar af sem forstjóri í 7 ár.

Jón Ólafur er með B.Sc. í véltækni frá KTH Kaupmannahöfn, MBA með áherslu á fjármál fyrirtækja og MS í stjórnun og stefnumörkun í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og AMP diploma frá IESE í Barcelona.



Stefán Sveinbjörnsson, varaformaður stjórnar, tilnefndur af VR og tók sæti í stjórn í ágúst 2019.

Stefán hefur starfað sem framkvæmdastjóri VR frá árinu 2013 og verið í endurskoðunarnefnd sjóðsins frá árinu 2014 að frátöldum árunum 2019-2021. Stefán starfaði áður en hann kom til VR sem rekstrarstjóri Háskólans á Bifröst og var áður forstöðumaður fyrirtækjasviðs Sparisjóðs Mýrasýslu.

Stefán er með meistaraþróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, BSc í viðskiptalögfræði, BSc í viðskiptafræði, diplóma í rekstrarfræðum, próf í verðbréfamiðlun og sveinspróf í rafvirkjun.



Árni Stefánsson er tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og tók sæti í stjórn árið 2017.

Árni er forstjóri Húsasmiðjunnar ehf. Hann hefur viðtæka reynslu af fjölbreyttum störfum í atvinnulífinu og erlendu samstarfi. Þá hefur Árni setið í stjórnnum fyrirtækja og ýmissa samtaka.

Árni er viðskiptafræðingur og með MBA gráðu með áherslu á alþjóðastjórnun ásamt því að hafa lokið margs kyns viðbótarpjálfun og námskeiðum.



Bjarni Þór Sigurðsson er tilnefndur af VR og tók sæti í stjórn 2019.

Bjarni Þór starfar sem sérfræðingur í húsnæðismálum hjá ASÍ þar sem hann fer fyrir málaflökknum. Hann hefur setið í miðstjórn ASÍ og í stjórn VR og var varaformaður félagsins 2013 til 2017.

Bjarni Þór hefur lokið námi í kvikmyndagerð frá CLCF kvikmyndaskólanum í París og BS í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Guðrún Johnsen er tilnefnd af VR og tók sæti í stjórn í ágúst 2019¹⁵.

Guðrún er lektor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS) þar sem hún stundar rannsóknir og kennslu á sviði fjármála fyrirtækja, fjármála og stjórnarháttanna fyrirtækja. Guðrún hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum í fjármálageiranum; hún sat m.a. í stjórn Rekstrarfélags MP Banka frá 2007-2009 og var varaformaður stjórnar Arion banka 2010-2017.

Guðrún er með doktorsgráðu í hagfræði frá ENS og meistarafráðu í tölfraði og hagnýtri hagfræði frá University of Michigan.



Guðrún Ragna Garðarsdóttir er tilnefnd af FA og tók sæti sem aðalmaður í stjórn í mars 2022.

Guðrún er framkvæmdastjóri Atlantsolíu og hefur stýrt því fyrirtæki frá 2008. Þar áður starfaði hún við fjármálastjórn í sama fyrirtæki og hjá heildverslun.

Guðrún hefur setið í stjórn FA síðan 2019 og verið formaður félagsins frá 2021. Hún er menntaður viðskiptafræðingur með cand. oecon frá HÍ auk þess að hafa lokið meistaraþrófi frá EADA, Barcelona í alþjóðafjármálum og MBA frá HÍ.



Helga Ingólfssdóttir er tilnefnd af VR og tók sæti í stjórn í ágúst 2019

Helga starfar við bókhald og verkefnastjórnun. Hún hefur langa reynslu af sveitarstjórnarmálum sem kjörinn fulltrúi og er jafnframt stjórnarmaður í VR og fulltrúi Lands sambands íslenskra verslunarmanna í miðstjórn ASÍ. Áður starfaði Helga m.a. við rekstur eigin fyrirtækis og sem framkvæmdastjóri fyrir erlent fyrirtæki með starfsstöð á Íslandi. Helga er viðurkenndur bókarari og hefur lokið rekstrar- og viðskiptanámi frá EHÍ.



Sigrún Helgadóttir er tilnefnd af SA og tók sæti í stjórn í september 2021.

Sigrún er framkvæmdastjóri Norðuráls á Grundartanga. Hún hefur viðtæka stjórnunarreynslu úr fjármálageiranum en áður en hún hóf störf hjá Norðurali starfaði hún m.a. hjá Kaupþingi, Kauphöllinni í Osló og Verðbréfaþingi Íslands, nú Nasdaq Ísland.

Sigrún er með cand. oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá Norwegian School of Management (BI).

¹⁵ Guðrún vék úr stjórn sjóðsins að eigin ósk í janúar 2023. Við sæti hennar tók varamaður VR, Sunna Jóhannsdóttir.

Framkvæmdastjóri og forstöðumenn

Yfirstjórn sjóðsins eru skipuð framkvæmdastjóra og forstöðumönnum sem veita sjö sviðum sjóðsins forstöðu.



Guðmundur P. Þórhallsson framkvæmdastjóri. Hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá árinu 2009. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur, mótar og innleiðir langtíma-áherslur í stefnum sjóðsins og samræmir og samþættir helstu aðgerðir hans.

Guðmundur er menntaður viðskiptafræðingur með cand. oecon gráðu frá Háskóla Íslands. Hann starfaði áður við eignastýringu lífeyrissjóðsins frá 1997 og á fjármálamarkaði frá 1988.



Tómas Njáll Möller forstöðumaður lögfræðisviðs. Gekkt til liðs við LV 2008. Lögfræðisvið veitir stjórn, framkvæmdastjóra og sviðum sjóðsins lögfræðiráðgjöf og vinnur að margþættum viðfangsefnum og hagsmunagæslu. Veitir ráðgjöf varðandi stjórnarhætti og hefur umsjón með samþættingu sjálfbærni í starfseminni. Á sviðinu starfa þrjú lögfræðingar.

Tómas er lögfræðingur, með lögmannsréttindi. Hann hefur m.a. sótt viðbótarmenntun á sviði stjórnunar, stjórnarháttá, verðbréfavíðskipta, sem og aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga og sjálfbærni í rekstri fyrirtækja. Hann hefur áralanga starfsreynslu úr stjórnsýslunnar, fastanefnd Íslands gagnvart ESB í Brussel, banka og lífeyrissjóðum.



Arne Vagn Olsen forstöðumaður eignastýringar. Gekkt til liðs við LV 2018. Eignastýring hefur með höndum daglega stýringu eignasafna sjóðsins, þ.m.t. greining markaða, fjárfestingarkosta og ákvarðanir um viðskipti auk samskipta við innlenda og erlenda markaðsaðila og útgefendur fjármálagerninga. Á sviðinu eru átta starfsmenn.

Arne Vagn er menntaður sjávarútvegsfræðingur með MBA frá Copenhagen Business School auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Hann hefur starfað á fjármálamarkaði frá 1999.



Margrét Kristinsdóttir forstöðumaður lífeyrissviðs. Gekkt til liðs við LV 1995. Lífeyrissvið annast lífeyrissráðgjöf, mótar og innleiðir þróun lífeyrisafurða og úrskurð lífeyris. Séreignardeildir sjóðsins eru hluti af lífeyrissviði. Á sviðinu starfa sex starfsmenn, auk þriggja trúnaðarlækna.

Margrét er með meistaragráðu í rekstrahagfræði frá Universität Trier í Þýskalandi auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Áður en hún kom til LV starfaði hún sem framkvæmdastjóri fyrirtækis á neytendamarkaði.



Magnús Helgason forstöðumaður áhættustýringar. Gekkt til liðs við LV 2015. Áhættustýring mótar og innleiðir áhættu- og áhættustýringarstefnu sjóðsins, framkvæmir áhættumat og greiningar og kemur að mótun og framkvæmd eftirlitskerfis sjóðsins. Í áhættustýringu starfa þrír starfsmenn.

Magnús er menntaður tölvunarfræðingur og með meistaragráðu í fjármálum og fjárfestingum auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Hann hefur starfað við áhættustýringu í fjármálakerfinu síðan 2010.



Valgarður I. Sverrisson forstöðumaður fjármálasviðs. Gekkt til liðs við LV 1986. Fjármálasvið ber m.a. ábyrgð á fjárhagsbókhalda, miðvinnslu og greiðslu reikninga og kemur að gerð ársreiknings. Á fjármálasviði eru fimm starfsmenn.

Valgarður er með meistaragráðu í rekstrarhagfræði (MBA) frá McGill University Montreal auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum.



Haraldur Arason forstöðumaður upplýsingatæknisviðs. Gekkt til liðs við LV 1986. Upplýsingatæknisvið þróar upplýsingakerfi sjóðsins, hefur umsjón með útvistun, notendapjónustu og rekstri tölvukerfa. Á sviðinu eru sjö starfsmenn.

Haraldur er menntaður tölvunarfræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði við rekstur tölvukerfa áður en hann hóf störf hjá sjóðnum.



Hildur Hörn Daðadóttir forstöðumaður rekstrarsviðs. Gekkt til liðs við LV 2021. Rekstrarsvið annast innri og ytri þjónustu. Á sviðinu eru 26 starfsmenn í sex deildum: gæðastjórn, mannauður, þjónustuver, kynningar og markaðsstarf, skráning iðgjalda og lánadeild.

Hildur Hörn er með BS í Hótelstjórnun frá UNLV í Bandaríkjunum og MBA í alþjóðastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík ásamt því að hafa lokið námskeiði á sviði sjálfbærni í rekstri frá University of Oxford. Hún hefur reynslu af fjölbreyttum störfum úr ýmsum atvinnugeirum þó lengst af hjá fjármálamörkuðum.

Nánar um stjórnarhætti LV, hlutverk hans og regluverk stjórnkerfis sjóðsins

Ítarlega er fjallað um hlutverk LV, stjórnarhætti og einstaka þætti stjórnkerfis sjóðsins, eigin reglur LV og lagareglur í árlegri stjórnarháttayfirlýsingu sjóðsins sem aðgengileg á vef lífeyrissjóðsins og viðauka við skýrslu stjórnar með ársreikningi. Þar er m.a. gerð grein fyrir grundvelli og hlutverki LV.

Einnig er í stjórnarháttaryfirlýsingunni umfjöllun m.t.t. stjórnarháttanna um:

- Fjárfestingarstefnu
- Áhættu- og áhættustýringarstefnur
- Mannauðs- og starfskjarastefnur
- Umboðsskyldu
- Stefnu um ábyrgar fjárfestingar
- Siða- og samskiptareglur
- Hluthafastefnu
- Stefnu um jafnlaunavottun

Auk yfirlits yfir ýmis lög og reglugerðir sem varða stjórnskipulag sjóðsins og innri reglur LV.

Þá er umfjöllun um lykilstoðir í stjórnkerfi LV þar sem grein er gerð fyrir hlutverki stjórnar, framkvæmdastjóra, fulltrúaráðs, ársfundar, endurskoðunar, tryggingastærðfræðings og endurskoðunarnefndar. Þá er umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit með starfsemi sjóðsins.

Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur

Hér er að finna yfirlit yfir stefnur og reglur LV sem varða þætti í starfsemi sjóðsins sem lúta beint eða óbeint að stjórnarháttum hans. Listinn er til upplýsinga en þarf ekki að vera tæmandi. Upplýsingar um tengt efni er jafnframt að finna á vef sjóðsins.

Stefnur og reglur birtar á vef LV

- Áhættustefna
- Fjárfestingarstefna
- Hluthafastefna
- Jafnlaunastefna
- Mannauðsstefna
- Samþykktir Lífeyrissjóðs verzlunarmanna
- Siða- og samskiptareglur
- Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra
- Starfskjarastefna
- Stefna um ábyrgar fjárfestingar
- Stefna um útilokun í eignasöfnum
- Reglur LV um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Verklagsreglur LV um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna
- Persónuverndarreglur

Aðrar stefnur og reglur


- Áhættustýringarstefna
- Fjarvinnustefna
- Fræðslustefna
- Jafnréttisáætlun
- Upplýsingar um gagnaöryggi
- Reglur nefndar um ábyrgar fjárfestingar
- Reglur stjórnar um vernd uppljóstrara
- Reglur um mótaðilaáhættu
- Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og til opinberra aðila sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997
- Samkeppnisréttaráætlun
- Stefna varðandi einelti og áreiti á vinnustað
- Stefna og viðbragðsáætlun við einelti og áreiti á vinnustað
- Útvistarstefna
- Öryggisstefna vegna reksturs upplýsingakerfa



VIII. Um sjálfbærni í starfseminni

Staðan, áskoranir, vegferðin, áhersluverkefni og UFS upplýsingar


Í ár er stigið ákveðið skref í samþættingu upplýsinga um sjálfbærni sjóðsins við aðra upplýsingagjöf í Árs- og sjálfbærnisráskýrsla, eins og fjallað er um nánar hér að neðan. Þannig gefur sjóðurinn í fyrsta sinn út samþætta skýrslu (e. integrated reporting). Fyrsta skýrsla sjóðsins 2020 var sérstök samfélagsskýrsla með upplýsingum um umhverfis- og samfélagsþætti vegna starfsársins 2019 og fyrir starfsárið 2020 var gefin út sérstök sjálfbærnisráskýrsla. Í skýrslu vegna ársins 2021 var einnig gefin út sérstök sjálfbærnisráskýrsla sem var sameinuð ársskýrslu sjóðsins í sérstökum kafla.



Sjálfbærni í starfseminni

Sjálfbærni Hugtakið sjálfbærni getur verið margþætt hugtak en með sjálfbærni er hér vísað til jafnvægis þriggja grunnstoða sjálfbærni í rekstri; hagnaðar, samfélags og umhverfis. Sjálfbærni felst meðal annars í því að samfélagið geti þróast og mætt þörfum samtímans án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

Grunnþættir sjálfbærni




Umboð Meginhlutverk LV samkvæmt lögum og samþykktum er að taka við iðgjöldum, ávaxta eignasöfn og greiða út lífeyri. Við mótun sjálfbærni í starfsemi LV er lögð áhersla á að framkvæmdin rúmist innan umboðs sjóðsins og uppfylli umboðsskyldu hans. Fjallað er um framkvæmd áherslna á sjálfbærni í starfsemi sjóðsins í þessum kafla sem og öðrum köflum skýrslunnar eftir því sem við á. Nánari umfjöllun um umboð í þessu sambandi er í sjálfbærnisráskýrslu LV fyrir árið 2021¹⁶.

Um inntak og áherslur á sjálfbærni í rekstri og upplýsingagjöf

LV greinir áherslur á sjálfbærni í starfsemi sinni eftir þremur stoðum, rekstri, lífeyris-afurðum og eignasöfnum.

Stoðir sjálfbærnistefnu LV



Efnistöð skýrslunnar taka nokkuð mið af því, sbr. umfjöllun í kafla þessum og öðrum köflum skýrslunnar. Í umfjöllun hér að neðan er gerð grein fyrir nokkrum áhersluverkefnum sem varða sjálfbærni í starfsemi sjóðsins með skírskotun til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þar er um almenna skírskotun að ræða en ekki bein og mælanleg áhrif.

¹⁶ Bls. 46-49 arsskýrsla.live.is/pdf

Reglur og viðmið

Upplýsingagjöf um svonefndar „ófjárhagslegar“ upplýsingar, sem er í auknum mæli vísað til sem sjálfbærniupplýsinga og hafa í raun verulega fjárhagslega þýðingu, tekur mið af greinum að ákvæðum laga um ársreikninga¹⁷, einkum greinum 66 og 66-d. Einnig er byggt á greiningu umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS þættir) m.t.t. leiðbeininga Nasdaq¹⁸. Þá er stuðst við staðla GRI¹⁹ – Global Reporting Initiative og horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun²⁰ og Parísarsáttmálans frá 2015²¹. Við uppbyggingu skýrslunnar er stuðst við leiðbeiningar um samþætta skýrslugerð (e. Integrated Reporting – IR)²² og horft til mikilvægisgreiningar sem var unnin fyrir gerð sjálfbærnisráðgjafar. Þá er við gerð skýrslu stjórnar og árs- og sjálfbærnisráðgjafar stuðst við leiðbeiningar reikningsskilaráðs um skýrslu stjórnar, útgefnar 16. febrúar 2022 .

Hvað tilvísun til GRI varðar er vísað til GRI Standards tilvísunartöflu fyrir sjóðinn LV sem fylgir kafla þessum, sem er sett fram í samræmi við „GRI Universal Standards 2021“ og „GRI Topic Standards“ og tekur á atriðum samkvæmt „GRI – Content Index with reference“. LV er þannig með tilvísanir í viðeigandi kafla í árs- og samfélagsskýrslunnar þar sem greint er frá áherslum viðkomandi lykilþátta. Samkvæmt GRI „Content Index with reference“ er ekki gerð krafa af hálfu GRI um að greina frá því hvort allir þættir séu að fullu uppfylltir og ástæðu þess ef svo er ekki, eins og krafa er um samkvæmt GRI „Content Index in accordance“.

Aukin áhersla á samþætta skýrslugjöf birtist m.a. í því að efniskaflar sem áður voru í sjálfstæðri sjálfbærnisráðgjafar eru samþættir við umfjöllun í einstökum köflum árs- og sjálfbærnisráðgjafar. Þar má helst nefna umfjöllun um:

- fjölþátta viðskiptalíkan sjóðsins
- haghafagreiningu, mikilvægisgreiningu og samskipti við haghafa
- sjálfbæran lífeyri og fjármál sjóðfélaga
- ábyrgar fjárfestingar og
- áherslur á sjálfbærni í stefnumótun.

Þessi vegferð, sem ekki er lokið, er liður í að laga upplýsingagjöf og starfsemi sjóðsins að breyttu starfsumhverfi og þróun regluverks og gefa heildstæða mynd af starfsemi hans hvað sjálfbærniáherslur varðar.

Eftir sem áður eru í kafla þessum m.a. yfirlit yfir verkefni sem tengjast Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, UFS uppgjör og GRI tilvísunartafla auk umfjöllunar um tiltekna UFS þætti sem varða rekstur sjóðsins.

Áhersluatriði árið 2022 og áskoranir og tækifæri framundan

Í yfirlitinu um verkefni tengd Heimsmarkmiðunum, aftar í þessum kafla, er gerð grein fyrir ákveðnum áhersluverkefnum sem unnið hefur verið að á árinu 2022 og verkefna sem unnið verður áfram að á komandi árum. Þau varða rekstur, lífeyrisafurðir og eignasöfn.

Varðandi áhersluatriði á liðnu ári og áskoranir og tækifæri er vísað til viðkomandi efniskafla framar í skýrslunni. Þar má glögg sjá að þó margt hafi áunnist er ýmislegt enn óunnið.

¹⁷ <https://www.althingi.is/lagas/151c/2006003.html>

¹⁸ https://www.nasdaq.com/docs/2021/02/17/ESG_Guide_Icelandic_translation.pdf

¹⁹ GRI - Home (globalreporting.org)

²⁰ Heimsmarkmið | Heimsmarkmiðin (heimsmarkmidin.is)

²¹ The Paris Agreement | UNFCCC

²² Integrated Reporting







²³ Útgefið efni — Reikningsskilaráð (reikningsskilarad.is)

Efla lífsgæði og grunnþarfir

Markmið 5: Jafnrétti kynjanna og 10: Aukinn jöfnuður



Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
REKSTUR				
Efla jafna stöðu kynja og jöfn tækifæri.	Innleiðing jafnlaunakerfis í samræmi við ÍST85:2012.	Vinna að umbótaverkefnum til að ná jafnlaunaviðmiðum sjóðsins.	Jafnlaunavottun veitt í apríl 2022 til þriggja ára.	
	Að starfsfólk hafi nýtt sér þau tækifæri sem jafnréttisáætlun sjóðsins felur í sér.	Mæla árangur og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki.	Árangur markmiða jafnréttisáætlunar metin og kynnt.	
	Að starfsfólk hafi nýtt sér þau tækifæri sem jafnréttisáætlun sjóðsins felur í sér.	Skilgreina umbótatillögur þar sem við á.	Eftirfylgni aðgerða jafnréttisáætlunar yfirfarin.	
	Innleiðing jafnlaunakerfis í samræmi við ÍST85:2012.	Auka gagnsæi jafnlaunakerfi sjóðsins fyrir starfsfólk.		
Styðja við heilsu og öryggi starfsfólks.	Efla forvarnarstarf innan sjóðsins og bæta upplýsingamiðlun til starfsfólks.	Fræðsluáætlun taki mið af forvarnarstarfi. Útfæra miðlæga handbók starfsfólks.	Sérhæfð námskeið og forvarnarfræðsla hluti af fræðsluáætlun sjóðsins.	
Efla þekkingu og færni starfsfólks.	Útfæra fræðsluáætlun til tveggja ára með áherslur á starfræna færni starfsfólks, almennrar hæfni og einstaklingsbundna starfsþróun.	Framkvæma rýni meðal starfsfólks til að kalla fram þarfir til fræðslu. Útfæra fræðsluáætlun og innleiða til tveggja ára.	Fræðsluáætlun hefur verið kynnt og sérstakt viðburðardagatal fræðslumála aðgengilegt öllum.	
	Auka fjölbreytni fræðsluáætlunar með áherslur á starfrænt nám og persónubundna starfsþróun.	Auka fjölda fræðslustunda í boði. Fjölga efnistöfum fræðslu.		

Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
LÍFEYRIR				
Leggja áherslu á aðgengi upplýsinga sjóðfélaga.	Gera upplýsingar og framkvæmd skiptingar lífeyrisréttinda milli hjóna aðgengilegri.	Uppfæra upplýsingar um skiptingu lífeyrisréttinda milli hjóna, kynna nýja reiknivél fyrir skiptingu réttinda milli hjóna og gera samninga um skiptingu réttinda að fullu stafræna.	Ný reiknivél kominn á vefinn og hluti af kynningum sjóðsins, ákveðið að hafa samning áföllum á pappír til að tryggja betur að aðilar séu vel upplýstir um áhrifin.	
	Bæta upplýsingamiðlun um lífeyrismál á ensku til að þjóna stækkandi hópi sjóðfélaga sem eru ekki með íslensku sem móðurmál.	Gera enska útgáfu af sjóðfélaga-vefnum. Hafa rafrænar umsóknir um lífeyri á ensku. Auka upplýsingar á ensku á vef í fréttum frá sjóðnum.	Unnið að uppfærslu efnis yfir á ensku og áætlað að verði að fullu klárað árið 2024	
	Vinna að umbótum yfirlits iðgjalda og réttinda lífeyris á sjóðfélaga-vef.	Að yfirlit verði að fullu aðgengileg á sjóðfélaga-vef með framreiknuðum upplýsingum um mögulegan lífeyri miðað við mismunandi aldur.		
EIGNASÖFN				
Innleiða stefnu og aðferðarfræði fyrir greiningu á UFS þáttum í fjárfestingarferli og umsýslu eignasafna.	Uppfæra hluthafastefnu LV og þróa almenna eigendastefnu fyrir eignaflokka m.t.t. stefnu um ábyrgar fjárfestingar.	Uppfæra gildandi hluthafastefnu og stefnu um meðferð eignahald varðandi fleiri eignaflokka.	Hvort tveggja er í vinnslu; greining og innleiðing aðgerðarþátta. Innleiðingin er viðvarandi samhlíða þróun á aðferðarfræði, bæði innan sjóðsins og hjá viðurkenndum ytri aðilum sem og regluverks.	
	Innleiðing ítarlegri framkvæmdar UFS greiningar í fjárfestingarferli og við umsýslu eignasafna.	Útfærsla innri viðmiða varðandi UFS greiningar í fjárfestingarferli og við umsýslu eignasafna.	Innleiðing hafin. UFS viðmið og aðferðarfræði hafa verið tekin í notkun fyrir einstaka eignaflokka. Stefnt er að því að klára innleiðingu á viðmiðum við UFS greiningu fyrir alla eignaflokka á árinu 2023.	
	Móta stefnu um greiningu og birtingu upplýsinga um UFS þætti í eignasöfnum LV.	Birta upplýsingar um framvindu greiningar á umhverfislegu og félagslegu fótspori eignasafna LV, sem eftirfylgni með góðum stjórnarháttum.	Verkefnið er vel á veg komið. Stjórn og nefnd LV um ábyrgar fjárfestingar er reglulega upplýst. Stefnt er að því ljúka útfærslu á miðlun til annarra haghafa á árinu 2023.	

Góð atvinna og nýsköpun


Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur og 9: Nýsköpun og uppbygging



Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
LÍFEYRIR				
Fylgjast með þróun sem leiðir af breyttri samfélagsgerð/fjölskyldugerð.	Vinna að því að nýta starfrænar dreifileiðir til fulls.	Ljúka við að setja allar umsóknir tengdar lífeyri á stafrænt form.	Verkefni lokið, allar umsóknir og samningar orðið rafrænt.	
	Vinna að því að nýta starfrænar dreifileiðir til fulls.	Aukin nýting sjóðfélagaavefs og samfélagsmiðla til upplýsingagjafar.	Markvisst er unnið að aukinni miðlun upplýsinga og mánaðarleg framvinda tekin saman. Stór skref hafa verið tekin og fleiri í augsyn. Verkefnið er viðvarandi.	
Efla nýsköpun í vöruúrvali/þjónustuleiðum sjóðfélaga	Greina og kynna betur möguleika sjóðfélaga á sveigjanlegum starfslokum, m.a. samþættingu lífeyris og vinnu.	Uppfæra upplýsingar, áherslur í ráðgjöf og virkni lífeyrisreiknivélar LV.	Markvisst unnið að kynningu á breytingunum á vef, í auglýsingum og kynningum sjóðsins. Að fræða sjóðfélaga um réttindi sín er viðvarandi verkefni.	
	Auka áherslu á mikilvægi samhengis traustrar fjárhagslegrar afkomu við starfslok, sterkar félagslegrar stöðu og góðrar heilsu.	Hvetja sjóðfélaga til að huga að samhengi fjármála, heilsu og félagslegrar stöðu við starfslok.	Aukin áhersla á heildarmynd eftirlaunaára í kynningum og í lífeyrisráðgjöf. Opinn fundur haldinn þar sem fjallað var um samhengi fjármála, heilsu og félagslegra þátta. Könnun framkvæmd til að rýna í tækifæri til aukinnar upplýsingagjafar til þeirra sem nálgaft eftirlaunaaldur.	
	Greina og kynna betur möguleika sjóðfélaga á sveigjanlegum starfslokum m.a. samþættingu lífeyris og vinnu.	Útfæra ráðgjöf á vef með notkun lífeyrisreiknivélar LV.		
EIGNASÖFN				
Auka áherslu á eignir sem styðja við nýsköpun, aukna sjálfbærni og ábyrga virðisdeðju.	Fylgjast með og styðja við áherslur fyrirtækja í þróun nýrra lausna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka sjálfbærni í rekstri almennt. Litið er til rótgrónna fyrirtækja sem og nýsköpunarfyrirtækja.	Nýta eigendaáhrif til að styðja við rannsóknir og þróun í rekstri tengdri sjálfbærni.	Skýr skilaboð send til útgefenda með spurningalista um UFS viðmið sem hér eftir verður árlegur. Veitir útgefendum aðhald og hvetur þá til að auka gæði gagna, velja grænni lausnir og setja sér viðunandi markmið.	
	Greina tækifæri í fjárfestingum tengdum nýsköpun í lausnum sem stuðla að sjálfbærum rekstri fyrirtækja.	Virka tækifæri sem felast í aðild LV að CIC og tengdum verkefnum. Kynna áfanga fyrir haghöfum.	Þekkingu innan sjóðsins hefur fleygt fram. Samhliða aðild að CIC er allt eignasafnið greint og metið út frá viðmiðum um grænar eignir árlega.	

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda- og loftslagsmál

Markmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla og 13: Aðgerðir í loftslagsmálum



Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
REKSTUR				
Styðja við sjálfbærni við kaup á aðföngum.	Innleiða nýja innkaupastefnu. Kortleggja umhverfisáhrif innkaupa sjóðsins.	Yfirfara samninga m.t.t. stefnuviðmiða innkaupastefnunnar og lista umbótatækifæri í innkaupum m.t.t. jákvæðra áhrifa þeirra á umhverfið.	Innkaupastefna hefur verið gefin út og innkaup kortlögð. Unnið verður að því að útfæra mælikvarða og setja markmið.	
	Yfirfara samninga m.t.t. stefnuviðmiða innkaupastefnunnar og lista umbótatækifæri í innkaupum m.t.t. jákvæðra áhrifa þeirra á umhverfið.	Útfæra mælikvarða virðisdeðju innkaupa, setja markmið um og mæla.		
Áhersla á að draga úr gróðurhúsalofttegundum tengdum rekstri.	Útgáfa heildstæðrar stefnu LV um sjálfbærni í rekstri, lífeyri og eignasöfnum.	Útgáfa og innleiðing.		
	Kynna samgöngustyrk og fjölga þeim sem nýta sér styrkinn.	30% fleiri nýti sér samgöngustyrk á árinu.		
EIGNASÖFN				
Auka áherslu eignasafna á sjálfbæra nýtingu auðlinda, vistkerfa og stöðugleika í loftslagsmálum.	Innleiða viðmið við greiningu umhverfispátta eignasafns sem hluta af stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.	Kynna áherslur varðandi greiningu og mælingu á vistsporum eignasafna LV.	Upplýsingum hefur verið safnað um Umfang 1, 2 og 3 frá ýmsum útgefendum í safni. Framundan er nánari skilgreining á hvað LV telur mikilvægt að mæla og í framhaldinu birta með hliðsjón af PCAF og TCFD. Birting verður í skrefum með áherslu á gagnsætt ferli.	
	Innleiðing og þróun stefnu um útilokun fjárfestingarkosta.	Ljúka innleiðingu og þróa áfram stefnuna. Kynna áfanga í því verkefni.	Stefna innleidd 2021. Ársfjórðungslega er uppfærður listi yfir útilokanir birtur.	
	Framkvæma áhættumat varðandi áhrif loftslagáhættu á starfsemi LV (TCFD).	Kynna niðurstöðu áhættumats byggt á TCFD.		
	Setja markmið varðandi þróun vistspora eignasafna LV.	Kynna markmið varðandi minnkun gróðurhúsalofttegunda í eignasöfnum LV til lengri tíma.		

Samvinna og réttlæti


Markmið 17: Samvinna um markmiðin



Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
REKSTUR				
Efla samstarf við haghafa um sjálfbæra þróun.	Þróa áfram greiningu og samtal við haghafa varðandi sjálfbærni í samstarfi LV.	Greina væntingar haghafa til sjóðsins og útfæra umbætur á samskiptaleiðir til haghafa.	Greiningu og aðgerðaáætlun lokið. Stór skref tekin í innleiðingu. Verður viðvarandi verkefni.	
	Markviss fræðsla til starfsfólks um sjálfbærni og hvernig sjóðurinn getur stutt við heimsmarkmiðin.	Samþætta áherslumarkmið enn frekar inn í dagleg störf starfsfólks.	Þematengd fræðsla og vinnustofur með starfsfólki til að samþætta áherslumarkmið enn frekar inn í dagleg störf.	
EIGNASÖFN				
Efla samstarf um ábyrgar fjárfestingar og samþættingu UFS greininga í fjárfestingarferlinu.	Áframhaldandi þátttaka í samstarfsvettvangi um ábyrgar fjárfestingar.	Aðild að samtökum og öðru samstarfi varðandi ábyrgar fjárfestingar.	Starfsmenn taka virkan þátt í starfi og sitja meðal annars í stjórnnum IcelandSIF og Festu - miðstöðvar um sjálfbærni. LV er aðili að CIC (Climate Investment Coalition) frá 2020, UN PRI (Principles for responsible investment) frá 2006, Festu frá 2019, Loftslags-samningi Reykjavíkurborgar frá 2020 og tók þátt í stofnun IcelandSIF (Iceland Sustainable Investment Forum) 2016. Starfsmenn sækja reglulega námskeið og viðburði þessara og fleiri aðila.	

Áfangar í sjálfbærni vegferð

Á árinu 2022 var haldið áfram á sjálfbærni vegferð sjóðsins. Yfirlitið gefur mynd af sjálfbærni vegferð sjóðsins en enn er ýmislegt óunnið og margar áskoranir framundan.



Rekstur LV og UFS þættir

Hér er fjallað um rekstur LV með tilliti til UFS viðmiða; umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Umfjöllunin byggir meðal annars á UFS leiðbeiningum Nasdaq nr. 2.0, útgefnu í febrúar 2020. Sjóðurinn hefur skrifstofur í Reykjavík og eru UFS þættir vegna þeirrar starfsaðstöðu skoðaðir. Þetta er fjórða árið sem LV miðlar upplýsingum um UFS þætti reksturs.

Rétt er að vekja athygli á að þessi umfjöllun snýr aðeins að rekstri en ekki eignasöfnum. Sjóðurinn getur einna helst beitt sér fyrir mildun umhverfisáhættu (e. Climate risk) með markvissu eftirliti og stýringu eignasafna sem fjallað er um í kafla V um ábyrgar fjárfestingar.

Umhverfisþættir og verndun loftslags

LV leggur áherslu á að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum starfseminnar og stuðla að jákvæðum áhrifum á starfsfólk, samstarfsaðila og aðra haghafa. Starfsemi og rekstur skrifstofu sjóðsins hefur óveruleg umhverfisáhrif. Við greiningu og uppgjör vegna losunar gróðurhúsalofttegunda er byggt á svonefndum GHG staðli (e. The Greenhouse Gas Protocol). Samkvæmt staðlinum er mælingum skipt í umfang:

- Umfang 1 mælir beina losun frá kjarnastarfsemi.
- Umfang 2 mælir óbeina losun vegna orkukaupa.
- Umfang 3 sem nær til annarrar óbeinnar losunar.

Við útreikninga var stuðst við losunarstuðla frá birgjum. Losunarstuðlar umfangs 2 byggjast á stuðlum frá Veitum og ON. Við útreikninga á umfangi 3 var notast við losunarstuðul Umhverfisstofnunar fyrir úrgang, reiknivél Ícelandair fyrir flug og meðalútbástur fólksbíla frá Orkusetrinu fyrir árið 2022. Orkustjórnunarkerfi hefur ekki verið innleitt fyrir reksturinn.

Fyrir ferðavenjur starfsfólks var notast við upplýsingar úr könnun meðal starfsfólks þar sem meðal annars var spurt um ferðamáta, vegalengdir og fjölda daga sem viðkomandi mætir til vinnu á ári. Það er breyting frá fyrri mælingum þar sem notast var við ákveðnar forsendur, meðal annars um vegalengd og fjölda starfsfólks sem er á rafmagnsbíl eða nýtir sér aðra samgöngumáta en einkabíl. Með betri upplýsingum er hægt að gefa gleggri mynd af losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda vegna aksturs starfsfólks til og frá vinnu (umfang 3) og útskýrir það þann mun sem er frá ári til árs. Þá hefur einnig verið aukning í að starfsfólk nýti sér fjarvinnustefnu sjóðsins og vinni að hluta til heima. Fleira starfsfólk nýtur nú einnig samgöngustyrkinn og færst hefur í aukana að starfsfólk sé á rafmagnsknúnum ökutækjum.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Engin bein losun reiknast af rekstri sjóðsins. Sjóðurinn á engar bifreiðar og reiknast því engin bein losun vegna eigin ökutækja og eldsneytiskaupa.

Óbein losun, sem fellur til undir umfangi 2, reiknast vegna rafmagns- og vatnsnotkunar á skrifstofu. Önnur óbein losun, sem fellur til undir umfangi 3, sýnir losun vegna úrgangs, reiknaðar tölur vegna ferðavenja starfsfólks til og frá vinnu og ferðir á vinnutíma, flugferðir og utanlandsferðir. Tölur vegna úrgangs eru áætlaðar út frá heildarúrgangi og fjölda starfsfólks. Áhersla er lögð á flokkun úrgangs sem fellur til í rekstri LV.

Starfsfólk flokkar og skilar til endurvinnslu raf- og rafeindatækjum sem eru ekki lengur notuð við rekstur. Prentský hefur verið notað til margra ára til að minnka pappírnotkun og unnið er markvisst að því að uppfæra ferla sem minnka pappírnotkun. Fylgst er með pappírnotkun og hún mæld. Pappírnotkun var vantalin árin 2020 og 2021 þar sem láðist að taka með þann pappír sem notaður er við þjónustu þriðja aðila. Töluverður pappír er notaður til að senda út lífeyrisyfirlit sem sjóðnum er skylt samkvæmt lögum að senda á pappír tvisvar á ári. Einungis um tíundi hver hefur afþakkað að fá slíkt

yfirlit á pappír en yfirlit eru aðgengileg á sjóðfélagavef LV. Pappírnotkun var 366.555 blaðsíður árið 2022 samanborið við 370.050 bls. árið 2021. Minnkandi pappírnotkun má helst rekja til þess árangurs sem náðst hefur með auknu vægi stafrænna ferla við afgreiðslu erinda hjá sjóðnum.

Við rekstur mötuneytis eru matvæli nýtt vel til að draga úr matarsóun. Starfsfólk skráir sig í mat fyrir hvern dag vikunnar og þannig er leitast við að hafa nákvæmari upplýsingar fyrir matarinnkaupin. Leitast er við að lágmarka úrgang og það sem fellur til endurvinnslu er flokkað.

Förgun úrgangs er sameiginleg með annarri starfsemi í húsinu og útreikningar miðast við hlutfall LV af fjölda starfsmanna. Vegna eðlis starfsemi LV má reikna með að minni úrgangur falli til vegna starfseminnar heldur en t.d. frá verslunum í húsinu. Hins vegar vantar áreiðanlegar tölur svo hægt sé að taka það með í reikninginn. Umfang 3 er því byggt að verulegu leyti á áætluðum tölum.

Terra annast förgun úrgangs og mælingar.

Félagslegir þættir

LV leggur áherslu á að sjóðurinn sé fyrirmyndarvinnustaður, skipaður öflugri liðsheid sem býr yfir góðri þekkingu, reynslu og hæfni. Stefnur og lykilverlar mannauðs eiga að styðja við heilbriggt starfsumhverfi þar sem velferð og öryggi starfsfólks er í fyrirrúmi. Á árinu 2021 voru kynnt leiðarljós nýrrar stefnu sjóðsins til 2030. Þau lúta að áherslum í daglegri starfsemi sjóðsins. Á liðnu ári var áfram unnið að innleiðingu stefnunnar þar sem sérstakar áherslur voru lagðar á starfsþróun og forvarnarstarf.

Fræðsla

Á vordögum 2022 var fræðsluáætlun mótuð út frá þeim þörfum sem starfsfólk tilgreindi í fjórum vinnustofum. Fræðslustarf hófst aftur eftir nokkurt hlé á haustdögum og var þá byggt á niðurstöðum úr vinnustofunum. Áhersla hefur verið lögð á nýliðabjálfun, fræðslu tengdri fjármálum, góðum samskiptum og málefnum sem snúa að aukinni vellíðan og hafa nokkur námskeið verið sérsniðin að slíku. Fræðslustundirnar voru að mestu byggðar á staðnámi en þó hafa einhver námskeið verið stafræn. Þá hefur starfsfólk einnig sótt fræðslu hjá hinum ýmsum aðilum.

Fjöldi fræðslustunda í boði

56 klst

Meðalfjöldi fræðslustunda á starfsmann

6 klst

Meginmarkmið fræðsluáætlunar:

- Bæta öryggi í rekstri
- Virkt forvarnarstarf
- Styðja við hlítu við lög og reglur
- Auka þekkingu
- Auka starfsánægju
- Auka færni og hæfni starfsfólks
- Auka öryggi á vinnustað

Heilsa og öryggi

Á árinu var gengið til samstarfs við Vinnuvernd um aðgengi að sálfræðipjónustu handa starfsfólki og er það liður í því að stuðla að bættri heilsu, andlegri og líkamlegri. Reglulegar heilsufarsmælingar eru í boði sem og boð í influensusprautur. Þátttaka er sem fyrr mjög góð í heilsufarsmælingu en á árinu 2022 nýttu 70% sér mælinguna en 68% árið áður. Iðjuþjálfari heimsækir sjóðinn reglulega til að leiðbeina um rétta líkamsstöðu við störf. Starfsfólk fær reglulega þjálfun og fræðslu um öryggismál, brunavarnir og viðbrögð við bruna. Ýmsir styrkir eru í boði hjá sjóðnum, meðal annars til að efla þátttöku í heilsusamlegri hreyfingu.

Fjöldi sem nýtti sér íþróttastyrk 2022

100%

Ekki hefur verið stofnuð sérstök öryggisnefnd í samræmi við reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Skipulag vinnuverndunarstarfs hefur verið á höndum mannauðsstjóra sem hefur tekið á móti tilkynningum en engin vinnuslys eru skráð fyrir árið 2022. Ráðið verður bót á fyrirkomulaginu en fyrirhuguð kosning öryggisfulltrúa úr hópi starfsfólks er á dagskrá á vordögum.

Framúrskarandi teymi

Hjá sjóðnum vinnur samheldinn hópur sem býr yfir mikilli þekkingu. Starfsfólk hefur fjölgað í samræmi við aukið umfang starfseminnar og flóknara starfsumhverfi. Nýtt starfsfólk hefur fært sjóðnum nýja þekkingu og breiðari sýn. Þetta eykur getu LV til

að sinna hlutverki sínu og takast á við áskoranir sem fylgja örum vexti og síbreytilegu starfsumhverfi. Starfsmannavelta hefur aukist. Ástæður þess geta verið margvíslegar líkt og fram kemur í starfslokasamtölum sem bjóðast þeim sem kjósa að hætta störfum. Markmið slíks samtals er að draga lærdóma og meta hvar og hvernig hægt sé að gera betur í starfsemi og draga þannig úr starfsmannaveltunni. Vel gekk að ráða nýtt starfsfólk og ánægjuefni hversu vel gekk að manna stöður öflugt starfsfólk líkt og raun ber vitni. Hjá sjóðnum er ekki um að ræða starfsfólk í hlutastarfi né í verktöku eða í ráðgjöf. Það má þó nefna að sjóðurinn hefur ráðið til sín háskólanemendur í afleysingar á orlofstímanum og hafa slík tímabundin störf stundum leitt til fastráðninga að námi loknu.

Kynjahlutföll nýráðninga



Hjá sjóðnum er lögð áhersla á mikilvægi þess að stjórnendur veiti starfsfólki endurgjöf á sín störf og vinni þannig markvisst að þróun mannauðs sjóðsins. Starfsmannasamtöl eru skipulögð þrisvar á ári og hefur hvert samtal sitt þema.

Stjórnarhættir

Áhersla er á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun. Haghafar fá upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins í árs- og sjálfbærnisráðgjafi og stjórnarháttafyrirlýsingu sem er birt á vef sjóðsins. Stjórnarháttafyrirlýsing árið 2022 byggir á gildandi lögum og reglum. Þar er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttafyrirlýsingu sjóðsins, ákvæðum samþykktu sjóðsins, reglum FME þar um, m.a. reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnu af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Starfskjör

Stjórn setur starfskjarastefnuna sem staðfest er á ársfundi og birt á vefsíðu sjóðsins. Stefnan byggir á samþykktum lífeyrissjóðsins, sjónarmiðum sem koma fram í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti og meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a í lögum nr. 2/1995 um hlutafélag. Stefnan er hluti af reglum sem leggja grunninn að góðum stjórnarháttafyrirlýsingu LV, verðmætasköpun og þjónustu við sjóðfélaga. Hún hefur einnig þann tilgang að gera sjóðinn að eftirsóknarverðum vinnustað þar sem starfar hæft og reynt starfsfólk. Þetta er grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé samkeppnisfær og í samræmi við bestu viðmið.

Starfskjör hjá sjóðnum byggja fyrst og fremst á föstum greiðslum og eru launaákvæðin í samræmi við gæðakerfi launa sem hefur hlotið vottun í samræmi við jafnlaunastadalinn ÍST85:2012. Stjórnarlaun eru föst krónutala sem er endurskoðuð árlega í samræmi við samþykktu sjóðsins. Stjórnendur eru á föstum heildarlaunum. Ekki er greitt fyrir aukavinnu nema í undantekningartilfellum. Í ráðningarsamningum annars starfsfólks kemur fram hvort um sé að ræða föst heildarlaun eða laun þar sem greitt fyrir yfirvinnu. Kaupaukar eru því hvorki hluti af starfskjörum stjórnar né starfsfólks. Starfsfólk eruð aðilar að stéttarfélagi og eru kjör ákvörðuð út frá kjarasamningum og gildandi starfskjarastefnu.

Siðareglur og aðgerðir gegn spillingu

Stjórn lífeyrissjóðsins og starfsfólk hans er meðvitað um þá ábyrgð sem fylgir umsjón með fjármunum sjóðfélaga. Til að gæta að hæfisreglum, réttri meðferð fjármuna og þáttum eins og spillingu og mútumálum hafa verið settar margþættar reglur sem starfsfólki ber að fara eftir í störfum sínum fyrir sjóðinn.

Helstu stefnur og reglu sem hafa verið settar:

- Siða- og samskiptareglur fyrir starfsfólk og stjórnarmenn. Reglurnar eiga að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga, gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.
- Reglur um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsfólks.
- Reglur um viðskipti stjórnar og starfsfólks með fjármálagerninga.
- Reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Sjóðurinn leggur áherslu á fagmennsku, áræðni og samviskusemi. Þetta birtist m.a. í vandaðri eigna- og áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að fyrirtæki sem hann fjárfestir í fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra og virði þannig laga-reglur og viðmið um siðferði og sporni við hvers kyns spillingu.

Í viðskiptum við birgja LV er leitast við að velja birgja sem starfa eftir sömu gildum og sjóðurinn. Þá er m.a. litið til siðferðis, gæðamála, öryggismála og hugbúnaðarferla. Ekki hafa verið settar formlegar siðareglur fyrir birgja rekstrar.

Persónuvernd

Í starfsemi LV er nauðsynlegt að vinna með ýmis konar persónuupplýsingar sem varða m.a. sjóðfélaga. Sjóðurinn safnar persónuupplýsingum um sjóðfélaga fyrst og fremst til að uppfylla skyldur sínar á grundvelli heimildar/skyldu í lögum, kjarasamnings eða á grundvelli annarra lögmætra hagsmuna sjóðsins.

LV hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sjóðfélaga sjóðsins. Sjóðurinn skuldbindur sig til að vinna persónuupplýsingar um sjóðfélaga löglega, af sanngirni og gagnsæi. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang hennar.

Sjóðurinn leggur áherslu á að starfa í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf hverju sinni. Í því skyni voru persónuverndarreglur sjóðsins settar í maí 2018 en þær byggja á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Lífeyrissjóðurinn hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að hafa umsjón með eftirfylgni persónuverndarreglna. Persónuverndarreglurnar eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Öryggisstefna sjóðsins er í gildi og nær til meðferðar og varðveislu gagna. Hún á að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir, sjálfvirk vöktun og neyðaráætlun sjóðsins miða að því að lágmarka áhrif rekstraratvika á upplýsingakerfi og eiga að taka á alvarlegri rekstraratvikum með endurheimt upplýsingakerfa.

UFS uppgjör

Umhverfi

	2022	2021	2020	2019	Global Compact
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda (CO2 ígildi tonn, tCO2i)					UNGC P7
1) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1 (ef við á)	0.0	0.0	0.0	0.0	
2) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 2 (ef við á)	2.5	2.6	2.9	3.2	
3) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 3 (ef við á)	19	26.9	18.3	25.2	
Kolefnisfótspor samtals umfang 1, 2 og 3	21.8	29.5	21.2	28.4	
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda (CO2 ígildi tonn, kCO2i)					UNGC P7, P8
1) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð (umfang 1, 2 og 3)					
Heildariðgjöld í milljörðum króna	41.81	38.50	35.90	36.80	
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	4285.14	4285.14	4285.14	4285.14	
Fjöldi starfsmanna (stöðugildi)	54,2	51,0	50,0	47,0	
Losunarkræfni kíló CO2i/iðgjöld í milljörðum	521.50	768.00	591.00	771.00	
Losunarkræfni kíló CO2i/m3 húsnæðis	5.10	6.90	5.00	6.60	
Losunarkræfni kíló CO2i/stöðugildi	402.20	579.00	424.00	604.00	
Losunarkræfni tonn CO2i/iðgjöld í milljörðum	0.524	0.767	0.591	0.772	
Losunarkræfni tonn CO2i/m3 húsnæðis	0.005	0.007	0.005	0.007	
Losunarkræfni tonn CO2i/stöðugildi	0.402	0.579	0.424	0.604	
E3. Orkunotkun					UNGC P7, P8
1) Heildarmagn beinnar orkunotkunar					
2) Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar					
Vatn MWst	376.60	376.53	411.83	414.82	
Raforka MWst	119.86	129.33	141.61	165.86	
Heildar orkunotkun	496.46	505.86	553.44	580.68	
E4. Orkukræfni					UNGC P7, P8
1) Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærðir					
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	4285.14	4285.14	4285.14	4285.14	
Fjöldi starfsmanna (stöðugildi)	54,2	51,0	50,0	47,0	

	2022	2021	2020	2019	Global Compact
Orkukræfni á rúmmetra (KWst/m3)	115.80	118.10	129.15	135.51	
Orkukræfni á starfsmann (KWst/ársverk)	9158.90	9919.00	11069.00	12355.00	
Orkukræfni á rúmmetra (MWst/m3)	0.116	0.12	0.13	0.14	
Orkukræfni á starfsmann (MWst/ársverk)	9.16	9.92	11.07	12.35	
E5. Samsetning orku					
1) Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum					
-Endurnýjanleg orka	100%	100%	100%	100%	
E6. Vatnsnotkun					
1) Heildarmagn af vatni sem er notað					
Heitt vatn rúmmetrar, m3	7383.4	7383	8075.16	8452.00	
Kalt vatn rúmmetrar, m3	931.85	932	1440.74	1426.41	
Notkun vatns á starfsmann (m3/stöðugildi)	153.42	163	190.32	210.18	
Heildar vatnsnotkun	8315.25	8315	9515.90	9878.41	
E7. Umhverfisstarfsemi					
1) Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
2) Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu? Já/Nei	að hluta	að hluta	að hluta	að hluta	
3) Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
E8. Loftslagseftirlit / stjórn					
1) Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
E9. Loftslagseftirlit / stjórnendur					
1) Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
E10. Mildun loftslagsáhættu					
					UNGC P9
1) Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	

Félagslegir þættir

2022 2021 2020 2019 Global Compact

S1. Launahlutfall framkvæmdastjóra

UNGC P6

1) Hlutfall heildarlaunagreiðslu framkvæmdastjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi	2.96	3.40	3.36	3.44	
2) Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	

S2. Launamunur kynja

1) Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	0.51	0.49	0.52	0.50	UNGC P6
2) Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kynsegin/annað *	0				
3) Hlutfall miðgildis launagreiðslna kvenna og miðgildis launagreiðslna kynsegin/annað *	0				

S3. Starfsmannavelta

UNGC P6

1) Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi, í prósentum	12%	2%	6%	4%	
2) Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi, í prósentum (engir starfsmenn eru í hlutastarfi) óhefðbundið	0%	0%	0%	0%	
Starfslok	7	1	0	1	
Starfsmannavelta á ársgrundvelli	12%	2%	0	2%	

S4. Kynjafjölbreytni

UNGC P6

1) Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum					
Konur	61%	65%	66%	64%	
Karlar	39%	35%	34%	36%	
Kynsegin/annað*	0%				
3) Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum					
Framkvæmdastjóri - karlar (eitt stöðugildi)	100%	100%	100%	100%	
Forstöðumenn konur	29%	29%	17%	33%	
Forstöðumenn karlar	71%	71%	83%	67%	
Forstöðumenn kynsegin/annað*	0%				
Aðrir stjórnendur-deildarstjórar konur	67%	67%	60%	38%	
Aðrir stjórnendur- deildarstjórar karlar	33%	33%	40%	63%	
Aðrir stjórnendur-deildarstjórar kynsegin/annað*	0%				

	2022	2021	2020	2019	Global Compact
Stjórnunarstörf alls konur	43%	43%	33%	33%	
Stjórnunarstörf alls karlar	57%	57%	67%	67%	
Stjórnunarstörf alls kynsegin/annað*	0%				
S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta					UNGC P6
1) Prósentu starfsmanna í hlutastarfi	0%	0%	0%	0%	
S6. Aðgerðir gegn mismunun					UNGC P6
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
S7. Vinnuslysatiðni					
1) Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslisins í prósentum	0%	0%	0%	0%	
S8. Hnatræn heilsa og öryggi					
1) Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnatrænni stefnu um heilsu og öryggi? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
S9. Barna- og nauðungarvinna					UNGC P4, P5
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
S10. Mannréttindi					UNGC P1, P2
1) Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	

Stjórnarhættir

	2022	2021	2020	2019	Global Compact
G1. Kynjahlutfall í stjórn					
1) Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	50%	50%	50%	62.5%	
2) Hlutfall kynsegin/annað í stjórn í prósentum (samanborið við karla og kvenna)*	0%				
3) Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla) (Ein formleg nefnd)	0%	0%	100%	100%	
4) Hlutfall kynsegin/annað í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla og kvenna) (Ein formleg nefnd)*	0%				
G2. Óhæði stjórnar					
1) Bannar fyrirtækið framkvæmdastjóra að sinna stjórnarformennsku? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
2) Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	100%	100%	100%	100%	
G3. Kaupaukar					
1) Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
G4. Kjarasamningar					
					UNGC P3
1) Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	100%	100%	100%	100%	
G5. Siðareglur birgja					
					UNGC P2, P3, P4, P8
1) Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? Já/Nei	Ekki formlega	Ekki formlega	Ekki formlega	Ekki formlega	
G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu					
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu? Já/Nei	Já	Já	já	já	
2) Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	0%	0%	0%	0%	
G7. Persónuvernd					
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
2) Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	

	2022	2021	2020	2019	Global Compact
G8. Sjálfbærnisráðgjafi					UNGC P8
1) Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráðgjafi? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
2) Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf					UNGC P8
1) Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
2) Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
3) Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp? Já/Nei	Já	Já	Já	Já	
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila					UNGC P8
1) Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? Já/Nei	Að hluta	Að hluta	Að hluta	Að hluta	

*Ekki er óskað eftir upplýsingum um önnur kyn en karl og kona samkvæmt Nasdaq leiðbeiningum. Upplýsingar eru veittar í samræmi við Lög um kynrænt sjálfræði 2019 nr. 80

GRI tilvísunartafla með tilvísunum

(e. GRI Content Index with references)

Yfirlýsing um notkun

Miðlun upplýsinga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2022 er í samræmið við GRI Standards. GRI tilvísunartafla LV fylgir nýjasta GRI Content Index template sem tók gildi 1. janúar 2023. Taflan er birt með tilvísunum í samræmi við GRI Content Index with references. Tilvísun er í viðeigandi kafla í Árs- og sjálfbærnisráðgjaf LV. Ekki var talin ástæða til að vísa í blaðsíðutal þar sem kaflar eru hnitmiðaðir. Við yfirskrift hvers liðs er stuðst er við íslenskar þýðingar frá fyrri þýðingum Staðlaráðs í samstarfi við Festu á eldri GRI tilvísunartölum og bætt hefur verið við þýðingum þar sem það á við. Íslenskar þýðingar hafa ekki verið yfirfarnar eða útgefnar af GRI.

Fyrir GRI2 og GRI3 er stuðst við leiðbeiningar 2021. Fyrir GRI200, GRI300 og GRI400 er stuðst við leiðbeiningar frá 2016, 2018, 2019 og 2020, eins og fram kemur í yfirskrift lykilkáttu.

GRI hefur ekki gefið út atvinnugreinaflokkun fyrir lífeyrissjóði (e. Sector standards). Fyrirhuguð er útgáfa þar sem lífeyrissjóðir munu flokkast undir „Capital Market“ atvinnugreinaflokkun.

GRI 1: Grunnupplýsingar

Við miðlun grunnupplýsinga er höfð hliðsjón af GRI1:Foundation 2021, með tilvísunum í GRI Staðla (e. Reporting with reference to the GRI Standards)

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjaf LV
FYRIRTÆKIÐ OG UPPLÝSINGAGJÖF		
	2-1 Um fyrirtækið	Staðsetning Lífeyrissjóðsins verzlunarmanna er í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Íslandi. Sjóðurinn starfar á Íslandi. LV í hnotskurn. Kafli I Um starfsemi LV; *Hvernig skapar LV virði- viðskiptalíkan. Kafli VII Stjórnarhættir og stjórnun; *Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV.
	2-2 Rekstrareiningar sem falla undir upplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni	Kafli VIII Um sjálfbærni í starfseminni.
	2-3 Tímabil skýrslugjafar, tíðni og samskiptaupplýsingar	Sjálfbærniupplýsingar sjóðsins eru birtar samhliða hefðbundinni ársskýrslu sem kemur út einu sinni á ári. Útgáfa þessarar skýrslu er 28. mars 2023. Skýrslan gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2022. Fyrirspurnir og upplýsingar um sjálfbærni LV veitir Tómas N. Möller, pósthfang: skrifstofa@live.is
	2-4 Endurframsettar upplýsingar	Upplýsingar um Mikilvægisgreiningu er endurframsett frá Árs- og sjálfbærnisráðgjaf LV fyrir rekstrarárið 2021. Greiningin var unnin á fyrri hluta rekstrarársins 2022. Umfjöllunina má finna í kafla I Um starfsemina, Haghafar og mikilvægisgreining.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjafu LV
	2-5 Utanaðkomandi úttekt og áritun	Reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun sjóðsins er jafnframt í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Sjálfbærniupplýsingar í kafla VIII Um sjálfbærni í starfseminni eru áritaðar af ráðgjafa sjóðsins.
	STARFSEMI OG VINNUAFL	
	2-6 Starfsemi, virðisdeðja og önnur viðskiptasambönd	Kafla I Um starfsemina; *Hvernig skapar LV virði - viðskiptalíkan *Haghafar og mikilvægisgreining Kafla IX Ársreikningur; *Skýrsla stjórnar * Viðauki við skýrslu stjórnar *Stjórnarháttayfirlýsing.
	2-7 Starfsfólk	LV í hnotskurn. Kafla VII. Stjórnarhættir og stjórnun; *Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV *Skipurit. Kafla VIII Um sjálfbærni í starfseminni; *Félagslegir þættir *UFS uppgjör.
	2-8 Vinnuafli sem tilheyrir ekki starfsfólki	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfseminni; *Félagslegir þættir *UFS uppgjör.
	STJÓRNARHÆTTIR	
	2-9 Stjórnarskipulag og skipurit	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun. Kafla IX Ársreikningur; *Viðauki við skýrslu stjórnar *Stjórnarháttayfirlýsing. *Útgefið efni á live.is; *Samþykktir sjóðsins.
GRI 2: Almennar upplýsingar, 2021	2.10 Tilnefning og val á æðstu stjórnendum	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun; *Skipurit *Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur. Kafla IX Ársreikningur; *Viðauki við skýrslu stjórnar *Stjórnarháttayfirlýsing. *Útgefið efni á live.is; *Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra gr. 11 Um hæfi stjórnarmanna.
	2-11 Stjórnarformaður	Formaður stjórnar LV er Jón Ólafur Halldórsson tilnefndur í stjórn af Samtökum atvinnulífsins. Formaður stjórnar er ekki hluti af stjórnunarteymi sjóðsins. Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun.
	2-12 Aðkoma æðstu stjórnar við eftirlit með stýringum áhrifa	Kafla V Ábyrgar fjárfestingar. *Stefna um ábyrgar fjárfestingar *Stefna um útilokanir í eignasöfnum *Útgefið efni á live.is. Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun; *Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur.
	2-13 Framsal ábyrgðar við stýringu áhrifa	Kafla IX Ársreikningur; *Viðauki við skýrslu stjórnar *Um nokkrar reglur og viðmið LV. Útgefið efni á live.is; *Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra gr. 11 Um hæfi stjórnarmanna.
	2-14 Aðkoma æðstu stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni	Kafla IX Ársreikningur; *Skýrsla stjórnar.
	2-15 Hagsmunarárekstrar	Kafla IX Ársreikningur; Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins; Viðauki stjórnarháttayfirlýsing - Umboðsskylda.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjafi LV
	2-16 Upplýsingagjöf um veigamikil atriði	Kafla I Um starfseminna; Ávarp formanns stjórnar og Ávarp framkvæmdastjóra.
	2-17 Heildarþekking æðstu stjórnar	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun; Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV- Stjórn, framkvæmdastjóri og forstöðumenn.
	2-18 Mat á frammistöðu æðstu stjórnar	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun; Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV; Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur.
	2-19 Starfskjarastefnur	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun; Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV; Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur. Útgefið efni á live.is; Starfskjarastefna LV.
	2-20 Launaákvörðunarferli	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi *Rekstur LV og UFS þættir *Stjórnarhættir.
	2-21 Árlegur launasamanburður	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi *UFS uppgjör.
	2-22 Yfirlýsing um stefnumið (e. strategy) í sjálfbærri þróun"	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun *Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV *Hlutverk, framtíðarsýn, leiðarljós, grunnildir LV.
STEFNA, STEFNUMIÐ OG STARFSHÆTTIR		
	2-23 Skuldbinding við stefnumið (e.policies)	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun; *Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV *Hlutverk, framtíðarsýn, leiðarljós, grunnildir LV. *Yfirlit yfir innri mikilvægar reglur. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar *Stefna um ábyrgar fjárfestingar. Útgefið efni á live.is *Siða- og samskiptareglur.w
	2-24 Samþætting skuldbindinga skv. stefnumiðum (e. policies)"	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun; *Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV *Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar *Stefna um ábyrgar fjárfestingar.
	2-25 Úrbótaferli vegna neikvæðra áhrifa	Kafla VI Áhættustýring; *Eftirlitskerfi sjóðsins *Áhættuþættir í starfsemi sjóðsins. Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Áfangar í sjálfbærni vegferð.
	2-26 Verkferlar við að leita ráðgjafar og vekja athygli í álitamálum	Kafla VI Áhættustýring; *Eftirlitskerfi sjóðsins *Um varnarlinurnar þrjár. Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun; *Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV *Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur.
	2-27 Fylgni við lög og reglur	Kafla IX Ársreikningur 2022; *Viðauki Stjórnarháttayfirlýsing *Umboðsskylda *Um nokkrar reglur og viðmið LV.
	2-28 Aðild að samtökum og félögum	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Áfangar í sjálfbærni vegferð. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar * Þátttaka í samstarfi sem varðar sjálfbærni í rekstri og ábyrgar fjárfestingar. Að auki er sjóðurinn aðili að Landssamtökum lífeyrissjóða.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráskýrslu LV
	ÞÁTTAKA HAGHAFA	
	2-29 Aðferðafræði/nálgun við aðkomu haghafa	Kafli I Um starfsemina; *Haghafar og mikilvægisgreining.
	2-30 Þátttaka í kjarasamningum	Kafli VIII Um sjálfbærni í starfseminni; *Rekstur LV og UFS þættir *Stjórnarhættir.
	MIKILVÆGIPÆTTIR	
GRI 3: Mikilvæg efnisatriði, 2021	3-1 Ferli við að ákveða mikilvægipætti	Kafli I Um starfsemina; *Haghafar og mikilvægisgreining.
	3-2 Listi yfir mikilvægipætti	Kafli I Um starfsemina; *Haghafar og mikilvægisgreining *Samskipti við haghafa *Mikilvægisgreining sjálfbærniþátta LV.
	3-3 Stýring/stjórnun mikilvægipátta	Kafli VII Stjórnarhættir og stjórn; *Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur *Stefnur og reglur birtar á vef *Aðrar stefnur og reglur.
	EFNAHAGUR	
GRI 201: Efnahagslegur árangur, 2016	201-1 Bein fjárhagsleg verðmætasköpun	LV í hnotskurn. Kafli I Um starfsemina; *Hvernig skapar LV virði *Viðskiptalíkan. Kafli IV Eignasöfn. Kafli IX Ársreikningur
	201-2 Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftlagsbreytinga	Kafli VII. Áhættustýring; *Áhættuþættir í starfseminni *Áhætta tengd loftlagsbreytingum
	201-3 Skuldbindingar vegna eftirlaunasjóða og annarra eftirlaunakrefa	Kafli VIII Um sjálfbærni í starfseminni; *Rekstur LV og UFS þættir *Stjórnarhættir.
	201-4 Fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum	Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur ekki fengið fjárhagslega aðstoð frá stjórnvöldum.
GRI 202: Nálægð við markað, 2016	202-1 Hlutfall almennra byrjunarlauna eftir kyni samanborið við almenn lágmarkslaun	Kafli VIII Um sjálfbærni í starfseminni; *UFS uppgjör.
	202-2 Hlutfall æðstu stjórnenda sem eru ráðnir úr nærsamfélaginu	100%
GRI 203: Óbein efnahagsleg áhrif	203-1 Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við/ Fjárfestingar í innviðum og þjónustu samfélagsins	Kafli V Ábyrgar fjárfestingar; *Þátttaka í samstarfi sem varðar sjálfbærni í rekstri og ábyrgar fjárfestingar *Fjárfestingar í hreinni orkuframleiðslu og öðrum loftslagsmálum.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráskýrslu LV
	203-2 Veruleg óbein efnahagsleg áhrif	Óbein efnahagsleg áhrif hafa ekki verið greind með formlegum hætti.
GRI 205 Spillingamál, 2016	205-1 Mat á rekstri vegna áhættu sem tengist spillingu	Kafla VI Áhættustýring; Eftirlitskerfi sjóðsins. Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun, Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur. Útgefið efni á live.is; Hluthafastefna.
	205-2 Miðlun upplýsinga og þjálfun í stefnum og verklagsreglur/ferlum gegn spillingu	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Rekstur LV og UFS þættir *Félagslegir þættir *UFS uppgjör.
	205-3 Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir sem gripið var til/mótaðgerðir	Ekki komu upp atvik vegna spillingamála 2022.
GRI 206: Samkeppnishæðun, 2016	206-1 Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokunaraðferðum"	Kafla VII Stjórnarhættir og stjórnun: *Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur. *Útgefið efni á live.is *Hluthafastefna.
GRI 207: Skattar, 2019	207-1 Aðferðir við skattauppgjör	Lífeyrissjóður verzlunarmanna er einungis með starfsstöð á Íslandi og gerir upp samkvæmt íslenskum skatta- og bókhaldslögum.
	207-2 Stjórnun skattamála, eftirlit og áhættustjórnun	Kafla IX Ársreikningur; *Áritun óháðs endurskoðanda.
UMHVERFISÞÆTTIR		
GRI 302: Orka, 2016	302-1 Orkunotkun skipulagsheildar	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Rekstur LV og UFS þættir *UFS uppgjör.
	302-2 Orkunotun utan skipulagsheildar	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Rekstur LV og UFS þættir *UFS uppgjör.
	302-3 Orkukræfni	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Rekstur LV og UFS þættir *UFS uppgjör.
	302-4 Samdráttur í orkunotkun	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Rekstur LV og UFS þættir *UFS uppgjör.
	302-5 Aðgerðir til að draga úr orkuþörf vöru og þjónustu	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Rekstur LV og UFS þættir.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjafi LV
GRI 303: Vatn og frárennsli, 2016	303-1 Vatnstaka eftir vatnsbólum	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *UFS uppgjör.
	303-5 Vatnsnotkun	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *UFS uppgjör.
GRI 304: Líffræðilegur fjölbreytileiki, 2016	304-2 Veruleg áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika af starfsemi, vöru og þjónustu	Kafla VI Áhættustýring; *Eftirlitskerfi sjóðsins *Um veigamikla áhættuþætti í starfsemi LV-áhættusnið sjóðsins.
GRI 305: Losun í andrúmsloftið, 2016	305-1 Bein losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1)	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Umhverfisþættir og verndun loftlags *UFS uppgjör. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar; *Um áskoranir framundan.
	305-2 Óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Um)	Kafla VII Um sjálfbærni í starfsemi; *Umhverfisþættir og verndun loftlags *UFS uppgjör.
	305-3 Önnur óbein lostun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 3)	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Umhverfisþættir og verndun loftlags *UFS uppgjör. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar; *Um áskoranir framundan.
	305-4 Orkukræfni (styrkur losunar)	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Umhverfisþættir og verndun loftlags *UFS uppgjör. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar; *Um áskoranir framundan.
	305-5 Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (aðgerðir til að draga úr losun)	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *UFS uppgjör
GRI 306: Úrgangur, 2020	306-1 Losun úrgangs og úrgangur með veruleg áhrif	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Umhverfisþættir og verndun loftlags *UFS uppgjör. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar; *Um áskoranir framundan.
	306-3 Heildar úrgangur	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Umhverfisþættir og verndun loftlags *UFS uppgjör. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar; *Um áskoranir framundan.
	306-4 Úrgangur vísað frá förgun	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Umhverfisþættir og verndun loftlags *UFS uppgjör. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar; *Um áskoranir framundan.
	306-5 Úrgangur samþykktur til förgunar	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Umhverfisþættir og verndun loftlags *UFS uppgjör. Kafla V Ábyrgar fjárfestingar; *Um áskoranir framundan.
GRI 308: Mat á umhverfisáhrifum birgja 2016	308-2 Neikvæð áhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Áherslumarkmið *Sett hafa verið áherslumarkmið til að draga úr umhverfisáhrifum en LV hefur ekki mælt umhverfisáhrif aðfangakeðu sjóðsins né eignasafna.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf LV
SAMFÉLGA		
GRI 401: Atvinnumál, 2016	401-1 Nýráðningar starfsfólks og velta	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir *UFS uppgjör.
	401-2 Hlunnindi fyrir fastráðið starfsfólk í fullu starfi, gildir ekki fyrir starfsfólk í hluta- eða tímabundnu starfi	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Stjórnarhættir - Starfskjör.
	401-3 Foreldraorlof	Kafla IX Ársreikningur; *Viðauki við skýrslu stjórnar *Stjórnarháttaryfirlýsing *Um nokkrar reglur og viðmið LV- Mannauðsstefna.
GRI 402: Kjaramál 2016	402-1 Lágmarks uppsagnafrestur ef breytingar verða á rekstri	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Rekstur LV og UFS þættir *Stjórnarhættir Kafla IX Ársreikningur; *Viðauki við skýrslu stjórnar *Stjórnarháttaryfirlýsing *Um nokkrar reglur og viðmið LV- Mannauðsstefna.
GRI 403: Vinnuvernd, heilsu og öryggi, 2018	403-1 Stjórnskipulag vinnueftirlits / Þátttaka í formlegum og sameiginlegum heilsu- og öryggisnefndum stjórnenda og starfsmanna	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Rekstur LV og UFS þættir *Félagslegir þættir - Heilsa og öryggi.
	403-2 Hættugreining, áhættumat og rannsóknarátvik	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; Rekstur LV og UFS þættir; Félagslegir þættir - Heilsa og öryggi *UFS uppgjör Áhættumat starfa er framkvæmt á fjögurra ára fresti þar sem áhættur úr félagslegum vinnuverndarþáttum og hreyfi og stöðkerfinu í störfum sjóðsins metnar.
	403-3 Þjónusta vegna atvinnusjúktóma	Kafla VI Áhættustýring; *Eftirlitskerfi sjóðsins *Áhættuþættir í starfsemi sjóðsins- Rekstraráhætta.
	403-4 Þátttaka starfsfólks, ráðgjöf og samskipti í tengslum við vinnueftirlit	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir *Stjórnarhættir.
	403-5 Þjálfun starfsfólks í tengslum við vinnueftirlit	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir.
	403-6 Aðgerðir til að efla heilbrigði starfsfólks	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir - Heilsa og öryggi.
	403-7 Fyrirbyggjandi aðgerir varðandi heilsu og öryggi	Kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir - Heilsa og öryggi.
	403-8 Hlutfall starfsfólks sem vinnueftirlit nær til	100%

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráskýrslu LV
GRI 404: Þjálfun og menntun 2016	403-9 Vinnutengd slys	Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *UFS uppgjör.
	403-10 Vinnutengd veikindi	Ekki hafa komið upp vinnutengd veikindi á starfsárinu 2022.
	404-1 Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann	Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir.
	404-2 Áætlanir um símenntun starfsmanna og stuðningur til að aðlagast breytingum	Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir.
GRI 405: Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri, 2016	404-3 Hlutfall starfsmanna sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun	Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir- Framúrskarandi teymi.
	405-1 Fjölbreytileiki stjórnar og starfsmanna	Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *UFS uppgjör.
GRI 406: Engin mismunun, 2016	405-2 Hlutfall grunnlauna og kjör kvenna í samanburði við karla	Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *UFS uppgjör.
	406-1 Atvik um mismunun og framkvæmd úrbóta	Engin atvik hafa verið tilkynnt.
GRI 407: Frjáls aðild að verkalýðs-samtökum og kjara-viðræðum, 2016	407-1 Rekstur og birgjar þar sem hætta er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningsgerð og sameiginlega kjarasamningagerð	Sjóðurinn hefur ekki lagt mat á hvar möguleg hætta er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningsgerð og hefur því ekki upplýsingar um hvar sú áhætta liggur.
GRI 412: Mat á mannréttindum, 2016	412-1 Rekstur sem hefur verið rýndur eða áhrifametinn með hliðsjón af mannréttindum	Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *UFS uppgjör.
	412-2 Þjálfun starfsmanna í reglum eða verklagsreglum um mannréttindi	Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfsemi; *Félagslegir þættir. Kaflí VII Stjórnarhættir og stjórnun: *Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV *Yfirlit yfir mikiklvægar innri reglur.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráskýrslu LV
	412-3 Samkomulag og samningar um verulegar fjárfestingar og samningar sem fela í sér mannréttindaákvæði eða hafa verið skimaðir með hliðsjón af mannréttindamálum	Kaflí V Ábyrgar fjárfestingar; *Stefna um ábyrgar fjárfestingar.
GRI 414: Mat á samfélagsábyrgð birgja, 2016	414-1 Hlutfall nýrra birgja sem hafa verið skimaðir/rýndir á grundvelli félagslegra viðmiða	Birgjar hafa ekki verið rýndir á grundvelli félagslegra viðmiða. Í Kaflí VIII Um sjálfbærni í starfseminni er að finna. áherslumarkmið í tengslum við innkaupastefnu sjóðsins.
	414-2 Neikvæð samfélagaáhrif virðisdeðu og aðgerðir sem gripið hefur verið til	Kaflí V Ábyrgar fjárfestingar; *Stefna um ábyrgar fjárfestingar.
GRI 415: Opinber stefna, 2016	415-1 Framlög til stjórnámálastarfs	Engin framlög til stjórnámálastarfs eru á árinu.
GRI 416: Heilsa og öryggi viðskiptavina, 2016	416-2 Atvik þar sem ekki var farið eftir reglum er varða vöru og þjónustu og hefur áhrif á heilsu og öryggi	Ekki hefur verið tilkynnt um brot tengd vöru og þjónusta er hafa áhrif á heilsu og öryggi.
GRI 417: Markaðssetning og merkingar, 2016	417-1 Kröfur til upplýsinga og merkinga á vörum og þjónustu	Sjóðurinn birtir lykilupplýsingablað fjárfestingaleiða í samræmi við lög nr. 55/2021.
	417-2 Atvik þar sem ekki er farið eftir reglum sem varða upplýsingar og merkingar vöru og þjónustu	Sjóðurinn hefur ekki verið sektaður fyrir brot á upplýsingagjöf sem varða merkingar vöru og þjónustu.
	417-3 Atvik við markaðssetningu þar sem ekki er farið eftir reglum	Sjóðurinn hefur ekki verið sektaður fyrir brot á reglum sem tengjast markaðssetningu.
GRI 418: Persónuvernd, 2016	418-1 Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og tap á gögnum þeirra	Sjóðnum hefur ekki borist kvartanir varðandi brota á persónuvernd.

Ábyrgar lausnir ehf.

Staðfesting sjálfbærniráðgjafa

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) hefur óskað eftir álit Ábyrgra lausna ehf. á ófjárhaglegri upplýsingagjöf sem sett er fram annars vegar í UFS uppgjöri LV og hins vegar í GRI Standards tilvísunartöflu fyrir árið 2022, ásamt ferli við að útbúa upplýsingarnar og setja þær fram. Ábyrgar lausnir ehf. hefur verið ráðgjafandi aðili í sjálfbærri þróun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) frá því sú vegferð hófst árið 2019 og byggir sitt álit á þeirri vegferð, aðferðum við söfnun upplýsinga, viðtölum við starfsmenn LV og könnunum sem framkvæmdar hafa verið meðal haghafa.

GRI Standards tilvísunartafla LV er sett fram í samræmi við GRI Universal Standards 2021 og GRI Topic Standards og tekur á viðeigandi vísu samkvæmt GRI „Content Index with reference“. LV er þannig með tilvísanir í kafla í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa þar sem greint er frá áherslum viðkomandi lykilþátta. Ekki var talin ástæða til að vísa í blaðsíðutal þar sem kaflar eru hnitmiðaðir. Samkvæmt GRI „Content Index with reference“ er ekki gerð krafa af hálfu GRI um að greina frá því hvort allir þættir eru að fullu uppfylltir og ástæðu þess ef svo er ekki, eins og krafa er um samkvæmt GRI „Content Index in accordance“. GRI hefur ekki birt atvinnugreinaflokkun (e.Sector Standards) fyrir lífeyrissjóði og því ekki tekið sérstaklega á því í GRI tilvísunartöflu LV. Við íslenska þýðingu á lykilþáttum í GRI tilvísunartöflu er stuðst við eldri þýðingar Staðlaráðs sem unnið var í samstarfi við Festu og bætt hefur verið við þýðingum þar sem það á við. GRI hefur ekki gefið út opinberlega íslenska þýðingu á GRI Standards.

Yfirlit LV um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti, UFS uppgjör, er sett fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq, ESG reporting guide 2.0 Febrúar 2022, sem þýddar hafa verið á íslensku. Lykilþættir í UFS uppgjöri LV eiga við um rekstur sjóðsins.

Stjórn og stjórnendur LV eru ábyrgir fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinga sem settar eru fram í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa, uppgjöri og tilvísunartöflum.

Það er álit sjálfbærniráðgjafa að framsetning LV á GRI Standards tilvísunartöflu sem sett er fram samkvæmt GRI „Content index with reference“ sé að verulegu leyti í samræmi við kröfur GRI með tilvísunum í kafla í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa LV. Það er einnig álit sjálfbærniráðgjafa að framsetning í yfirliti LV á UFS uppgjöri reksturs séu að verulegu leyti í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar Nasdaq.

Ábyrgar lausnir ehf.
Reykjavík, 3. mars, 2023

Viktoría Valdimarsdóttir,
Vottuð í sjálfbærri þróun og samfélagslegri nýsköpun
„Certificate in Sustainable Development and Social Innovation“



Ársreikningur 2022

Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2022

Skýrsla stjórnar	115
Stjórnarháttayfirlýsing	121
Áritun óháðs endurskoðanda	127

Ársreikningur 2022

Yfirlit um breytingu á hreinni eign	132
Efnahagsreikningur	133
Sjóðstreymi	134
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar	135
Skýringar	136
Kennitölur	176

Deildaskiptur ársreikningur 2022

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign	181
Deildaskiptur efnahagsreikningur	182
Deildaskipt sjóðstreymi árið 2022	183

Annual Report 2022

Report of the Board of Directors 2022	187
Independent Auditor's Report	193
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments ..	198
Balance Sheet	199
Statement of Cash Flows	200
Statement of Actuarial Position	201
Financial Indicators	202

Skýrsla stjórnar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2022

Inngangur

Skýrslu stjórnar með ársreikningi er ætlað að gefa greinargott yfirlit um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) til viðbótar upplýsingum sem fram koma í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2022. Henni er þannig ætlað að gefa hagaðilum fyllri mynd af starfsemi sjóðsins. Þar er m.a. horft til núverandi og væntanlegra sjóðfélaga, aðildarsamtaka sjóðsins, stjórnvalda og útgefenda verðbréfa.

Efnistöð taka mið af gildandi reglum um ársreikninga¹ lífeyrissjóða og ákvæðum laga um ársreikninga². Við gerð skýrslu stjórnar og árs- og sjálfbærnisráðgjafar er lögð áhersla á samþættingu³ fjárhagslegra upplýsinga og ófjárhagslegra upplýsinga (sjálfbærniupplýsinga). Markmiðið er að gefa glögg og upplýsandi yfirlit og til að halda yfirsýn er um ýmsa þætti vísað til meðfylgjandi árs- og sjálfbærnisráðgjafar LV fyrir árið 2022. Því er hér í ýmsum tilvikum vísað til nánari umfjöllunar í ársreikningi og árs- og sjálfbærnisráðgjafar LV fyrir árið 2022.

Um nokkra mikilvæga þætti í innri starfsemi og ytra starfsumhverfi

Hvað innri starfsemi á árinu 2022 varðar voru gerðar umtalsverðar breytingar á samþykktum sjóðsins. Þær fólu meðal annars í sér hækkun lífeyrisgreiðslna frá og með janúar 2023, haldið var áfram að efla stafræna þjónustu og upplýsingamiðlun til sjóðfélaga, ákveðin skref voru stigin í greiningu kolefnisspors eignasafna og unnið að innleiðingu framsækinnar stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Þá voru tiltekin svið sjóðsins eflað til að takast á við aukin og krefjandi verkefni.

Hvað ytri þætti varðar hafði innlend þróun verðbólgu mikil áhrif enda allar lífeyrisskuldbindingar sameignardeildar verðtryggðar. Þá er vert að nefna óhagfellda þróun á eignamörkuðum í kjölfar hækkandi stýrivaxta hérlendis og erlendis og vaxandi verðbólgu á heimsvísu. Stríðsátökin í Úkraínu juku auk þess alþjóðlega spennu og hrávöruverð hækkaði umtalsvert. Sterk teikn eru um að þróun varðandi loftslagsmál, líffræðilegan fjölbreytileika og aðra mikilvæga sjálfbærniþætti sé enn óhagstæð. Það kann að varða hagsmuni eignasafna og sjóðfélaga í náninni og fjarlægri framtíð.

Nánar um samþykktabreytingar

Um nýliðin áramóttóku gildi umfangsmiklar breytingar á samþykktum sjóðsins, einkum varðandi sameignardeild hans. Veigamikill þáttur þeirra lítur að því að laga réttindakerfi sameignardeildar LV að hækkandi lífaldri sjóðfélaga og nýjum viðmiðum við mat á lífaldri. Þá voru gerðar breytingar sem auka sveigjanleika við starfslok og styrkja makalífeyri og framreikningsrétt vegna örorku, auk nokkurra smærri breytinga. Sjá m.a. umfjöllun í kafla II um lífeyrisafurðir.

Staðfesting samþykktabreytinga tók mun lengri tíma í meðförum stjórnvalda en venjan er og gert var ráð fyrir. Kom það m.a. til af því að fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerði nokkrar efnislegar athugasemdir við inntak breytinganna. Þær varða einkum þrjú atriði; lágmarkstryggingavernd sameignardeildar, umreikning áunninna réttinda vegna hækkandi lífaldurs og útfærslu á nýjum réttindatöflum fyrir framtíðarréttindaávinnslu. Í umsögn LV til fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna athugasemda fjármálaeftirlitsins kom m.a. fram að LV teldi samþykktabreytingarnar uppfylla lagaskilyrði. Í því sambandi var m.a. vísað til greiningar sjóðsins, umsagnar tryggingastærðfræðings sjóðsins sem og lögfræðiálita sem unnin voru fyrir sjóðinn. Til viðbótar við umsögn fjármálaeftirlitsins hafa komið fram athugasemdir við útfærslu breytinganna frá sjóðfélaga sem hann gerði m.a. grein fyrir á ársfundi LV í mars 2022. Eftir samskipti LV við ráðuneytið staðfesti ráðherra samþykktabreytingarnar og tóku þær gildi um sl. áramót eins og að framan greinir.

¹ Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015, með síðari breytingum, 50. gr., útgefnum af Fjármálaeftirlitinu (nú Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands).

² Lög um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Einkum grein 65, 66 og 66, b til E.

³ Hér er stuðst við leiðbeiningar “Integrated Reporting” um samþætta skýrslugerð.

Helstu rekstrarniðurstöður

Efnahagur

Meginstarfsemi LV lýtur að rekstri réttindakerfis sameignardeildar, séreignardeildar og umsýslu fimm eignasafna, þ.e. sameignardeildar og fjögurra ávöxtunarleiða séreignar. Nánar er gerð grein fyrir þessu í kafla III um lífeyrisafurðir sjóðsins, kafla IV um eignasöfn og í yfirliti þróunar nokkurra lykiltalna í rekstri, sjá kafla I um starfsemi.

Hvað eignasöfn sjóðsins varðar einkenndist afkoma þeirra á árinu mjög af erfiðum aðstæðum á eignamörkuðum. Verð hlutabréfa og skuldabréfa fór almennt lækkandi jafnt á innlendum markaði sem og á helstu erlendu mörkuðum sem LV starfar á. Hér hafa m.a. áhrif hækkandi vextir, aukin verðbólga, stríðsátök í Úkraínu, hækkandi orkuverð, óvissa á ýmsum hrávörumörkuðum og erfiðleikar í virðisæðju fyrirtækja. Nánari upplýsingar er að finna í kafla IV um eignasöfn LV, þróun stöðu og horfur.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður Samanlagðar hreinar fjárfestingartekjur allra eignasafna voru neikvæðar um 42.441 m.kr. en voru jákvæðar um 173.906 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, nam 1.497 m.kr. en var 1.305 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,13% samanborið við 0,12% árið áður. Fjöldi stöðugilda á árinu var 54,2 samanborið við 51,1 stöðugildi árið áður. Heildarfjárhæð launa nam 813,8 m.kr., launatengd gjöld voru 196,7 m.kr. og aukning orlofsskuldbindingar milli ára var 20,1 m.kr.

Sameignardeild Sameignardeildin er stærsta eignasafn lífeyrissjóðsins og námu eignir hennar um 1.146 milljörðum króna í árslok samanborið við 1.175 milljarða árið áður. Nafnávöxtun deildarinnar var -3,6%, samanborið við 16,9% nafnávöxtun árið áður. Að teknu tilliti til verðbólgu var hrein raunávöxtun þá neikvæð um 11,9%, samanborið við 11,5% jákvæða raunávöxtun árið 2021. Langtímaraðunávöxtun er eftir sem áður góð eða 4,9% meðalávöxtun sl. 5 ár, 5,4% fyrir sl. 10 ár og 4,6% sl. 20 ár.

Aðrar fjárfestingar	0	0	24.600	24.600	24.600	
Fjárfestingar samtals	<u>872.313.534</u>	<u>312.318.864</u>	<u>24.600</u>	<u>1.184.656.998</u>	<u>1.217.528.262</u>	

Skýringar

18.2. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjárfestingar sem færðar eru á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsenda sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga skv. lögum nr. 108/2007. Gangvirðismatið byggir á síðustu viðskiptum viðkomandi fjármálagernings.

Stig 2: Fjármálagerningar þar sem stuðst er við gengi frá eignastýranda sem getur verið afleitt af skráðu verði undirliggjandi eigna. Hér flokkast t.d. hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum. Einnig skuldabréf þar sem stuðst er við verðlagningu skráð skuldabréfs með sambærilegan meðalbínditíma að viðbættu eðlilegu áhættuálagi.

Stig 3: Fjármálagerningar þar sem stuðst er við verðmat á undirliggjandi eignum, t.d. frá eignastýranda eða verðmat byggt á viðurkenndum verðmatsaðferðum, s.s. sjóðstreymi, innra virði eða nýlegt viðskiptaverð.

Til þessa stigs teljast m.a. innlendir og erlendir framtakssjóðir sem ekki gefa út gengi sem og innlend og erlend hlutafélög sem ekki eru skráð á markaði.

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjárfestingar á gangvirði í árslok 2022	<u>273.424.315</u>	<u>382.948.484</u>	<u>153.432.648</u>	<u>809.805.448</u>
Fjárfestingar á gangvirði í árslok 2021	<u>315.549.302</u>	<u>432.701.821</u>	<u>124.062.411</u>	<u>872.313.534</u>

Breytingar sem falla undir stig 3 á árinu eru eftirfarandi:

Staða 1.1.2022	124.062.411
Keypt á árinu	32.689.789
Selt á árinu og arðgreiðslur	(8.973.880)
Flutt milli stiga	0
Matsbreyting	5.654.328
Staða 31.12.2022	<u>153.432.648</u>

19. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring

Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins er samkvæmt lögum að hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er samþykkt og innleiðing áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Á grundvelli þeirra felur stjórn framkvæmdastjóra og áhættustjóra sjóðsins umsjón með framkvæmd stefnanna.

Sjóðurinn leggur áherslu á það í störfum sínum að stefnurnar og framkvæmd þeirra sé virkur þáttur í starfseminni. Markmið stefnanna er að auka öryggi í rekstri sjóðsins og draga þannig úr líkum á því að réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris skerðist sem og að stuðla almennt að góðum og öruggum rekstri.

Áhættustefna og áhættustýringarstefna sjóðsins byggja á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða og reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar með síðari breytingum. Áhættustefnan tekur einnig mið af ISO staðli 31000 um áhættustýringu, eðli og umfangi reksturs sjóðsins og skýrslum erlendra aðila eins og IOPS (e. International Organisation of Pension Supervision).

Í stefnunum er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættu- stýringar, eftirlitskerfi sjóðsins lýst, helstu áhættuþættir í rekstri sjóðsins eru skilgreindir, þeir metnir og tilgreint er hvernig vöktun á þeim fer fram.

Áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind, til samræmis við skilgreiningu á áhættu í ISO staðli 31000 sem áhrif óvissu á markmið, þar sem áhrifin eru frávik frá því sem búist er við, bæði jákvæð og neikvæð. Þessi skilgreining er víðari en skilgreining á hugtakinu áhætta eins og það er skilgreint í reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Þar er áhætta skilgreind sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóður skilgreinir.

Helstu áhættuþættir í starfsemi sameignardeildar sjóðsins eru fjárhagsleg áhætta, mótaðilaáhætta, lífeyris- tryggingaráhætta, rekstraráhætta og áhætta tengd loftslagsbreytingum. Hér á eftir, í skýringu 19, er fjallað um helstu áhættuþætti í sameignardeild sjóðsins. Skýringar 20–23 snúa að séreignarleiðum sjóðsins, þ.e. Verðbréfaleið, Ævileið I, Ævileið II og Ævileið III.

19.1. Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta felst í hættunni á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði verðbréfa. Fjárhagslegri áhættu má skipta í a) vaxta- og endurfjárfestingaráhættu, b) uppgreiðsluáhættu, c) markaðsáhættu, d) gjaldmiðlaáhættu og e) verðbólguáhættu.

a) Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Þá getur lækkandi vaxtaumhverfi leitt til lægri ávöxtunarkröfu við kaup nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga og þegar fjárfest er fyrir innflæði (endurfjárfestingaráhætta).

Hluti skuldabréfa sameignardeildar er færður til bókar á gangvirði og hluti á upphaflegri ávöxtunarkröfu við kaup. Sá hluti sem færður er til bókar á gangvirði er næmur fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði. Hér að neðan má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hefur á gangvirði skuldabréfa sem færð eru til bókar á gangvirði, hreina eign og tryggingafræðilega stöðu. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta og hins vegar að ávöxtunarkafan hækki um 100 punkta. 100 punkta breyting samsvarar eins prósentustigs breytingu á ávöxtunarkröfu.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris:

	31.12.2022	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2021
Breyting á ávöxtunarkröfu:	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun
Verðtryggð skuldabréf færð á gangvirði	3.407.366	(3.317.820)	4.418.130	(4.287.616)
Óverðtryggð skuldabréf færð á gangvirði	1.465.908	(1.438.566)	1.674.428	(1.645.113)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>4.873.274</u>	<u>(4.756.386)</u>	<u>6.092.558</u>	<u>(5.932.729)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.146.104.987	1.146.104.987	1.174.592.807	1.174.592.807
Breyting á hreinni eign	4.873.274	(4.756.386)	6.092.558	(5.932.729)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	<u>1.150.978.261</u>	<u>1.141.348.601</u>	<u>1.180.685.365</u>	<u>1.168.660.078</u>

Skýringar

Tryggingafræðileg staða þann 31.12.2022 er -5,6% en var 3,5% þann 31.12.2021. Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrifin eru á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins ef ávöxtunarkrafar hækka eða lækkar um 100 punkta.

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

Breyting á ávöxtunarkröfu:	31.12.2022 100 punkta lækkun	31.12.2022 100 punkta hækkun	31.12.2021 100 punkta lækkun	31.12.2021 100 punkta hækkun
Verðtryggð skuldabréf færð á gangvirði	0,2%	(0,1%)	0,3%	(0,3%)
Óverðtryggð skuldabréf færð á gangvirði	0,1%	(0,2%)	0,1%	(0,1%)
Samtals áhrif á tryggingafræðilega stöðu	0,3%	(0,3%)	0,4%	(0,4%)
Tryggingafræðileg staða	(5,6%)	(5,6%)	3,5%	3,5%
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	0,3%	(0,3%)	0,4%	(0,4%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði	(5,3%)	(5,9%)	3,8%	3,1%

b) Uppgreiðsluáhætta

Hluta af skuldabréfaeign sjóðsins er heimilt að greiða upp. Það felur í sér uppgreiðsluáhættu sem felst í því að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjalddaga og lífeyrissjóðurinn þurfi því mögulega að endurfjárfesta á lægri vöxtum. Stærsti hluti þeirra skuldabréfa í eigu sameignardeildar sem er uppgreiðanlegur eru sjóðfélagalán en þau eru öll uppgreiðanleg án uppgreiðslugjalds.

c) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna.

Stór hluti eigna sameignardeildar er í markaðsverðbréfum, bæði hlutabréfum og skuldabréfum. Markaðsverðbréf mynda stærsta hluta þeirra eigna sem ætlað er að standa á móti lífeyrisskuldbindingum sjóðsins. Fjárfestingar sameignardeildar í eignarhlutum í félögum og sjóðum eru að mestu leyti í skráðum eignum, en þó er hluti af fjárfestingum einnig í óskráðum eignum.

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir:

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	195.428.029	224.233.979	17,0%	19,1%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	449.513.587	488.468.631	39,2%	41,5%
Samtals	644.941.616	712.702.610	56,2%	60,6%

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sameignardeildar og tryggingafræðilega stöðu er sýnd hér að neðan. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt, þ.e. til hækkunar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og til bætingar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris:

	31.12.2022	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2021
Breyting á gangvirði:	-5%	-10%	-5%	-10%
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabréfasjóði	(9.771.401)	(19.542.803)	(11.211.699)	(22.423.398)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabréfasjóði	(22.475.679)	(44.951.359)	(24.423.432)	(48.846.863)
Samtals gangvirðisbreyting	(32.247.080)	(64.494.162)	(35.635.131)	(71.270.261)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.146.104.987	1.146.104.987	1.174.592.807	1.174.592.807
Breyting á hreinni eign	(32.247.081)	(64.494.162)	(35.635.131)	(71.270.261)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	1.113.857.906	1.081.610.825	1.138.957.676	1.103.322.546

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

	31.12.2022	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2021
Breyting á gangvirði:	-5%	-10%	-5%	-10%
Áhrif vegna innlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða ..	(0,5%)	(1,0%)	(0,7%)	(1,4%)
Áhrif vegna erlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða	(1,2%)	(2,4%)	(1,5%)	(2,9%)
Samtals gangvirðisbreyting	(1,7%)	(3,4%)	(2,1%)	(4,3%)
Tryggingafræðileg staða	(5,6%)	(5,6%)	3,5%	3,5%
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	(1,7%)	(3,4%)	(2,1%)	(4,3%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði	(7,3%)	(9,0%)	1,4%	(0,8%)

d) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta felst í hættu á að sveiflur á gengi íslensku krónunnar annars vegar og erlendra myntkrossa hins vegar geti haft neikvæð áhrif á eignastöðu. Lífeyrissjóðurinn, sem er langtímafjárfestir, er ekki með samninga um gjaldeyrisvarnir og er erlend verðbréfaeign sameignardeildar því óvarin gagnvart gengissveiflum íslensku krónunnar.

Meirihluti eigna sameignardeildar í árslok 2022 er í íslenskum krónum en um 43,6% er í erlendri mynt, sem svarar til 500,2 milljarða króna. Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur sameignardeildar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka mið af opinberu viðmiðunargengi Seðla-banka Íslands.

Mynt	Árslokagengi 2022	Árslokagengi 2021	Meðalgengi 2022	Meðalgengi 2021	Ársflökt 2022
USD	142,04	130,38	135,46	135,27	12,1%
EUR	151,50	147,60	142,33	154,52	7,5%
DKK	20,37	19,85	19,13	20,73	7,5%
GBP	170,81	175,73	166,90	173,59	10,6%
JPY	1,08	1,13	1,03	1,27	14,0%

Skýringar

Skipting eigna eftir myntum:

Mynt	Fjárhæð 2022	Fjárhæð 2021	Hlutfall af eignum 2022	Hlutfall af eignum 2021
USD	311.340.578	328.389.299	27,1%	27,9%
EUR	66.668.637	66.948.051	5,8%	5,7%
DKK	21.776.588	27.092.111	1,9%	2,3%
GBP	25.390.665	26.703.853	2,2%	2,3%
JPY	22.560.615	22.111.779	2,0%	1,9%
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	52.449.481	53.864.534	4,6%	4,6%
Samtals	<u>500.186.564</u>	<u>525.109.627</u>	<u>43,6%</u>	<u>44,7%</u>

Í töflunni hér að neðan eru sýnd hvaða áhrif 5% og 10% styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á gangvirði eigna sameignardeildar í erlendri mynt, hreina eign til greiðslu lífeyris og tryggingafræðilega stöðu miðað við stöðu eigna í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. 5% og 10% veiking á gengi íslensku krónunnar hefði öfug áhrif.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris:

	31.12.2022 5%	31.12.2022 10%	31.12.2021 5%	31.12.2021 10%
Styrking á gengi íslensku krónunnar:				
USD	(15.567.029)	(31.134.058)	(16.419.465)	(32.838.930)
EUR	(3.333.432)	(6.666.864)	(3.347.403)	(6.694.805)
DKK	(1.088.829)	(2.177.659)	(1.354.606)	(2.709.211)
GBP	(1.269.533)	(2.539.066)	(1.335.193)	(2.670.385)
JPY	(1.128.031)	(2.256.062)	(1.105.589)	(2.211.178)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(2.622.474)	(5.244.948)	(2.693.227)	(5.386.453)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>(25.009.328)</u>	<u>(50.018.657)</u>	<u>(26.255.483)</u>	<u>(52.510.962)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.146.104.987	1.146.104.987	1.174.592.807	1.174.592.807
Breyting á hreinni eign	<u>(25.009.328)</u>	<u>(50.018.656)</u>	<u>(26.255.481)</u>	<u>(52.510.963)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	<u>1.121.095.659</u>	<u>1.096.086.331</u>	<u>1.148.337.326</u>	<u>1.122.081.844</u>

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

	31.12.2022 5%	31.12.2022 10%	31.12.2021 5%	31.12.2021 10%
Styrking á gengi íslensku krónunnar:				
USD	(0,8%)	(1,6%)	(1,0%)	(2,0%)
EUR	(0,2%)	(0,4%)	(0,2%)	(0,4%)
DKK	(0,1%)	(0,1%)	(0,1%)	(0,2%)
GBP	(0,1%)	(0,1%)	(0,1%)	(0,2%)
JPY	(0,1%)	(0,1%)	(0,1%)	(0,1%)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(0,1%)	(0,3%)	(0,2%)	(0,3%)
Samtals	<u>(1,3%)</u>	<u>(2,6%)</u>	<u>(1,6%)</u>	<u>(3,2%)</u>
Tryggingafræðileg staða	(5,6%)	(5,6%)	3,5%	3,5%
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	<u>(1,3%)</u>	<u>(2,6%)</u>	<u>(1,6%)</u>	<u>(3,2%)</u>
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði	<u>(6,9%)</u>	<u>(8,2%)</u>	<u>1,9%</u>	<u>0,3%</u>

e) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í sameignardeild sjóðsins þar sem skuldbindingar eru að fullu verðtryggðar en eignasafnið er hins vegar að hluta ávaxtað í óverðtryggðum verðbréfum. Sumar aðrar eignir sjóðsins hafa eiginleika óbeinnar verðtryggingar sem milda áhrifin til lengri tíma litið. Sem dæmi um slíkar eignir eru erlendar eignir sjóðsins. Þegar krónan veikist þá getur verðbólga aukist vegna hækkandi verðs á innfluttum vörum en á móti hækka erlendar eignir sjóðsins í virði sem getur komið til móts við auknar skuldbindingar sjóðsins.

Verðtryggðar eignir:

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	104.949.477	108.048.158	9,1%	9,2%
Útlán til sjóðfélaga og annarra	61.465.377	60.758.606	5,4%	5,2%
Önnur skuldabréf	130.670.881	117.343.942	11,4%	10,0%
Samtals	<u>297.085.735</u>	<u>286.150.706</u>	<u>25,9%</u>	<u>24,4%</u>

19.2. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef gagnaðili fjármálagernings stendur ekki við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhættu má skipta í útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, landsáhættu og atvinnugreinaáhættu.

Útlánaáhætta er sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum. Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar, skuldaviðurkenningar og innlán, en dæmi um aðra samninga sem geta falið í sér útlánaígildi eru afleiðusamningar. Útlánaáhætta er m.a. metin á grundvelli mats á lánshæfi stærstu útgefenda ásamt því að fylgjast með þróun vanskila.

Ríkissjóður Íslands er með opinbera lánshæfiseinkunn frá stóru alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtækjunum. Ríkissjóður er með einkunnina A frá Standard & Poor's (S&P) þegar kemur að langtíma skuldbindingum. Hluti af mótaðilum sameignardeildar er jafnframt með lánshæfismat í fjárfestingarflokki (e. investment-grade).

Útlánaáhætta, lánshæfismat miðast við 31.12.2022

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Skuldabréf m. ábyrgð ríkissjóðs, lánshæfismat A frá S&P	160.634.454	173.861.975	14,0%	14,8%
Mótaðilar með lánshæfismat í fjárfestingarflokki	14.477.491	9.997.300	1,3%	0,9%
Sértryggð skuldabréf	62.891.866	58.489.741	5,5%	5,0%
Önnur skuldabréf	93.228.922	84.486.396	8,1%	7,2%
Varúðarniðurfærsla vegna annarra skuldabréfa	(1.319.521)	(1.187.389)	(0,1%)	(0,1%)
Útlán til sjóðfélaga og annarra	107.440.950	85.430.693	9,4%	7,3%
Varúðarniðurfærsla veðskuldabréfa	(1.264.954)	(1.095.400)	(0,1%)	(0,1%)
Samtals	<u>436.089.208</u>	<u>409.983.316</u>	<u>38,1%</u>	<u>35,0%</u>

Skýringar

Vanskilahlutföll sameignardeildar eru reiknuð með kennitöluaðferð. Það eru eftirstöðvar allra lána/skulda-bréfa þeirra lántaka sem eru með eitt eða fleiri lán/skuldaþréf í meira en 90 daga vanskilum sem hlutfall af eftirstöðvum allra lána/skuldaþréfa sameignardeildar. Við útreikning á vanskilahlutföllum er notast við kröfuvirði lána/skuldaþréfa, þ.e. ekki er tekið tillit til varúðarniðurfærslu.

Yfir 90 daga vanskilahlutfall:

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall 31.12.2022	Hlutfall 31.12.2021
Útlán til sjóðfélaga	730.472	429.394	0,7%	0,5%

Ekki eru yfir 90 daga vanskil á öðrum útlánum né skuldabréfum.

Í tengslum við þá efnahagslega óvissu sem var uppi vorið 2020 þegar COVID-19 barst til Íslands hóf sjóðurinn að bjóða lántökum greiðsluhlé á lánum sínum til allt að sex mánaða með möguleika á framlengingu að þeim tíma loknum.

Greiðsluhlé lána:

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall 31.12.2022	Hlutfall 31.12.2021
Útlán til sjóðfélaga	0	66.919	0,0%	0,1%

Við mat á útlánum og öðrum skuldabréfum er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörstegi. Sú tapsáhætta er gjaldfærð sem varúðarniðurfærsla á afskriftarrekning sjóðsins sbr. reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Varúðarniðurfærsla vegna útlána og skuldabréfa

Í árslok 2022	(2.584.475)
Í árslok 2021	(2.282.789)
Hækkun niðurfærslu	<u>301.686</u>

19.3. Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er hættan á því að lífeyrissjóður geti ekki staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar (greitt lífeyri) að fullu. Lífeyrstryggingaráhætta má m.a. skipta í áhættu tengdri eigna- og skuldbindingajöfnuði, lýðfræðilegri áhættu og lausafjáráhættu. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er einn mælikvarði við mat á lífeyrstryggingaráhættu, einnig er horft til hlutfalls lífeyris á móti iðgjöldum, aldursrasmsetningu sjóðfélaga og fleira.

a) Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði er hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutiðni auk forsendna um vexti og verðbólgu.

Sjóðurinn framkvæmir reglulega álagspróf og er markmið með framkvæmd álagsprófanna að meta hversu mikil áhrif ákveðnir áhættuþættir í rekstri sameignardeildar hafa á tryggingafræðilega stöðu. Þá er sérstaklega verið að meta hvort tryggingafræðileg staða verði undir -10% ef mismunandi áhættuþættir raungerast. Þetta er gert þar sem að í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða

leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Með sama hætti þarf að gera breytingar á samþykktum ef munurinn hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár.

Ekkert álagspróf setur tryggingafræðilega stöðu sjóðsins niður fyrir -10% viðmiðið.

Niðurstöður álagsprófs:

	Trygginga- fræðileg staða 2022	Trygginga- fræðileg staða 2021	Breyting trygginga- fræðilegrar stöðu 2022	Breyting trygginga- fræðilegrar stöðu 2021
Núverandi staða	(5,6%)	3,5%		
Tryggingafræðileg krafa lækkuð úr 3,5% í 3%	(14,7%)	(6,3%)	(9,1%)	(9,8%)
Líftöflur hliðrast um 2 ár	(10,3%)	(1,7%)	(4,6%)	(5,1%)
Örorkulíkur auknar um 10%	(6,2%)	2,8%	(0,6%)	(0,6%)
Vísitala neysliverðs hækkun ársins aukin um 0,5% ..	(5,9%)	3,2%	(0,2%)	(0,3%)
Gengisvísitala lækkar um 10%	(8,2%)	0,3%	(2,6%)	(3,2%)
Sjóðfélagalán lækka um 10%	(6,0%)	3,0%	(0,3%)	(0,5%)
Markaðsskuldabréf lækka um 10%	(7,2%)	1,7%	(1,6%)	(1,8%)
Erlend hlutabréf lækka um 10%	(7,9%)	0,5%	(2,3%)	(2,9%)
Innlend hlutabréf lækka um 10%	(6,6%)	2,1%	(1,0%)	(1,4%)

b) Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á að lífeyrissjóður hafi ekki nægjanlegt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum. Skipta má lausafjánhættu í seljanleikaáhættu og útstreymisáhættu.

Seljanleikaáhætta lýtur að því að ekki sé unnt að selja tiltekna fjármálagerninga innan tiltekins tíma. Stærsti hluti eigna sameignardeildar eru skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs og skráð verðbréf sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Það á við þessa eignaflokka eins og aðra að takmörkuð eftirspurn og erfiðleikar á fjármálamörkuðum geta haft áhrif á verðmyndun og seljanleika þeirra.

Laust fé, skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs og skráð verðbréf sem hlutfall af eignum:

	2022	2021
Innlán og peningamarkaðssjóðir	1,3%	1,1%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	14,0%	14,8%
Erlend skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir	32,3%	36,0%
Innlend skráð hlutabréf	12,8%	15,0%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnanna og fyrirtækja	13,2%	11,6%
Samtals	73,6%	78,5%

Útstreymisáhætta vísar hins vegar til hættunnar á því að ekki sé unnt að standa við greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eða uppgjörs samninga sem sjóðurinn hefur undirgengist, t.d. vegna verðbréfavíðskipta.

Til að lágmarka útstreymisáhættu er fylgst með útstreymi greidds lífeyris og innstreymi iðgjalda og afborgana/arðgreiðslna af verðbréfum. Ef hlutfall milli lífeyris og iðgjalda er minna en 100% þýðir það að það er meira innstreymi af iðgjöldum til sjóðsins heldur en sjóðurinn greiðir út í lífeyri, þ.e. nettó innstreymi fjármagns til sjóðsins.

Skýringar

Hlutfall lífeyris af iðgjöldum:

	2022	2021
Lífeyrir	25.521.753	22.207.308
Iðgjöld	39.880.919	36.128.283
Lífeyrisbyrði	64,0%	61,5%

19.4. Rekstraráhætta

Undir rekstraráhættu fellur m.a. hættan á fjárhagslegu tapi eða neikvæðum áhrifum á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri reglna, verkferla, upplýsingakerfa, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta í rekstrarumhverfi sjóðsins.

Skilvirkar leiðir til að draga úr rekstraráhættu eru skýrar innri reglur, starfslýsingar, verkferlar sem skilgreina verklag við helstu verkþætti og skýrt skipurit. Til þess að draga úr rekstraráhættu hefur sjóðurinn innleitt rafrænt skjalakerfi. Hluti af skjalakerfinu er gæðahandbók sem inniheldur öll gæðaskjöl sjóðsins. Þetta eru stefnur, reglur, meginferlar, verklagsreglur, vinnulýsingar, sniðmát og önnur skjöl. Með notkun gæðahandbókar í rekstri sjóðsins er gætt að því að verklag sé samræmt í starfsemi sjóðsins, það gert aðgengilegt á miðlægum stað með það að markmiði að draga úr rekstraráhættu.

Undir rekstraráhættu flokkast jafnframt pólitísk áhætta, en hún er skilgreind sem áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins eða skerði eignir hans, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kunna að skapa. Undir þetta falla t.a.m. breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjorsreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum og heimildum til fjárfestinga.

Áhætta vegna netógnna hefur aukist hér á landi sem og annarsstaðar og hefur áhættan raungerst hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum hér á landi í formi netárása með tilheyrandi tjóni fyrir starfsemi þeirra. Undanfarin ár hefur sjóðurinn lagt aukna áherslu á netvarnir og á árinu 2022 var framkvæmt sérstakt áhættumat vegna netógnna. Úr þeirri vinnu urðu til úrbótaverkefni sem unnið hefur verið að til að styrkja varnir sjóðsins. Sjóðurinn mun áfram vinna að því að auka þekkingu sína, miðla til starfsfólks og efla varnir sínar.

19.5. Áhætta tengd loftslagsbreytingum

Algengast er að skipta loftslagsáhættu í tvo meginflokka. Annars vegar raunlæga áhættu (e. physical risk) og hins vegar umbreytingaráhættu (e. transition risk).

Raunlæg áhætta er sú áhætta sem stafar af loftslagsbreytingum á innviði samfélaga, rekstur fyrirtækja og opinberra aðila vegna breytinga á framboði á vatni, uppsprettu vatns og gæðum vatns; breytinga á fæðuöryggi; breytinga á líffræðilegum fjölbreytileika; hitabreytinga sem hafa neikvæð áhrif á landareignir aðila, starfsemi þeirra, aðfangakeðjur og öryggi starfsfólks.

Umbreytingaryfir í hagkerfi sem eru minna háð kolefni munu líklega hafa í för með sér viðtækar stefnubreytingar, breytingar á lögum og reglum, breytingar á tækni, breytingar á neysluvenjum og breytingar á mörkuðum. Það fer eftir eðli, hraða og áherslum þessara umbreytinga hver áhrifin verða á fyrirtæki, stofnanir, samfélög og hagkerfi.

Um nokkurt skeið hefur sjóðurinn horft til atriða tengt umhverfisþáttum við mat á fjárfestingarkostum. Unnið er að innleiðingu á stefnu um ábyrgar fjárfestingar þar sem skerpt er á áherslum í þessum málaflokki. Sjóðurinn mun í meira mæli en áður horfa til áhættapátta tengt umhverfisþáttum við mat á fjárfestingarkostum og til framtíðar er stefnt á að geta greint áhættu vegna loftslagsbreytinga í eignasöfnum sjóðsins að því marki sem aðgengileg gögn, tæki og tól leyfa.

Meðal annars til að bregðast við þessari áhættu hefur sjóðurinn mótað sér stefnu um útilokun úr eignasöfnum sjóðsins.

20. Áhættuþættir í Verðbréfaeign, séreignardeild

Hér er fjallað um helstu áhættuþætti í starfsemi Verðbréfaeignar, séreignardeildar. Almenna umfjöllun um hvern áhættuþátt má sjá í skýringu 19 hér að framan.

20.1. Fjárhagsleg áhætta

a) Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Hluti skuldabréfa Verðbréfaeignar er færður til bókar á gangvirði og hluti á upphaflegri ávöxtunarkröfu við kaup. Sá hluti sem færður er til bókar á gangvirði er næmur fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði. Hér að neðan má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hefur á gangvirði skuldabréfa sem færð eru til bókar á gangvirði, hreina eign og tryggingafræðilega stöðu. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta og hins vegar að ávöxtunarkrafan hækki um 100 punkta. 100 punkta breyting samsvarar eins prósentustigs breytingu á ávöxtunarkröfu.

Áhrif á hreina eign Verðbréfaeignar:

Breyting á ávöxtunarkröfu:	31.12.2022 100 punkta lækkun	31.12.2022 100 punkta hækkun	31.12.2021 100 punkta lækkun	31.12.2021 100 punkta hækkun
Verðtryggð skuldabréf færð á gangvirði	56.871	(55.377)	74.422	(72.224)
Óverðtryggð skuldabréf færð á gangvirði	24.467	(24.011)	28.205	(27.712)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>81.338</u>	<u>(79.387)</u>	<u>102.628</u>	<u>(99.935)</u>
Hrein eign	19.129.315	19.129.315	19.785.724	19.785.724
Breyting á hreinni eign	<u>81.338</u>	<u>(79.387)</u>	<u>102.628</u>	<u>(99.935)</u>
Hrein eign eftir breytt gangvirði	<u>19.210.653</u>	<u>19.049.928</u>	<u>19.888.352</u>	<u>19.685.789</u>
Áhrif sem hlutfall af hreinni eign	0,4%	(0,4%)	0,5%	(0,5%)

b) Markaðsáhætta

Stór hluti eigna Verðbréfaeignar er í markaðsverðbréfum, bæði hlutabréfum og skuldabréfum. Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru að mestu leyti í skráðum eignum, en þó er hluti af fjárfestingum einnig í óskráðum eignum.

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir:

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	3.261.834	3.777.167	17,0%	19,1%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	7.502.704	8.228.135	39,2%	41,5%
Samtals	<u>10.764.538</u>	<u>12.005.302</u>	<u>56,2%</u>	<u>60,6%</u>

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir Verðbréfaeignar og áhrif sem hlutfall af hreinni eign eru sýnd hér að neðan.

Skýringar

Áhrif á hreina eign Verðbréfaléiðar:

	31.12.2022	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2021
Breyting á gangvirði:	-5%	-10%	-5%	-10%
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabréfasjóði	(163.092)	(326.183)	(188.858)	(377.717)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabréfasjóði	(375.135)	(750.270)	(411.407)	(822.813)
Samtals gangvirðisbreyting	(538.227)	(1.076.453)	(600.265)	(1.200.530)
Hrein eign	19.129.315	19.129.315	19.785.724	19.785.724
Breyting á hreinni eign	(538.227)	(1.076.453)	(600.265)	(1.200.530)
Hrein eign eftir breytt gangvirði	<u>18.591.088</u>	<u>18.052.862</u>	<u>19.185.459</u>	<u>18.585.194</u>
Áhrif sem hlutfall af hreinni eign	(2,8%)	(5,6%)	(3,0%)	(6,1%)

c) Gjaldmiðlaáhætta

Meirihluti eigna Verðbréfaléiðar í árslok 2022 er í íslenskum krónum en um 43,6% er í erlendri mynt, sem svarar til 8,3 milljarða króna. Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur Verðbréfaléiðar.

Skipting eigna eftir myntum:

Mynt	Fjárhæð 2022	Fjárhæð 2021	Hlutfall af eignum 2022	Hlutfall af eignum 2021
USD	5.196.497	5.531.637	27,1%	27,9%
EUR	1.112.747	1.127.724	5,8%	5,7%
DKK	363.467	456.360	1,9%	2,3%
GBP	423.788	449.820	2,2%	2,3%
JPY	376.553	372.468	2,0%	1,9%
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	875.419	907.335	4,6%	4,6%
Samtals	<u>8.348.471</u>	<u>8.845.344</u>	<u>43,6%</u>	<u>44,7%</u>

Í töflunni hér að neðan eru sýnd hvaða áhrif 5% og 10% styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á gangvirði eigna Verðbréfaléiðar í erlendri mynt, hreina eign og áhrif sem hlutfall af hreinni eign.

Áhrif á hreina eign Verðbréfaleiðar:

	31.12.2022 5%	31.12.2022 10%	31.12.2021 5%	31.12.2021 10%
Styrking á gengi íslensku krónunnar:				
USD	(259.825)	(519.650)	(276.582)	(553.164)
EUR	(55.637)	(111.275)	(56.386)	(112.772)
DKK	(18.173)	(36.347)	(22.818)	(45.636)
GBP	(21.189)	(42.379)	(22.491)	(44.982)
JPY	(18.828)	(37.655)	(18.623)	(37.247)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(43.771)	(87.542)	(45.367)	(90.733)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>(417.423)</u>	<u>(834.848)</u>	<u>(442.267)</u>	<u>(884.534)</u>
Hrein eign	19.129.315	19.129.315	19.785.724	19.785.724
Breyting á hreinni eign	(417.423)	(834.848)	(442.267)	(884.534)
Hrein eign eftir breytt gangvirði	<u>18.711.892</u>	<u>18.294.467</u>	<u>19.343.457</u>	<u>18.901.190</u>
Áhrif sem hlutfall af hreinni eign	(2,2%)	(4,4%)	(2,2%)	(4,5%)

20.2. Mótaðilaáhætta

Ríkissjóður Íslands er með opinbera lánshæfiseinkunn frá stóru alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtækjunum. Ríkissjóður er með einkunnina A frá Standard & Poor's (S&P) þegar kemur að langtíma skuldbindingum. Hluti af mótaðilum Verðbréfaleiðar er jafnframt með lánshæfismat í fjárfestingarflokki (e. investment-grade).

Útlánaáhætta, lánshæfismat miðast við 31.12.2022

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Skuldabréf m.ábyrgð ríkissjóðs, lánshæfismat A frá S&P	2.681.104	2.928.662	14,0%	14,8%
Mótaðilar með lánshæfismat í fjárfestingarflokki	241.640	168.402	1,3%	0,9%
Sértrygð skuldabréf	1.049.710	985.245	5,5%	5,0%
Önnur skuldabréf	1.556.058	1.423.153	8,1%	7,2%
Varúðarniðurfærsla vegna annarra skuldabréfa	(22.024)	(20.001)	(0,1%)	(0,1%)
Útlán til sjóðfélaga og annarra	1.793.266	1.439.059	9,4%	7,3%
Varúðarniðurfærsla veðskuldabréfa	(21.113)	(18.452)	(0,1%)	(0,1%)
Samtals	<u>7.278.641</u>	<u>6.906.068</u>	<u>38,1%</u>	<u>35,0%</u>

Vanskilahlutföll Verðbréfaleiðar eru reiknuð með svonefndri kennitöluáðferð. Það eru eftirstöðvar allra lána/skuldabréfa þeirra lántaka sem eru með eitt eða fleiri lán/skuldabréf í meira en 90 daga vanskilum sem hlutfall af eftirstöðvum allra lána/skuldabréfa Verðbréfaleiðar. Við útreikning á vanskilahlutföllum er notast við kröfuvirði lána/skuldabréfa, þ.e. ekki er tekið tillit til varúðarniðurfærslu.

Skýringar

Yfir 90 daga vanskilahlutfall:

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall 31.12.2022	Hlutfall 31.12.2021
Útlán til sjóðfélaga	12.192	7.233	0,7%	0,5%

Ekki eru yfir 90 daga vanskil á öðrum útlánum né skuldabréfum.

Í tengslum við þá efnahagslega óvissu sem var uppi vorið 2020 þegar COVID-19 barst til Íslands hóf sjóðurinn að bjóða lántökum greiðsluhlé á lánum sínum til allt að sex mánaða með möguleika á framlengingu að þeim tíma loknum.

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall 31.12.2022	Hlutfall 31.12.2021
Útlán til sjóðfélaga	0	1.109	0,0%	0,1%

Við mat á útlánum og öðrum skuldabréfum er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörstegi. Sú tapsáhætta er gjaldfærð sem varúðarniðurfærsla á afskriftarreikning sjóðsins sbr. reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Varúðarniðurfærsla vegna útlána og skuldabréfa

Í árslok 2022	(43.137)
Í árslok 2021	(38.453)
Hækkun niðurfærslu	4.684

20.3. Lausafjánhætta

Við mat á lausafjánhættu Verðbréfaeiddar er m.a. horft til eigna sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Stærstur hluti Verðbréfaeiddar eru eignir sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Það á við þessa eignaflokka eins og aðra að takmörkuð eftirspurn og erfiðleikar á fjármálamörkuðum getur haft áhrif á verðmyndun og seljanleika þeirra.

Laust fé, skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs og skráð verðbréf sem hlutfall af eignum:

	2022	2021
Innlán og peningamarkaðssjóðir	1,3%	1,1%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	14,0%	14,8%
Erlend skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir	32,3%	36,0%
Innlend skráð hlutabréf	12,8%	15,0%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnanna og fyrirtækja	13,2%	11,6%
Samtals	73,6%	78,5%

20.4. Rekstraráhætta

Sjá umfjöllun í kafla 19.4.

20.5. Áhætta tengd loftslagsbreytingum

Sjá umfjöllun í kafla 19.5.

21. Áhættuþættir í Ævileið I, séreignardeild

Hér fyrir neðan er fjallað um helstu áhættuþætti í starfsemi Ævileiðar I, séreignardeildar. Almenna umfjöllun um hvern áhættuþátt má sjá í skýringu 19 hér að framan.

21.1. Fjárhagsleg áhætta

a) Markaðsáhætta

Töluverður hluti eigna Ævileiðar I er í markaðsverðbréfum, bæði hlutabréfum og skuldabréfum. Eignarhlutur í félögum og sjóðum eru að mestu leyti í skráðum eignum.

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir:

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	610.122	486.081	18,1%	17,0%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	892.494	908.616	26,5%	31,8%
Samtals	<u>1.502.616</u>	<u>1.394.697</u>	<u>44,6%</u>	<u>48,8%</u>

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir Ævileiðar I og áhrif sem hlutfall af hreinni eign eru sýnd hér að neðan.

Áhrif á hreina eign Ævileiðar I:

	31.12.2022	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2021
Breyting á gangvirði:	-5%	-10%	-5%	-10%
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabréfasjóði	(30.506)	(61.012)	(24.304)	(48.608)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabréfasjóði	(44.625)	(89.249)	(45.431)	(90.862)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>(75.131)</u>	<u>(150.261)</u>	<u>(69.735)</u>	<u>(139.470)</u>
Hrein eign	3.366.211	3.366.211	2.860.480	2.860.480
Breyting á hreinni eign	(75.131)	(150.261)	(69.735)	(139.470)
Hrein eign eftir breytt gangvirði	<u>3.291.080</u>	<u>3.215.950</u>	<u>2.790.745</u>	<u>2.721.010</u>
Áhrif sem hlutfall af hreinni eign	(2,2%)	(4,5%)	(2,4%)	(4,9%)

Skýringar

b) Gjaldmiðlaáhætta

Meirihluti eigna Ævileiðar I í árslok 2022 er í íslenskum krónum en um 26,5% er í erlendri mynt, sem svarar til 892,5 milljóna króna. Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur Ævileiðar I.

Skipting eigna eftir myntum:

Mynt	Fjárhæð 2022	Fjárhæð 2021	Hlutfall af eignum 2022	Hlutfall af eignum 2021
USD	607.221	619.149	18,0%	21,6%
EUR	99.478	109.399	3,0%	3,8%
JPY	44.163	50.901	1,3%	1,8%
GBP	29.539	31.369	0,9%	1,1%
DKK	5.884	5.424	0,2%	0,2%
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	106.230	92.381	3,2%	3,2%
Samtals	<u>892.514</u>	<u>908.624</u>	<u>26,5%</u>	<u>31,8%</u>

Í töflunni hér að neðan eru sýnd hvaða áhrif 5% og 10% styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á gangvirði eigna Ævileiðar I í erlendri mynt, hreina eign og áhrif sem hlutfall af hreinni eign.

Áhrif á hreina eign Ævileiðar I:

	31.12.2022 5%	31.12.2022 10%	31.12.2021 5%	31.12.2021 10%
Styrking á gengi íslensku krónunnar:				
USD	(30.361)	(60.722)	(30.957)	(61.915)
EUR	(4.974)	(9.948)	(5.470)	(10.940)
JPY	(2.208)	(4.416)	(2.545)	(5.090)
GBP	(1.477)	(2.954)	(1.568)	(3.137)
DKK	(294)	(588)	(271)	(542)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(5.311)	(10.623)	(4.619)	(9.238)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>(44.625)</u>	<u>(89.251)</u>	<u>(45.430)</u>	<u>(90.862)</u>
Hrein eign	3.366.211	3.366.211	2.860.480	2.860.480
Breyting á hreinni eign	(44.625)	(89.251)	(45.430)	(90.862)
Hrein eign eftir breytt gangvirði	<u>3.321.586</u>	<u>3.276.960</u>	<u>2.815.050</u>	<u>2.769.618</u>
Áhrif sem hlutfall af hreinni eign	(1,3%)	(2,7%)	(1,6%)	(3,2%)

21.2. Mótaðilaáhætta

Ríkissjóður Íslands er með opinbera lánshæfiseinkunn frá stóru alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtækjunum. Ríkissjóður er með einkunnina A frá Standard & Poor's (S&P) þegar kemur að langtíma skuldbindingum. Hluti af mótaðilum Ævileiðar I er jafnframt með lánshæfismat í fjárfestingarflokki (e. investment-grade).

Útlánaáhætta, lánshæfismat miðast við 31.12.2022

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Skuldabréf m. ábyrgð ríkissjóðs, lánshæfismat A frá S&P	343.954	266.033	10,2%	9,3%
Mótaðilar með lánshæfismat í fjárfestingarflokki	149.039	13.679	4,4%	0,5%
Sértryggð skuldabréf	460.979	379.410	13,7%	13,3%
Önnur skuldabréf	750.554	699.112	22,3%	24,4%
Samtals	<u>1.704.526</u>	<u>1.358.234</u>	<u>50,6%</u>	<u>47,5%</u>

Ekki eru yfir 90 daga vanskil á skuldabréfum í eigu Ævileiðar I.

21.3. Lausafjáraáhætta

Við mat á lausafjáraáttu Ævileiðar I er m.a. horft til eigna sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Stærstur hluti Ævileiðar I eru eignir sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Það á við þessa eignaflokka eins og aðra að takmörkuð eftirspurn og erfiðleikar á fjármálamörkuðum geta haft áhrif á verðmyndun og seljanleika þeirra.

Laust fé, skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs og skráð verðbréf sem hlutfall af eignum:

	2022	2021
Innlán og peningamarkaðssjóðir	4,7%	3,8%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	10,2%	9,3%
Erlend skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir	26,5%	31,8%
Innlend skráð hlutabréf	18,1%	17,0%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnanna og fyrirtækja	38,5%	33,6%
Samtals	<u>98,0%</u>	<u>95,5%</u>

21.4. Rekstraráhætta

Sjá umfjöllun í kafla 19.4.

21.5. Áhætta tengd loftslagsbreytingum

Sjá umfjöllun í kafla 19.5.

Skýringar

22. Áhættuþættir í Ævileið II, séreignardeild

Hér fyrir neðan er fjallað um helstu áhættuþætti í starfsemi Ævileiðar II, séreignardeildar. Almenna umfjöllun um hvern áhættuþátt má sjá í skýringu 19 hér að framan.

22.1. Fjárhagsleg áhætta

a) Markaðsáhætta

Hluti eigna Ævileiðar II er í markaðsverðbréfum, bæði hlutabréfum og skuldabréfum. Eignarhlutur í félögum og sjóðum eru að mestu leyti í skráðum eignum.

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir:

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	282.187	174.584	10,3%	7,5%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	354.590	387.564	13,0%	16,7%
Samtals	<u>636.777</u>	<u>562.148</u>	<u>23,3%</u>	<u>24,2%</u>

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir Ævileiðar II og áhrif sem hlutfall af hreinni eign eru sýnd hér að neðan.

Áhrif á hreina eign Ævileiðar II:

	31.12.2022	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2021
Breyting á gangvirði:	-5%	-10%	-5%	-10%
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabréfasjóði	(14.109)	(28.219)	(8.729)	(17.458)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabréfasjóði	(17.730)	(35.459)	(19.378)	(38.756)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>(31.839)</u>	<u>(63.678)</u>	<u>(28.107)</u>	<u>(56.214)</u>
Hrein eign	2.731.027	2.731.027	2.325.064	2.325.064
Breyting á hreinni eign	(31.839)	(63.678)	(28.107)	(56.214)
Hrein eign eftir breytt gangvirði	<u>2.699.188</u>	<u>2.667.349</u>	<u>2.296.957</u>	<u>2.268.850</u>
Áhrif sem hlutfall af hreinni eign	(1,2%)	(2,3%)	(1,2%)	(2,4%)

b) Gjaldmiðlaáhætta

Meirihluti eigna Ævileiðar II í árslok 2022 er í íslenskum krónum en um 13,0% er í erlendri mynt, sem svarar til 354,6 milljóna króna. Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur Ævileiðar II.

Skipting eigna eftir myntum:

Mynt	Fjárhæð 2022	Fjárhæð 2021	Hlutfall af eignum 2022	Hlutfall af eignum 2021
USD	241.300	265.490	8,8%	11,4%
EUR	37.188	49.972	1,4%	2,1%
JPY	19.484	21.523	0,7%	0,9%
GBP	13.056	13.042	0,5%	0,6%
DKK	2.591	2.439	0,1%	0,1%
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	40.983	35.111	1,5%	1,5%
Samtals	<u>354.602</u>	<u>387.577</u>	<u>13,0%</u>	<u>16,6%</u>

Í töflunni hér að neðan eru sýnd hvaða áhrif 5% og 10% styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á gangvirði eigna Ævileiðar II í erlendri mynt, hreina eign og áhrif sem hlutfall af hreinni eign.

Áhrif á hreina eign Ævileiðar II:

	31.12.2022 5%	31.12.2022 10%	31.12.2021 5%	31.12.2021 10%
Styrking á gengi íslensku krónunnar:				
USD	(12.065)	(24.130)	(13.275)	(26.549)
EUR	(1.859)	(3.719)	(2.499)	(4.997)
JPY	(974)	(1.948)	(1.076)	(2.152)
GBP	(653)	(1.306)	(652)	(1.304)
DKK	(130)	(259)	(122)	(244)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(2.049)	(4.098)	(1.756)	(3.511)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>(17.730)</u>	<u>(35.460)</u>	<u>(19.380)</u>	<u>(38.757)</u>
Hrein eign	2.731.027	2.731.027	2.325.064	2.325.064
Breyting á hreinni eign	(17.730)	(35.460)	(19.380)	(38.757)
Hrein eign eftir breytt gangvirði	<u>2.713.297</u>	<u>2.695.567</u>	<u>2.305.684</u>	<u>2.286.307</u>
Áhrif sem hlutfall af hreinni eign	(0,6%)	(1,3%)	(0,8%)	(1,7%)

Skýringar

22.2. Mótaðilaáhætta

Ríkissjóður Íslands er með opinbera lánshæfiseinkunn frá stóru alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtækjunum. Ríkissjóður er með einkunnina A frá Standard & Poor's (S&P) þegar kemur að langtíma skuldbindingum. Hluti af mótaðilum Ævileiðar II er jafnframt með lánshæfismat í fjárfestingarflokki (e. investment-grade).

Útlánaáhætta, lánshæfismat miðast við 31.12.2022

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Skuldabréf m. ábyrgð ríkissjóðs, lánshæfismat A frá S&P	628.949	564.078	23,0%	24,3%
Mótaðilar með lánshæfismat í fjárfestingarflokki	128.968	13.679	4,7%	0,6%
Sértryggð skuldabréf	504.057	467.006	18,5%	20,1%
Önnur skuldabréf	758.701	656.502	27,8%	28,2%
Samtals	<u>2.020.675</u>	<u>1.701.265</u>	<u>74,0%</u>	<u>73,2%</u>

Ekki eru yfir 90 daga vanskil á skuldabréfum í eigu Ævileiðar II.

22.3. Lausafjáraáhætta

Við mat á lausafjáraáhattu Ævileiðar II er m.a. horft til eigna sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Stærstur hluti Ævileiðar II eru eignir sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Það á við þessa eignaflokka eins og aðra að takmörkuð eftirspurn og erfiðleikar á fjármálamörkuðum geta haft áhrif á verðmyndun og seljanleika þeirra.

Laust fé, skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs og skráð verðbréf sem hlutfall af eignum:

	2022	2021
Innlán og peningamarkaðssjóðir	2,7%	2,7%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	23,0%	24,3%
Erlend skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir	13,0%	16,7%
Innlend skráð hlutabréf	10,3%	7,5%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnanna og fyrirtækja	49,3%	45,1%
Samtals	<u>98,3%</u>	<u>96,3%</u>

22.4. Rekstraráhætta

Sjá umfjöllun í kafla 19.4.

22.5. Áhætta tengd loftslagsbreytingum

Sjá umfjöllun í kafla 19.5.

23. Áhættuþættir í Ævileið III, séreignardeild

Hér fyrir neðan er fjallað um helstu áhættuþætti í starfsemi Ævileiðar III, séreignardeildar. Almenna umfjöllun um hvern áhættuþátt má sjá í kafla skýringu 19 hér að framan.

23.1. Mótaðilaáhætta

Ríkissjóður Íslands er með opinbera lánsþæfiseinkunn frá stóru alþjóðlegu lánsþæfismatsfyrirtækjunum. Ríkissjóður er með einkunnina A frá Standard & Poor's (S&P) þegar kemur að langtíma skuldbindingum.

Útlánaáhætta, lánsþæfismat miðast við 31.12.2022

	Fjárhæð 31.12.2022	Fjárhæð 31.12.2021	Hlutfall af eignum 31.12.2022	Hlutfall af eignum 31.12.2021
Skuldabréf m. ábyrgð ríkissjóðs, lánsþæfismat A frá S&P	841.000	765.305	47,3%	48,8%
Sértrygð skuldabréf	264.090	233.178	14,8%	14,9%
Önnur skuldabréf	291.319	181.601	16,4%	11,6%
Samtals	<u>1.396.409</u>	<u>1.180.084</u>	<u>78,5%</u>	<u>75,3%</u>

Ekki eru yfir 90 daga vanskil á skuldabréfum í eigu Ævileiðar III.

23.2. Lausafjáraáhætta

Við mat á lausafjáraáttu Ævileiðar III er m.a. horft til eigna sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Stærstur hluti Ævileiðar III eru eignir sem almennt teljast til seljanlegra eigna. Það á við þessa eignaflokka eins og aðra að takmörkuð eftirspurn og erfiðleikar á fjármálamörkuðum geta haft áhrif á verðmyndun og seljanleika þeirra.

Laust fé, skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs og skráð verðbréf sem hlutfall af eignum:

	2022	2021
Innlán og peningamarkaðssjóðir	21,5%	24,7%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	47,3%	48,8%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnanna og fyrirtækja	31,2%	26,4%
Samtals	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

23.3. Rekstraráhætta

Sjá umfjöllun í kafla 19.4.

23.4. Áhætta tengd loftslagsbreytingum

Sjá umfjöllun í kafla 19.5.

Kennitölur

24. Fimm ára yfirlit sameignardeildar	2022	2021	2020	2019	2018
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt sameignardeildar					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(5,6%)	3,5%	10,6%	8,4%	5,3%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	(6,9%)	12,2%	17,1%	14,0%	7,1%
Ávöxtun					
Hrein nafnávöxtun *	(3,6%)	16,9%	14,7%	18,7%	4,3%
Raunávöxtun *	(11,8%)	11,6%	11,0%	15,8%	1,1%
Hrein raunávöxtun *	(11,9%)	11,5%	10,8%	15,6%	1,0%
Hrein nafnávöxtun (allt á markaðsverði) *	(6,2%)	16,9%	14,8%	19,7%	4,4%
Hrein raunávöxtun (allt á markaðsverði) *	(14,2%)	11,5%	11,0%	16,6%	1,1%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar:					
síðustu 5 ára	4,9%	8,8%	6,2%	6,1%	4,8%
síðustu 10 ára	5,3%	7,6%	6,7%	6,0%	4,6%
síðustu 20 ára	4,6%	5,2%	4,5%	4,1%	3,9%
síðustu 30 ára	4,9%	5,5%	5,4%	5,2%	4,9%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	47,8%	53,8%	52,6%	48,2%	44,3%
Skráð skuldabréf	27,8%	26,5%	28,2%	28,6%	33,6%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	13,7%	10,8%	8,1%	7,7%	6,7%
Óskráð skuldabréf	10,7%	8,9%	11,1%	15,5%	15,4%
Bundnar bankainnstæður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Aðrar fjárfestingar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum	56,2%	54,9%	56,5%	60,3%	64,6%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals	43,8%	45,1%	43,5%	39,7%	35,4%
Fjöldi					
Fjöldi virkra sjóðfélaga	36.512	35.854	35.697	36.503	36.788
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	182.768	178.661	175.193	174.963	171.158
Fjöldi lífeyrisþega	22.115	21.044	19.813	18.452	17.083
Stöðugildi	54,2	51,1	49,7	46,8	43,4
Hlutfallsleg skipting lífeyris					
Ellilífeyrir	77,5%	76,7%	76,3%	76,4%	75,5%
Örorkulífeyrir	17,5%	17,9%	18,2%	17,8%	18,4%
Makalífeyrir	4,4%	4,7%	4,7%	5,1%	5,3%
Barnalífeyrir	0,6%	0,7%	0,8%	0,7%	0,8%
Aðrar kennitölur					
Lífeyrisbyrði	62,6%	60,2%	53,3%	46,0%	44,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostn. alls í % af iðgjöldum	3,5%	3,4%	3,4%	3,0%	2,9%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.	(3,6%)	15,7%	13,8%	17,2%	4,3%
Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna	0,13%	0,12%	0,13%	0,14%	0,15%
Fjárhæðir á föstu verðlagi (allar deildir í milljónum króna)					
Iðgjöld alls	42.535	42.043	41.192	43.713	41.822
Lífeyrir alls	26.618	25.313	21.943	20.124	18.387
Hreinar fjárfestingartekjur alls	(42.441)	190.145	149.016	161.530	36.222
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	1.497	1.427	1.406	1.322	1.228
Hækkun á hreinni eign	(28.021)	205.447	166.859	183.797	58.428

* Ávöxtun er reiknuð skv. reglum FME (ekki daglegt gengi eigna)

25. Fimm ára yfirlit séreignardeildar	2022	2021	2020	2019	2018
Séreignardeild – Verðbréfaeið					
Hrein nafnávöxtun *	(3,6%)	16,9%	14,7%	18,7%	4,3%
Hrein raunávöxtun *	(11,9%)	11,5%	10,8%	15,6%	1,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár	4,9%	8,8%	6,2%	6,1%	4,8%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	1.173	1.236	1.314	1.363	1.478
Fjöldi lífeyrisþega	125	135	87	84	68
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga verðbréfaeiðar er sú sama og í sameignardeild					
Séreignardeild – Ævileið I					
Hrein nafnávöxtun *	(7,9%)	17,4%	15,4%	12,9%	0,8%
Hrein raunávöxtun *	(15,8%)	12,0%	11,5%	10,0%	(2,4%)
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár	2,4%				
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.221	2.020	1.848	1.629	1.390
Fjöldi lífeyrisþega	2	1	2	2	0
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	52,2%	58,8%	64,9%	67,8%	100,0%
Skráð skuldabréf	47,8%	41,2%	35,1%	32,2%	0,0%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Óskráð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Eignir í íslenskum krónum	72,7%	72,9%	79,0%	75,1%	73,8%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals	27,3%	27,1%	21,0%	24,9%	26,2%
Séreignardeild – Ævileið II					
Hrein nafnávöxtun *	(5,1%)	10,7%	11,6%	11,1%	3,8%
Hrein raunávöxtun *	(13,2%)	5,6%	7,8%	8,2%	0,5%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár	1,5%				
Fjöldi virkra sjóðfélaga	1.352	1.293	1.235	1.146	993
Fjöldi lífeyrisþega	25	13	5	2	1
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	31,6%	35,8%	44,5%	48,3%	100,0%
Skráð skuldabréf	68,4%	64,2%	55,5%	51,7%	0,0%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Óskráð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Eignir í íslenskum krónum	86,8%	85,7%	88,2%	84,7%	85,8%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals	13,2%	14,3%	11,8%	15,3%	14,2%
Séreignardeild – Ævileið III					
Hrein nafnávöxtun *	1,3%	1,7%	5,4%	5,8%	3,6%
Hrein raunávöxtun *	(7,3%)	(3,0%)	1,8%	3,1%	0,3%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár	(1,1%)				
Fjöldi virkra sjóðfélaga	659	673	731	775	576
Fjöldi lífeyrisþega	37	21	16	17	3
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	24,8%	22,1%	22,7%	24,2%	100,0%
Skráð skuldabréf	75,2%	77,9%	77,3%	75,8%	0,0%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Óskráð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Eignir í íslenskum krónum	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

* Ævileiðir voru stofnaðar í september 2017

** Ávöxtun er reiknuð skv. reglum FME (ekki daglegt gengi eigna)

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2022

	Sameignar- deild	Verð- bréfaleið	Ævileið I	Ævileið II	Ævileið III	Samtals 2022	Samtals 2021
Iðgjöld							
Iðgjöld sjóðfélaga	10.768.077	423.817	277.581	73.337	120.555	11.663.366	10.490.194
Iðgjöld launagreiðenda .	28.673.239	399.256	719.489	465.993	204.940	30.462.916	27.645.281
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(20.612)	(69.173)	(94.891)	96.560	36.835	(51.281)	(52.358)
	<u>39.420.705</u>	<u>753.900</u>	<u>902.178</u>	<u>635.890</u>	<u>362.329</u>	<u>42.075.002</u>	<u>38.083.117</u>
Sérstök aukaframlög	460.215	0	0	0	0	460.215	369.334
